

Ársskýrsla Álftanesskóla



2016–2017

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 4 |
| 1. Annáll skólaársins | 5 |
| 2. Hagnýtar upplýsingar | 8 |
| Stjórnendur Álftanesskóla | 8 |
| Nefndir, ráð og starfshópar | 8 |
| Skólaráð | 8 |
| Nemendaverndarráð | 8 |
| Áfallaráð | 9 |
| Starfshópar og/eða teymishópar | 9 |
| Skóladagatal | 11 |
| Nemendur skólans | 11 |
| Skóladagur nemenda | 12 |
| Tómstundaheimili – Félagsmiðstöð | 12 |
| Nemendaráð | 12 |
| Skipting námsgreina | 13 |
| Starfsmenn skólans | 14 |
| Þróunarstarf og símenntun starfsmanna | 16 |
| Endurskoðun skólanámskrár | 16 |
| Lestur og ritun | 16 |
| Greiningar og mat | 17 |
| 3. Áherslur í skólastarfi | 18 |
| Álftanesskóli: vinátta, vísindi og listir – allir eru einstakir | 18 |
| Uppbygging sjálfsaga – uppeldi til ábyrgðar | 18 |
| Haustfundir | 18 |
| 4. Samstarf heimilis og skóla | 19 |
| Skólaráð | 19 |
| Foreldrafélag Álftanesskóla | 19 |
| Bekkjafulltrúar | 19 |
| 5. Skýrslur um skólastarfið | 22 |
| Skýrsla deildarstjóra yngsta, mið- og elsta stigs | 22 |
| Yngsta stig | 26 |
| Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk | 26 |
| Miðstig | 36 |
| Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk | 36 |
| Elsta stig | 45 |

| | |
|---|----|
| Íslenska..... | 45 |
| Náttúrufræði..... | 49 |
| Lokaverkefni 10. bekkjar..... | 51 |
| Upplýsingamennt..... | 52 |
| Valgreinar á elsta stigi..... | 52 |
| Árbók..... | 52 |
| Tómstunda og félagsmálafræði..... | 52 |
| Íþróttافرæði – Gym Heilsa..... | 53 |
| Myndlist og listasmiðja..... | 54 |
| Heimilisfræði..... | 55 |
| Hönnun og smíði..... | 56 |
| Heimanámsaðstoð..... | 58 |
| Skólabókasafn..... | 59 |
| Skýrsla um sérkennslu..... | 61 |
| Skýrsla náms- og starfsráðgjafa..... | 63 |
| Skýrsla íþróttakennara..... | 70 |
| List- og verkgreinar..... | 73 |
| Textílmennt..... | 73 |
| Heimilisfræði..... | 75 |
| Hönnun og smíði..... | 82 |
| Tónmennt..... | 83 |
| Myndmennt..... | 84 |
| Skýrsla Frístundar..... | 87 |
| Aðrar námsgreinar – mið- og elsta stig..... | 89 |
| Upplýsingamennt..... | 89 |
| Útikennsla og hreyfing..... | 89 |
| Sköpun..... | 90 |
| Skýrsla grænfánavinnu..... | 90 |

Inngangur

Markmið með útgáfu ársskýrslu Álftanesskóla er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í skólanum. Auk þess að fjalla um daglegt starf koma fram ýmis atriði sem tókust mjög vel og ábendingar um það sem betur má fara. Að gerð skýrslunnar koma kennarar, deildarstjóri o.fl. auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem ritstýrir verkinu.

Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólanum er að finna á heimasíðu skólans, <http://www.alftanesskoli.is>

Skýrslan skiptist í fimm kafla, annál, hagnýtar upplýsingar, samstarf heimila og skóla, áherslur í skólastarfi, ýmsar árgangaskýrslur, skýrslu Frístundar–tómstundaheimilis og skýrslu Elítunnar félagsmiðstöðvarinnar. Skýrsluna prýða ljósmyndir úr starfi vetrarins sem gefa innsýn í þau margvíslegu viðfangsefni sem nemendur fást við.

Skýrslan er send skólaráði, stjórn foreldrafélagsins, skólanefnd Garðabæjar, forstöðumanni fræðslu- og menningarsviðs og deildarstjóra skóladeildar, auk þess sem hún er aðgengileg á vef skólans og liggur frammi á skrifstofu hans.

Álftanesskóla 01.09.2017

Erna Ingibjörg Pálsdóttir

aðstoðarskólastjóri

1. Annáll skólaársins

Álftanesskóli býr við fjölbreytta náttúru þar sem stutt er í fjörur, fjölskrúðugt fuglalíf, tjarnir og skemmtilegt umhverfi í göngufæri og er áhersla lögð á tengsl við umhverfið í skólastarfinu. Skólastarfið fer að hluta til fram utandyra og er gert ráð fyrir því að allir nemendahópar séu að lágmarki eina kennslustund í útikennslu á viku. Áhersla er á að nemendur tileinki sér ábyrgan lífsstíl og virðingu gagnvart mönnum, dýrum og umhverfi sínu.

Skólastarfið hófst með því að starfsmenn mættu til starfa 15. ágúst að loknu sumarleyfi og hófu vinnu við undirbúning skólaársins. Skólasetning var 25. ágúst að viðstöddum nemendum og foreldrum þeirra. Alltaf er jafnánægjulegt að sjá hversu margir foreldrar og forráðamenn mæta með börnum sínum við skólasetningar. Skólastarfið hófst síðan samkvæmt stundaskrá degi síðar.

Á haustin eru 60 mínútna kennslustund fyrir foreldra í „Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsgaga“ og verkefnum þess skipt á 10 árganga þannig að lokinni 10 ára skólagöngu væri foreldrið búið að fara í gegnum námsefni/fræðslu um Uppeldi til ábyrgðar og þau verkefni sem barn þess fer í á hverju skólaári.

8. september var *alþjóðlegur dagur læsis*. Í tilefni dagsins lásu kennarar á yngsta og mið stigi fyrir bekkjara sína úr bókum sem þeir héldu upp á í barnæsku. Á bókasafninu tóku nemendur þátt í paralestri og kennarar á elsta stigi ræddu við nemendur sína um orsakir og afleiðingar ólæsis í heiminum.

Alþjóðlegi Göngum í skólann dagurinn var 26. september. Þá hafa nemendur val um að ganga eða hjóla þar sem Álftanesið er kjörið fyrir hvort tveggja. Skólinn hefur ávallt hvatt bæði nemendur sem og fullorðna til að ganga eða hjóla í skólann en það er hluti af Grænfána- og Sjálfbærni-verkefnum skólans sem stuðla að heilbrigði og velferði.

Dagur Íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í nóvember. Keppendur úr Stóru upplestrarkeppninni 2015 lásu ljóð og kynnt var fyrir nemendum 7. bekkjar fyrirkomulag hennar.

Útileikar – Lesið í Nesið. 13.–14. október voru haustleikar þar sem allir nemendur og starfsmenn skólans fóru í útileiki og göngu- og/eða hjólaferðir. Markmiðið er að efla útikennslu og samskipti í útileikjum og starfi.

24. og 25. nóvember voru *Kærleikarnir* og var þema þeirra í ár „Öryggi“. Árgangar og nemendur voru paraðir saman í vinapör og útbjuggu saman hús sem er tákn öryggisins. Þau skreyttu og skrifuðu áhrifarík skilaboð á húsin til að hengja á „Kærleikstré“ í anddyrum skólans. Vinabekkir vinna saman eitt stórt hús sem fer á stofnanir í kringum skólann. Útbjuggu vinapörin einnig Öryggi (hús) með kveðju frá skólanum sem voru hengd á alla hurðarhúna í sveitarfélaginu. Kærleikarnar enda svo með tiskusýningu Grænfánans og marseringu vinapara í Íþróttamiðstöð. Einnig voru stofnunum í nágrenni skólans færðar kveðjur frá skólanum á kærleikum. Þessi vinna er liður og innlegg skólans í Jóla- og góðgerðardag Álftaness sem skipulagður er af stjórn Foreldrafélags Álftanesskóla.

Grænfána tiskusýning er árlegur viðburður og eitt af grænfánaverkefnum skólans sem eru með það meginmarkmið að tengja saman skólann og heimilin. Þátttakendur eru nemendur í 5. og 6. bekk og sýna þau búninga sem foreldrar eða fjölskyldurmeðlimir hafa tekið þátt í að búa til. Efnin sem notuð eru í sköpun á búningunum eru verðlaus og endurunnin.

Vettvangsferðir eru tengdar námsefni bekkjanna og farið er á starfstíma skólans. Vorferðir eru einnig fastur liður en þær eru stuttar og oft skipulagðar þannig að nemendur geti gengið eða hjólað í næsta nágrenni skólans.

Jólaskemmtanir: Síðasta kennsludag fyrir jól eru jólaskemmtanir í skólanum. Nemendur mæta þá á jólaskemmtun en hefðbundin kennsla fellur niður. Árlega flytja nemendur í 4. bekk helgileik.

Kyrrðarstund: Á aðventunni er kyrrðarstund fyrir nemendur og kennara í Bessastaðakirkju. Nemendur skólans ganga til kirkju og eiga þar saman notalega stund..

Í desember unnu nemendur og starfsfólk skólans að ýmsum verkefnum tengdu jólahaldi. Í tengslum við jólastarf lá einnig frammi söfnunarbaukur þar sem lögð voru til frjáls framlög sem síðan voru nýtt til að styrkja Barnaspítala Hringins þetta árið.

Ýmsar keppnir fara fram á skólaárinu t.d. er handboltakeppni orðin að ársvissum atburði þar sem nemendalið skólans sem skipað er nemendum á elsta stigi skólans og lið kennara keppa um meistaratítil. Nemendum á miðstigi var boðið að horfa á leikinn sem og á Vorleikum skólans er keppt í knattspyrnu milli nemenda og starfsmanna skólans. Spurningakeppnir í Álftanesskóla: Að hausti var valið í skólalið og árgangalið í 7. til 10. bekk. Spurningakeppni elsta stigs fór svo fram að vanda síðustu vikuna fyrir jól.

Á öskudegi var skipulögð sérstök dagskrá í sal íþróttahússins og í skólanum þar sem nemendur og starfsfólk komu í búningum í tilefni dagsins.

Skólahátíð Stóru upplestrarkeppinnar

Á degi íslenskrar tungu 16. nóvember ár hvert, byrjar markviss þjálfun nemenda í 7. bekk vegna Stóru upplestrarkeppinnar. 2. mars voru tveir fulltrúar skólans valdir til að taka þátt í lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar. Öllum þátttakendum var afhent viðurkenningarskjal ásamt rós. Fulltrúar skólans árið 2016 eru: Valgerður Eyja Eypórsdóttir, Helga Sigríður Kolbeins og til vara Lilja Dögg Jóhannsdóttir. Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar var haldin í Kirkjuhvoli, Safnaðarheimili Vídalínskirkju 23. mars. Þátttakendur komu frá sex skólum þ.e. Álftanesskóla, Flataskóla, Hofsstaðaskóla, Sjúalandsskóla, Valhúsaskóla og Vífilsskóla.

Litla upplestarkeppnin í 4. bekk grunnskóla

Álftanesskóli hefur síðastliðin fimm ár tekið þátt í Litlu upplestrarkeppninni. Áhersla er á að keppnishugtakið feli eingöngu í sér það markmið að keppa að betri árangri, ekki að keppa við bekkjarfélagana heldur sjálfan sig og stefna stöðugt að því að bæta framsögn og upplestur. Allir nemendur í bekknum eru með í verkefninu og lauk því með upplestrarhátíð þar sem allir nemendur leggja sitt af mörkum og var hátíðin í formi samveru með foreldrum og öðrum góðum gestum og allir nemendur fengu afhent viðurkenningarskjal. Almenn ánægja hefur verið með verkefnið.

Nemendaping Álftanesskóla var haldið í þriðja sinn þriðjudaginn 28. mars. Nemendur úr 8. - 10. bekk sem eru í félagsmálavali skólans skipulögðu, settu upp og stjórnðu samræðuhópum undir verkstjórn Hjördísar J. Gísladóttur kennara síns. Þingið var haldið í Íþróttamiðstöðinni með nemendum í 5. - 10. bekk.

Reykir – Laugar

Vikuna 6.–10. febrúar dvöldu nemendur í 7. bekk ásamt umsjónarkennurum sínum í Skólabúðum að Reykjum. Það var eftirvæntingafullur hópur nemenda og foreldra þeirra sem beið við skólann eftir rútunni í bítið mánudagsmorguninn 2. feb. Lagt var af stað um kl. 9:00. All margir nemendur segja ferðina í skólabúðirnar vera það eftirminnilegasta á skólagöngunni.

Nemendur í 9. bekk skólans sóttu Ungmennabúðirnar að Laugum í Sælingsdal þrjá daga frá 13. – 17. febrúar ásamt umsjónarkennurum.

Árshátíð: Í apríl voru árshátíðir nemenda í öllum árgöngum. Nemendur undirbjuggu skemmtiatriði og á elsta stigi var hátíðarkvöldverður og ball haldið í Hátíðarsal í Íþróttahúsinu.

Ungrlistaleikarnir voru haldnir dagana 27. og 28. apríl og var þema leikanna í ár Vorvindar glaðir. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni á vinnustöðvum um allan skólann, t.d. voru veggir og stigar skólans skreyttir með tölum og stærðfræðitáknum, smíðaðir voru útibekkir úr vörubrettum og málaðir ýmiss konar útileikir víðsvegar um skólalóðina. Nemendur á elsta stigi voru dugleg við baksturinn og opnuðu kaffihús með öllu tilheyrandi í sal skólans.

19. maí var *Margæsadagurinn* haldinn hátíðlegur (haldinn sem næst Alþjóðlega Fuglaverndardeginum). Þennan dag vinna nemendur fjölbreytt verkefni tengt þessum farfugli sem einkennir umhverfi á Álftanesi á vorin. Álftanesskóli, Sveitarfélagið Álftanes, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun gerðu með sér samkomulag og samstarfssamning vorið 2004 um verndun og ábyrgð sína á búsvæði margæsarinnar hér á Álftanesi. Útivistardagar voru haldnir síðustu kennsluvikuna á þessu skólaári.

Vordagar

Íþróttadagur 7. júní. Nemendur fóru í hjólaferðir og ýmsar skoðunarferðir og enduðu með Vorleikum 5. júní. Dagana 5.–7. júní fóru nemendur í 10. bekk í sína árlega vorferð sem er samstarfsverkefni bekkjafulltrúa og skólans.

Í júní eru skipulagðir sérstakir íþróttadagar. Nemendur taka þátt í mörgum mismunandi íþróttagreinum allan þann dag. Ýmsar íþróttakeppnir milli nemenda og kennara eru haldnar á skólaárinu, s.s. fótbolta- og handboltakeppni.

Skólaslit

Skólanum var slitið við hátíðlega athöfn 8. júní. Nemendur allra bekkjardeilda mættu í íþróttasal skólans og eins og ávallt mættu mjög margir foreldrar/forráðamenn ásamt börnum sínum á skólaslitin.

Sérstök athöfn er í tilefni útskriftar nemenda í 10. bekk og fór hún fram þann 7. júní klukkan 17:00 í Hátíðarsal (matsal nemenda). Veittar eru viðurkenningar fyrir góðan námsárangur og ástundun. Að lokum buðu foreldrar upp á glæsilegt hlaðborð með fjölbreyttum veitingum.

Að venju gáfu Kvenfélag Álftaness, Lionsklúbbur Álftaness. Lionsklúbburinn Seila, Fugla- og náttúruverndarfélag Álftaness og Ungmennafélag Álftaness bækur sem viðurkenningar fyrir góðan námsárangur og ástundun ýmist í 5. bekk, 6. bekk, 7. bekk, 8. bekk eða 10. bekk.

Af framangreindu er ljóst að mjög fjölbreytt starf fór fram í Álftanesskóla á liðnu skólaári. Hér hefur verið stiklað á stóru um helstu viðburði vetrarins en frekari upplýsingar má einnig finna á vefsíðu skólans www.alftanesskoli.is

414 nemendur eru innritaðir í skólann fyrir næsta skólaár 2017-2018. Bekkjardeildir verða 21. Skóladagatal skólaársins 2017–2018 er að finna á heimasíðu skólans www.alftanesskoli.is og ennfremur er bent á atburðadagatal sem nálgast má á sömu síðu.

Erna Ingibjörg Pálsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Sveinbjörn Markús Njálsson, skólastjóri

2. Hagnýtar upplýsingar

Stjórnendur Álftanesskóla

| | |
|----------------------------|--------------------------------------|
| Sveinbjörn Markús Njálsson | skólastjóri |
| Erna Ingibjörg Pálsdóttir | aðstoðarskólastjóri |
| Steinunn Sigurbergisdóttir | deildarstjóri yngsta- og elsta stigs |

Nefndir, ráð og starfshópar

Skólaráð

Starfsfólk

Guðrún Anna Kjartansdóttir

Ingunn Óladóttir

Guðrún Ólafía Þorleifsdóttir

Guðrún Gísladóttir

Guðrún Guðfinnsdóttir

Foreldrar

Auður S. Arndal

Ásta Leonhards

Berglind Birgisdóttir

Nemendur

Heba Sól Baldursdóttir – 10. EDR

Eva Maren Jóhannsdóttir – 10. EDR

Nemendaverndarráð

Erna Ingibjörg Pálsdóttir

Kristín Helgadóttir

Steinunn Sigurbergisdóttir

Sveinbjörn Markús Njálsson

Erna Lind Davíðsdóttir

Katrín Anna Eyvindardóttir

Sveinbjörg Lovísa Hauksdóttir

Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir

Áfallaráð

Brynjólfur Brynjólfsson
Erna Ingibjörg Pálsdóttir
Kristín Helgadóttir
Steinunn Sigurbergadóttir
Sveinbjörn Markús Njálsson
Erna Lind Davíðsdóttir

Starfshópar og/eða teymishópar

Lestur og ritun
Auður Björgvinsdóttir, verkefnastjóri

Námsmat
Erna Ingibjörg Pálsdóttir

Greiningar og skimun
Sveinborg Lovísa Hauksdóttir

Uppeldi til ábyrgðar
Hildur Karlsdóttir
Grænfáninn – umhverfismennt
Nada Borosak
Katrín Halldórsdóttir
Sveinbjörn Markús Njálsson

Umsjón með heimasíðu

Alma Björk Magnúsdóttir

Trúnaðarmaður kennara

Hjördís J. Gísladóttir
Guðrún Ólafía Þorleifsdóttir

Trúnaðarmaður starfsmanna

Sólrún Ragnarsdóttir

Öryggistrúnaðarmaður kennara:

Gauti Eiríksson

Öryggistrúnaðarmaður starfsmanna:

Gunnhildur Halldórsdóttir

Stjórn foreldrafélagsins

Auður S. Arndal, formaður

Anna María Snorradóttir, varaformaður

Bergþór Júlíusson, gjaldkeri

María Elíasen, ritari

Hafrún Þorvaldsdóttir, meðstjórnandi

Selma Dagbjört Guðbergsdóttir, meðstjórnandi

Eva Lind Vestmann, meðstjórnandi

Skóladagatal

Starfsemi Álfтанesskóla var í samræmi við samþykkt skóladagatal ársins 2016-2017. Það var unnið í samráði við skólaráð skólans. Sjá nánar á heimasíðu skólans <http://alfтанesskoli.is>.

Samkvæmt skóladagatali eru skóladaga nemenda 180. Kennsludagar nemenda voru 170 og aðrir skóladagar 10 (skertir dagar). Skertir dagar eru það þegar nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar voru: tveir dagar fyrir námsviðtöl, dagur vegna jólaskeppunar, tveir Unglistadagar, öskudagur, vorleikar, alþjóðlegi fugladagurinn, skólaþing og skólaslit. Vetrarleyfi var 20.-24. febrúar, jólaþing 21. des. til og með 2. jan., páskaþing 10. mars til og með 17. mars. Kennsla féll niður á skipulagsdögum, þ.e. 24. október, 17. og 18. nóv., 2. janúar og 25. maí. Skólaslit voru 8. júní.

Nemendur skólans

Skólaárið 2016–2017 voru 418 nemendur í Álfтанesskóla, 208 drengir og 210 stúlkur. Nemendum var skipt í umsjónarhópa í hverjum árgangi og hafði hver umsjónarhópur einn umsjónarkennara.

Nemendafjöldi skiptist á eftirfarandi hátt eftir umsjónarhópum:

| | Drengir | Stúlkur | Alls | Umsjónarkennari: |
|----------------|---------|---------|------|-------------------------------|
| 1. bekkur RS | 10 | 7 | 17 | Rannveig Stefánsdóttir |
| 1. bekkur SB | 8 | 8 | 16 | Sveinbjörg Bergsdóttir |
| 1. bekkur SSB | 7 | 10 | 17 | Sigríður Birgisdóttir |
| 2. bekkur B | 10 | 13 | 23 | Brynhildur Svala Snorradóttir |
| 2. bekkur G | 12 | 10 | 22 | Guðfinna Dröfn Aradóttir |
| 3. bekkur AB | 10 | 11 | 21 | Auður Björgvinsdóttir |
| 3. bekkur AS | 11 | 11 | 22 | Anna Svanhildur Daníelsdóttir |
| 4. bekkur JKK | 10 | 11 | 21 | Jóna K. Karlsdóttir |
| 4. bekkur SVB | 11 | 11 | 22 | Sigurveig Birgisdóttir |
| 5. bekkur GÓÞ | 12 | 11 | 23 | Guðrún Ólafía Þorleifsdóttir |
| 5. bekkur SSG | 14 | 11 | 25 | Sigríður Sif Grímsdóttir |
| 6. bekkur HK | 12 | 12 | 24 | Hildur Karlsdóttir |
| 6. bekkur ÍÓ | 10 | 13 | 23 | Ingunn Óladóttir |
| 7. bekkur GAK | 14 | 5 | 19 | Guðrún Anna Kjartansdóttir |
| 7. bekkur GE | 12 | 7 | 19 | Gauti Eiríksson |
| 8. bekkur EDR | 4 | 9 | 13 | Einar Daði Reynisson |
| 8. bekkur HMK | 5 | 14 | 19 | Hanna Mjöll Káradóttir |
| 9. bekkur BÓB | 11 | 7 | 18 | Berglind Ósk Böðvarsdóttir |
| 9. bekkur SÞ | 7 | 5 | 12 | Sif Þráinsdóttir |
| 10. bekkur HJG | 9 | 13 | 22 | Hjördís J. Gísladóttir |
| 10. bekkur KH | 9 | 11 | 20 | Katrín Halldórsdóttir |
| Samtals: | 208 | 210 | 418 | |

Skóladaður nemenda

Skólastarf hófst kl. 8:15 hjá nemendum í 1.–10. bekk. Nemendur gátu mætt í skólann frá kl. 7:45 á morgnana en séð var um gæslu til kl. 8:00 þegar starfsmenn almennt mættu. Eftir að skóla lauk á daginn bauðst nemendum í 1.–4. bekk lengd viðvera til kl. 17:00 sem var starfrækt á vegum Frístundar.

Allir nemendur í 1.–6. bekk fóru út í frímínútur en þær voru á mismunandi tíma eftir árgöngum. Nemendur í 7.–10. bekk höfðu aðgang að Félagsmiðstöð í frímínútum og í hádegishléi. Skólaliðar, stuðningsfulltrúar og kennarar önnuðust frímínútnagæslu.

Nemendur á yngsta- og miðstigi fengu tuttugu mínútna nestistíma einu sinni á dag og fóru tvisvar á dag út í frímínútur (20 mín og 15 mín.). Á elsta stigi fengu nemendur 25 mínútna nestishlé og höfðu afdrep í Félagsmiðstöð í frímínútum. Hádegishlé var þrískipt, fyrst hjá nemendum í 7.–10. bekk kl. 11:35, 1.–4. bekk kl. 12:05 og 5. og 6. bekkingar fóru í hádegismat kl. 12:30.

Tómstundaheimili – Félagsmiðstöð

Frístund hefur verið starfrækt við grunnskólann undanfarin ár og forstöðumaður Frístundar er Jóhanna Aradóttir. Þá er starfrækt Félagsmiðstöð á Álftanesi. Forstöðumaður var Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir.

Nemendaráð

Við skólann starfaði nemendaráð sem kosið var af nemendum í 8. til 10. bekk í 2. viku í september. Einnig er starfandi Nemendaráð í 5.–7. bekk sem starfar í nánú samstarfi við forstöðumann Elítunnar-félagsmiðstöðvarinnar. Nemendaráð hefur það hlutverk að vera tengiliður nemenda við skólastjórn og kennara og skipuleggur dagskrá og í samstarfi við Félagsmiðstöð skipulagði og stjórnandi Nemendabíngi skólans í 5.–10. bekk. Nemendaráð kom einnig að undirbúningi árshátíðar og annarra skemmtana. Kennari félagsmálafræðivalds hafði umsjón með nemendaráði í samvinnu við deildarstjóra elsta stigs og umsjónarkennara.

Skipting námsgreina

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda kennslustunda í hverri námsgrein og heildarstundafjölda hvers árgangs.

Viðmiðunarstundaskrá

| Námsgreinar/árangur | 1.b | 2.b | 3.b | 4.b | 5.b | 6.b | 7.b | 8.b | 9.b | 10.b |
|-----------------------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|------|
| Íslenska | 7 | 7 | 6 | 6 | 7 | 7 | 6 | 5 | 5 | 5 |
| Lesstund | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Stærðfræði | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 |
| Samfél.fr., Kristnifr. Lífsleikni | 4 | 4 | 3 | 3 | 6 | 5 | 4 | 3 | 3 | 4 |
| Náttúrufræði | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| Enska | | | 1 | 1 | 2 | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 |
| Danska | | | | | | 2 | 3 | 4 | 3 | 3 |
| List- og verkgreinar | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| Smíði | * | * | * | * | * | * | * | * | * | * |
| Textílmennt | * | * | * | * | * | * | * | * | * | * |
| Myndmennt | * | * | * | * | * | * | * | * | * | * |
| Heimilisfræði | * | * | * | * | * | * | * | * | * | * |
| Tónmennt | 2 | 2 | 1 | * | * | * | | | | |
| Valgreinar | | | | | | | | 7 | 7 | 7 |
| Fjölgreinar | | | | | 3 | 3 | 3 | | | |
| Upplýsinga- og tæknimennt | 1 | 1 | 1 | 1 | * | * | * | | | |
| Bókasafn | 1 | 1 | 1 | * | * | * | * | | | |
| Leiklist | * | * | * | * | * | * | * | | | |
| Hreyfing – útvíst | | | | | * | * | * | | | |
| Íþróttir | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| Sund | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Samtals | 30 | 30 | 30 | 30 | 35 | 35 | 35 | 37 | 37 | 37 |

Blátt: kennsla er ekki í viðkomandi námsgrein. * Námsgreinar kenndar í lotu.

List- og verkgreinar: smíði, textíl, myndmennt, heimilisfræði.

Fjölgreinar: fjölbreyttar námsgreinar s.s. upplýsingamennt, bókasafn, leiklist, sköpun, hreyfing, o.fl. (mism. áherslur milli skólaára).

Nemendur í 1.–8. bekk fengu kennslu í list- og verkgreinum í 10-12 manna hópum. Kennt var í lotum og skiptu nemendur um námsgrein 4 sinnum á vetri. Nemendur skiptust í stærri hópa í fjölgreinum og skiptu um námsgrein þrisvar á vetri. Nemendur í 9.– 10. bekk unnu í þema: Víkingar, 8 hópar 2 ke.st. í viku.

Valgreinar: Nemendur í 8. bekk gátu valið 1X120mín. eða 2x60mín. valgrein (120mín á viku) en 9. - 10. bekkur um 120 mín. eða 60 mín.. valgrein (240 mín á viku)

Allir nemendur voru með tvo **íþrótt- og sundtíma** (1,5 ke.st) á viku á stundaskrá. Sund var kennt í lotum.

Starfsmenn skólans

Við skólann störfuðu 94 starfsmenn, þar af 40 kennarar, einn sérkennari, tveir námsráðgjafar, skólaritari, húsvörður, verkefnastjóri, bókasafnsfræðingur, kennsluráðgjafi, sjö stuðningsfulltrúar, tíu skólaliðar þar af voru fjórir leiðbeinendur í Frístund og umsjónarmaður Frístandar, auk fjögurra starfsmanna Félagsmiðstöðvar, skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra 1.–10. bekk og deildarstjóra sérkennslu.

Starfsmannalisti

| Nafn | Starfsheiti |
|-------------------------------|---------------------------------|
| Alma Björk Magnúsdóttir | Verkefnastjóri/forfallakennari |
| Anna Svanhildur Daníelsdóttir | Grunnskólakennari |
| Anna Thorlacius | Sérkennari |
| Auður Björgvinsdóttir | Umsjónarkennari/verkefnastjóri |
| Berglind Ósk Böðvarsdóttir | Grunnskólakennari |
| Bergþór Bjarki Guðmundsson | Félagsmiðstöð/afleysingakennari |
| Bjarni Dagur Karlsson | Félagsmiðstöð |
| Björg Ragnheiður Pálsdóttir | Tónmenntakennari |
| Björgvin Gunnarsson | Stuðningsfulltrúi |
| Björgvin Júlíus Ásgeirsson | Stuðningsfulltrúi |
| Björgvin Júníusson | Grunnskólakennari |
| Brynhildur Svala Snorradóttir | Grunnskólakennari |
| Dragi Pavlov | Skólaliði |
| Einar Daði Reynisson | Grunnskólakennari |
| Elín Sigmarsdóttir | Grunnskólakennari |
| Erla Magnúsdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Erna I. Pálsdóttir | Aðstoðarskólastjóri |
| Erna Lind Davíðsdóttir | Hjúkrunarfræðingur |
| Fannar Ingi Friðþjófsson | Félagsmiðstöð |
| Gauti Eiríksson | Grunnskólakennari |
| Guðbjörn Harðarson | Stuðningsfulltrúi |

| | |
|-------------------------------|--------------------------------|
| Guðfinna Dröfn Aradóttir | Grunnskólakennari |
| Guðrún Anna Kjartansdóttir | Grunnskólakennari |
| Guðrún Gísladóttir | Grunnskólakennari |
| Guðrún Guðfinnsdóttir | Skólaliði |
| Guðrún Kristófersdóttir | Skólasálfræðingur |
| Guðrún Ólafía Þorleifsdóttir | Grunnskólakennari |
| Gunnhildur Halldórsdóttir | Skólaliði-fyrirliði |
| Hanna Dóra Magnúsdóttir | Frístund |
| Hanna Mjöll Káradóttir | Grunnskólakennari |
| Helga Björg Flóventsdóttir | Leiðbeinandi |
| Helga K. Einarsdóttir | Ræstitæknir |
| Hera Dögg Hjaltadóttir | Skólaliði |
| Hildur Karlsdóttir | Grunnskólakennari |
| Hjördís Alexanderdóttir | Frístund |
| Hjördís Jóna Gísladóttir | Grunnskólakennari |
| Ingunn Elísabet Viktorsdóttir | Leiðbeinandi – forfallakennsla |
| Ingunn Óladóttir | Grunnskólakennari |
| Jóhanna Aradóttir | Umsjónarmaður Frístundar |
| Jón Ragnar Jónsson | Húsvörður |
| Jóna Ágústa Helgadóttir | Skólaliði |
| Jóna Karólína Karlsdóttir | Grunnskólakennari |
| Jóna Konráðsdóttir | Ræstitæknir |
| Katrín Anna Eyvindardóttir | Námsráðgjafi/sérkennari |
| Katrín Jónína Gunnarsdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Katrín Halldórsdóttir | Grunnskólakennari |
| Kristinn Orri Erlendsson | Stuðningsfulltrúi |
| Kristín Fjóla Bergþórsdóttir | Grunnskólakennari |
| Kristín Helgadóttir | Náms-og starfsráðgjafi |
| Kristjana Óskarsdóttir | Frístund |
| Linda B. Thorlacius | Grunnskólakennari |
| Magnús Jökull Traustason | Frístund |
| Margrét Guðlaugsdóttir | Ritari |
| Nada Borosak | Grunnskólakennari |
| Nana Mardíana | Skólaliði |
| Nanna Björk Bárðardóttir | Grunnskólakennari |
| Ólöf Anna Rudolfsdóttir | Félagsmiðstöð |
| Praiwán Ketsee | Skólaliði |

| | |
|---------------------------------|---------------------------------|
| Ragnar Elvar Arinbjarnarson | Grunnskólakennari |
| Ragnheiður Ólafsdóttir | Grunnskólakennari |
| Rakel Tanja Bjarnadóttir | Félagsmiðstöð – leiðbeinandi |
| Rannveig Kristín Stefánsdóttir | Grunnskólakennari |
| Rikke Poulsen | Leiðbeinandi |
| Samúel Ívar Árnason | Grunnskólakennari |
| Sandra Mjöll Andrésdóttir | Forfallakennari |
| Selma Edda Guðmundsdóttir | Frístund |
| Sesselja Tómasdóttir | Grunnskólakennari |
| Sif Þráinsdóttir | Grunnskólakennari |
| Sigríður Birgisdóttir | Grunnskólakennari |
| Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir | Forstöðumaður Elítunnar |
| Sigríður H. Aðalsteinsdóttir | Sérkennari |
| Sigríður Sif Grímsdóttir | Grunnskólakennari |
| Sigrún Antonsdóttir | Forfallakennari |
| Sigrún Halldóra Andrésdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Sigurveig Birgisdóttir | Grunnskólakennari |
| Sólrún Ragnarsdóttir | Skólaliði |
| Steinunn Sigurbergisdóttir | Deildarstjóri |
| Sveinbjörg Bergsdóttir | Grunnskólakennari |
| Sveinbjörn Markús Njálsson | Skólastjóri |
| Sveinborg L. Hauksdóttir | Fagstjóri sérkennslu |
| Una Birna Bjarnadóttir | Yfirproskapálfi |
| Vilborg Gunnarsdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Wasiphon Thongyot (Díana) | Skólaliði/leiðbeinandi Frístund |
| Þorgerður Elín Brynjólfsdóttir | Grunnskólakennari |

Þróunarstarf og símenntun starfsmanna

Ýmis þróunarverkefni hafa og eru í gangi í skólanum. Um er að ræða margvísleg verkefni og höfum við unnið að þeim mislengi. Þessi verkefni skapa meðal annars áherslur okkar í skólastarfinu.

Helstu áhersluatriði á skólaárinu 2016 – 2017 voru m.a.:

Endurskoðun skólanámskrár

Síðasta skólaár var haldið áfram endurskoðun á skólanámskrá Álftanesskóla í samræmi við nýja aðalnámskrá. Fyrstu drög voru tilbúin vorið 2016. Í vetur var aðallega unnið með hæfniviðmið og matsviðmið, leiðsagnarmat og vaxandi hugarfar (growth mindset).

Lestur og ritun

Vinnu við lestrarstefnu skólans er lokið og hún birt. Skólinn hefur unnið markvisst að því að endurskoða og móta nýjar leiðir í lestrar- og ritunarkennslu síðustu ár, m.a hafa viðmið verið

endurskoðuð og mat lagt á árangur nemenda í hraðlestri og lesskilningi til að koma betur til móts við þá. Á yngsta stigi eru reglulega lögð fyrir skimunarprófin „Lesfimi“ og lesskilningsprófið „Orðarún“ í 3.–8. bekk. Í 1.–5. bekk er markvisst unnið með verkefnið „Vörður og vegvísar“. Skólaárið 2016–2017 var skipulag og áherslur á fræðslufundum í læsi fyrir foreldra barna í 1. bekk endurskoðað og unnið að þróun þess í samstarfi við kennara í Flataskóla. Verkefnið var styrkt af Þróunarsjóði Garðabæjar.

Greiningar og mat

Verkefnastjóri í sérkennslu heldur áfram að endurskoða og móta vinnuferli við greiningar og skimunarpróf, lagður grunnur að nýjum aðferðum s.s. Leið til læsis, Orðarún o.fl. og greiningu á niðurstöðum samræmdra prófa, ásamt deildarstjóra.

Grænfáninn

Fagstjóri stýrir grænfánavinnunni og skólinn fékk Grænfánann í fjórða sinn á síðastliðnu skólaári.

Samstarf grunn- og leikskóla

Á síðustu árum hefur verið unnið markvisst með leikskólum við að stuðla að samfellu milli þessara tveggja skólastiga.

Haust- og vorfundir með foreldrum

Fundir með foreldrum þar sem megináhersla er lögð á að kynna fyrir foreldrum/forráðamönnum aðferðir „Uppeldi til ábyrgðar“, vinna með foreldrum/forráðamönnum m.a. að sáttmála um samskipti heimilis og skóla, skilgreina hlutverk hvors annars og væntingar.

Leiðsagnarmat

Haustið 2013 var kennsluáæfingin „Vörður og vegvísir“ innleidd í Álftanesskóla. Umsjónarkennarar á yngsta og miðstigi hafa haldið vel utan um skipulag þess og verkefni með það að markmiði að byggja upp upplýsingabanka fyrir komandi ár. Kennarar á yngsta og miðstigi Álftanesskóla eru að langmestu leyti mjög sáttir við „Vörður og vegvísir“ og vilja leggja á sig vinnu til að efla þessa áæfing enn frekar enda upplifa þeir allir faglegri kennslu og betri árangur. Síðustu skólaár hefur verið unnið að því að festa verkefnið í sessi á yngsta stigi og fengu kennarar m.a. þróunarstyrk frá Garðabæ skólaárið 2015–2106 til verksins. Á síðasta skólaári var megináhersla á leiðsagnarmat:

| | |
|---------------|--|
| 27.09.2016 | Leiðsagnarmat – upprifjun og innlögn |
| 17-18.11.2016 | Námsferð til Brighton: leiðsagnarmat – vaxandi hugarfar |
| 24.01.2017 | Hvernig kennum við vaxandi hugarfar? |
| 14.02.2017 | Leiðsagnarmat; skýr markmið, viðmið um árangur og gæði verkefna, |
| 16.02.2017 | Leiðsagnarmat – John Morris |
| Mars | Mappa á samskrá/gögn f. kennara |
| 21.03.2017 | Jafningjafræðsla – stærðfræði miðst. og myndmennt. |
| Apríl – maí | Uppbygging kennslustunda |
| 23.05.2017 | Leiðsagnarmat/endurmat |
| 29.05.2017 | Náms- og kennsluáætlun/endurmat |


3. Áherslur í skólastarfi

Álftanesskóli: vinátta, vísindi og listir – allir eru einstakir

Fyrsti áfangi Álftanesskóla var tekinn í notkun haustið 1978. Á fyrsta starfsárinu voru 70 nemendur í skólanum frá aldrinum sex til tólf ára. Á þessum árum sem liðin eru hefur skólahúsnæðið verið stækkað í nokkrum áföngum eftir því sem nemendum hefur fjölgað. Í skólastarfinu er lögð rík áhersla á „vinátta, vísindi og listir“ - allir eru einstakir“. Litið er svo á að mannleg samskipti og ábyrg hegðun séu grunnþættir í skólastarfinu. Áhersla er lögð á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti í samræmi við einstaklingsmiðað nám. Gagnkvæm virðing er forsenda jákvæðra samskipta og reynt er að stuðla að því að öllum geti liðið vel í skólanum. Starfsmenn skólans leggja sig fram við að eiga jákvæð samskipti við heimilin og hvetja foreldra til þess að hafa samband þegar þeim liggur eitthvað á hjarta. Þegar heimili og skóli leggjast á eitt má búast við betri líðan nemenda, auknu öryggi og betri námsárangri.

Uppbygging sjálfsaga – uppeldi til ábyrgðar

Unnið hefur verið samkvæmt Uppbyggingarstefnu í Álftanesskóla frá haustinu 2002. Uppbyggingarstefna (e. Restitution) í skólastarfi er hugmyndakerfi sem í felst bæði aðferð og stefnumörkun skóla til bættra samskipta. Meginatriði er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust. Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á samskipti fremur en reglur, ábyrgð fremur en blinda hlýðni og virðingu fremur en stjórnugjöf. Uppbyggingarstefnan treystir á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti brugðist rétt við aðstæðum. Uppbyggingarstefnan kennir sjálfsaga og hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum.



Haustfundir

Á haustin er 60 mínútna kennslustund fyrir foreldra í „Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga“ og verkefnum þess skipt á 10 árganga þannig að loknu 10 ára skólagöngu væri foreldrið búið að fara í gegnum námsefni/ fræðslu um Uppeldi til ábyrgðar og þau verkefni sem barn þess fer í á hverju skólaári.

Fræðsla og vinna með Uppeldi til ábyrgðar-uppbygging sjálfsaga:

1. bekkur Kynning á „Uppbyggingarstefnunni“
2. bekkur Unnið með „Mitt og þitt hlutverk“
3. bekkur Unnið með „Þarfirnar fimm“
4. bekkur Unnið með „Stutt inngrip“
5. bekkur Unnið með „Sáttmála“ foreldra og skóla/ bekk/ árgang
6. bekkur Unnið með „Skýr mörk“
7. bekkur Unnið með „Jákvæð samskipti – minni þvingun“
8. bekkur Unnið með „Fimm stöður stjórnunar“
9. bekkur Unnið með „Lífsvagninn“
10. bekkur Unnið með „Óskaveröldina“

Þetta fyrirkomulag á haustfundum sl. þrjú skólaár lofar góðu og er almenn ánægja foreldra með þessa stund.

4. Samstarf heimilis og skóla

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð (skv. 8. gr. laga nr. 91, 2008) sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð hélt fjóra fundi á skólaárinu. Á fundunum voru rædd ýmis mál og hér verða nefnd þau helstu: Skipulag skólastarfsins, starfsáætlun vetrarins, fjármál skólans, kannanir á skólastarfinu og skóladagatal.

Foreldrafélag Álftanesskóla

Stefna skólans er að það sé gott samstarf á milli heimilis og skóla og þar ríki traust á milli aðila. Í því felst að vera í góðu sambandi við foreldra/forráðamenn, stuðla að því að forráðamenn séu vel upplýstir um starfsemi skólans og fái greinagóðar upplýsingar um þá þróun og viðburði sem eiga sér stað innan veggja skólans.

Þessu til stuðnings er starfrækt foreldrafélag sem kosið er til eins árs í senn. Félagið hefur það að markmiði að vinna að heill og hamingju nemenda skólans og styrkja skólann í hvívetna, meðal annars með umræðufundum um skóla- og uppeldismál í samráði við skólann. Fulltrúi skólans mætir á fundi foreldrafélagsins til að tryggja upplýsingaflæði á milli foreldra og skólasamfélagsins. Foreldraráð skólans starfar samkvæmt lögum um grunnskóla frá 1995 og er ætlað að vera til álitsgjafar um ýmis mál sem varða breytingar á námsumhverfi nemenda. Þegar heimili og skóli leggjast á eitt má búast við betri líðan nemenda, auknu öryggi og betri námsárangri.

Í stjórn foreldrafélagsins sitja sjö fulltrúar foreldra. Þeir eru kosnir á aðalfundi. Stjórnin fundar reglulega yfir veturinn. Helstu verkefni foreldrafélagsins skólaárið 2016–2017 voru m.a. foreldraröltið, jóla- og góðgerðardagur og gaf félagið líknarsjóð Álftaness afrakstur af jóla- og góðgerðardeginum, öskudagsskemmtun fyrir nemendur og páskabingó. Sjá nánar á: <http://www.alftanesskoli.is/foreldrar/>

Bekkjafulltrúar

1. bekkur

Hrafnhildur Ýr Ólafsdóttir

Ína Sigrún Þórðardóttir

Ólöf Ösp Guðmundsdóttir

Edda Ýrr Einarsdóttir

Torfhildur Jónsdóttir

Salvör Egilsdóttir

2. bekkur

Sigrún Antonsdóttir

Hildur Einarsdóttir

Margrét Eva Einarsdóttir

Berglind Birgisdóttir

Áslaug Arna Stefánsdóttir

3. bekkur

Bjarndís Helga Tómasdóttir

Þórey Edda Heiðarsdóttir

María Björk Ólafsdóttir

Cecilía Magnúsdóttir

4. bekkur

Margrét Stefánsdóttir

Bryndís Einarsdóttir

Sigurður Grétar Sigmarsson

Kristín Erla Þráinsdóttir

5. bekkur

Gunnar Júlíusson

Adam David Wheeler

Guðmundur Jens Óttarsson

Olga María Hermannsdóttir

Lára Tryggvadóttir

6. bekkur

Bjarndís Helga Tómasdóttir

Guðrún Fjóla Guðnadóttir

Guðbjörg Auðunsdóttir

7. bekkur

Íris Björk Árnadóttir

Elísabet Guðrúnardóttir

Eypór Ingi Kolbeins

Vala Karen Guðmundsdóttir

Linda Sigurðardóttir

8. bekkur

Björg Jónína Rúnarsdóttir

Matthildur Þórarinsdóttir

Eiríkur Ágúst Guðjónsson

Auður Erla Gunnarsdóttir

9. bekkur

Ásta Leonhardsdóttir

Guðrún Antonsdóttir

10. bekkur

Sigrún Ósk Ólafsdóttir

Margrét Ósk Gunnarsdóttir

Kristín Fjóla Bergþórsdóttir

Guðrún Anna Kjartansdóttir

Ásta Leonhardsdóttir

Anna María Snorradóttir

5. Skýrslur um skólastarfið

Skýrsla deildarstjóra yngsta, mið- og elsta stigs

Á skólaárinu var einn deildarstjóri starfandi og sinnti hann öllum stigum skólans. Starf deildarstjóra er margþætt en hann kemur að mörgum mikilvægum þáttum í skipulagningu á skólastarfinu í nánú samráði við aðra skólastjórnendur. Deildarstjóri sér um röðun nemenda í bekkjardeildir í samráði við deildarstjóra sérkennslu og umsjónarkennara. Deildarstjóri situr skilafundi vegna nemenda, bæði með fyrrverandi umsjónarkennurum, verðandi umsjónarkennurum og sérkennurum nemenda. Deildarstjóri styður við starf umsjónarkennara og situr reglulega með þeim fundi þar sem starfið er skipulagt og samræmt.

Deildarstjóri fylgist með skólasókn, ástundun og samskiptum nemenda og gerir aðgerðaráætlanir þegar þörf er á vegna slakrar skólasóknar og/eða agabrota. Deildarstjóri tekur á agabrotum í samvinnu við skólastjórnendur, kennara, forráðamenn, námsráðgjafa og aðra fagaðila skólans. Deildarstjóri ásamt náms- og starfsráðgjöfum og umsjónarkennurum í hverju máli mynda eineltisteymi skólans. Hann stjórnar samráðsfundum með forráðamönnum nemenda þegar ástæða er til. Deildarstjóri skipuleggur kynningu á skólanum og starfi hans fyrir nýja nemendur og foreldra þeirra sem hafa sótt um skólagöngu í Álftanesskóla. Auk kennara- og starfsmannafunda sem deildarstjóri undirbýr með skólastjórnendum, fundar hann reglulega með stjórnendum skólans og námsráðgjafa. Þeir sitja einnig samstarfsfundi með öðrum sérfræðiaðilum skólans á lögbundnum nemendaverndarráðsfundum. Í samráði við skólastjórnendur sér deildarstjóri um að undirbúa skólaþing og skólaslit. Deildarstjóri er prófstjóri í samræmdum prófum og tekur þátt í skipulagningu uppbrotsdaga og óhefðbundins skólastarfs í samvinnu við umsjónarkennara, fagstjóra og skólastjórnendur.

Deildarstjóri sér um utanumhald og innkaup á námsbókum frá Námsgagnastofnun og öðrum námsgagnaútgefendum. Utanumhald og innsetning á efni heimasíðu er eitt af hlutverkum deildarstjóra í samstarfi við verkefnastjóra og kennsluráðgjafa. Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk af deildarstjóra og verkefnisstjóra og dreifist það í fimm skipti yfir skólaárið, í samráði við námsráðgjafa og stjórnendur er unnið úr niðurstöðum Skólapúlsins. Einnig sér deildarstjóri um aðrar kannanir sem lagðar eru fyrir svo sem Ungt fólk, Pisa, ESPAD o.fl.

Deildarstjóri hefur reglulega sótt námskeið í Uppeldi til ábyrgðar og hefur það verið hluti af árlegri endurmenntun hans auk annarrar endurmenntunar en Uppeldi til ábyrgðar er leiðarljós í skólastarfi Álftanesskóla.

Viðburðadagatal á haustönn og vorönn

Mikið og fjölbreytt starf fer fram í Álftanesskóla. Helstu viðburðir skólans sem og annað sem tengist skólastarfinu er skráð í eftirfarandi töflu þó listinn sé ekki tæmandi. Dagatalinu er skipt eftir önnum.

| Haustönn 2016 | | |
|---------------|--------------------------|---|
| Vika 1 | 15. – 19. ágúst | Skipulagsdagar kennara |
| Vika 2 | 22. - 26. ágúst | Skólaþing 23. ágúst |
| Vika 3 | 29. ágúst - 2. september | |
| Vika 4 | 5. - 9. september | Haustfundir foreldra 5. – 16. sept. |
| Vika 5 | 12. - 16. september | Fundur v. rafrænna samræmdra prófa fyrir foreldra nemenda í 4. og 7.b |
| Vika 6 | 19. - 23. september | Samræmd próf 7. b |
| Vika 7 | 26. – 30. september | Göngum í skólann 26. september Samræmd próf 4. b |

| | | |
|---------|--------------------------|--|
| Vika 8 | 3. - 7. október | |
| Vika 9 | 10. - 14. október | Forvarnavika Garðabæjar. Forvarnardagurinn 12. okt. 2016, dagskrá fyrir 9.bekk Útikennsla - Lesið í Nesið 13.- 14. október |
| Vika 10 | 17 - 21. október | |
| Vika 11 | 24. - 28. október | Skipulagsdagur kennara 24.október Námsviðtöl 25. október |
| Vika 12 | 31. okt. - 4. nóvember | Vökunótt 8. - 10.b. 3. nóvember |
| Vika 13 | 7. - 11. nóvember | |
| Vika 14 | 14. - 18. nóvember | Námsferð starfsmanna til Brighton 17. – 18. nóvember |
| Vika 15 | 21. - 25. nóvember | Kærleikarnir 24. – 25. nóv. Jóla- og góðgerðardagurinn 26. nóv |
| Vika 16 | 28. nóv. - 2. desember | |
| Vika 17 | 5. - 9. desember | |
| Vika 18 | 12. - 16. desember | Jólabíóferð 4. – 10. bekkur |
| Vika 19 | 19. – 20. desember | Úrslit í spurningakeppni 7. - 10. b Litlu jól |
| | 21. desember - 4. janúar | Jólaleyfi |

| Vorönn 2017 | | |
|--------------------|-------------------------|--|
| Vika 1 | 2. - 6. janúar | Skipulagsdagur kennara 3. janúar. Kennsla hófst 3. janúar |
| Vika 2 | 9. - 13. janúar | |
| Vika 3 | 16. - 20. janúar | Afhending vitnisburðar 20. janúar |
| Vika 4 | 23. – 27. janúar | |
| Vika 5 | 30. janúar - 3. febrúar | 31. jan. „Vertu þú sjálfur“ fyrirlestur fyrir 5.b og foreldra þeirra. |
| Vika 6 | 6. - 10. febrúar | |
| Vika 7 | 13. - 17. febrúar | Námsviðtöl 9.bekkur |
| Vika 8 | 20. – 24. febrúar | Vetrarleyfi |
| Vika 9 | 27. febrúar - 3. mars | |
| Vika 10 | 6. - 10. mars | Reykjaferð 7. bekkur 7. – 9. mars rafræn samræmd könnunarpróf í 9.-10.b |
| Vika 11 | 13. - 17. mars | Námsviðtöl 13. mars Laugaferð 9. b. |
| Vika 12 | 20. - 24. mars | „Polandi og gerandi“ forvarnarfyrirlestur fyrir 7.bekk og foreldra þeirra. |

| | | |
|---------|------------------|---|
| | | „Hættu áður en þú byrjar“ forvarnarfyrirlestur 9.bekkur og foreldrar þeirra Stóra upplestrarkeppnin |
| Vika 13 | 27. - 31. mars | |
| Vika 14 | 3. - 7. apríl | |
| Vika 15 | 10. - 14. apríl | Páskaleyfi |
| Vika 16 | 17. - 21. apríl | |
| Vika 17 | 24. – 28. apríl | Árshátíðarvika 1.-10.bekkur Unglistaleikar |
| Vika 18 | 1. - 5. maí | Litla upplestrarkeppnin |
| Vika 19 | 8. - 12. maí | |
| Vika 20 | 15. - 19. maí | Margæsadagurinn |
| Vika 21 | 22. - 26. maí | Skipulagsdagur kennara |
| Vika 22 | 30.maí - 3. júní | 1. júní sýning á lokaverkefnum 10.bekkur 1.-3. júní Vorferð 10.bekkur |
| Vika 23 | 6. - 10. júní | Vorleikar Skólaslit Skipulags dagar kennara |

Skólastarf og vinnuumhverfi nemenda

Skólastarf í Álftanesskóla er vanalega í föstum skorðum samanber kennsluáætlanir nemenda í upphafi hvernar annar. Engu að síður hefur skólinn svigrúm til að sinna annars konar náms- og skólastarfi sem er ekki síður mikilvægt.

Ferðalög og óhefðbundið skólastarf

Í Aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir námsferðum og ferðalögum í skólastarfi. Í vetur var farið í stuttar námsferðir í einstaka námsgreinum.

Kærleikar voru í síðustu viku nóvember. Þá unnu nemendur með eina þörf, tilheyra, úr þarfahring Uppeldis til ábyrðar, með vin úr vinabekk. Útbjuggu vinapörin hús með kveðju frá skólanum sem voru hengdar á alla hurðarhúna í sveitafélaginu. Einnig voru stofnunum í nágrenni skólans færðar öryggiskveðjur frá skólanum á kærleikum.

18. janúar fóru 10. bekkur á Skólalöng Alþingis.

7. bekkur ásamt umsjónarkennurum fóru að Reykjum vikuna 6. – 10. mars.

9. bekkur ásamt umsjónarkennurum fóru að Laugum vikuna 13. – 17. mars.

Fyrirhugað var að fara í skíðaferð í Bláfjöll 4. apríl með nemendur í 5. – 10. bekk en það gekk ekki eftir vegna veðurs. Það sama átti við 19. apríl þegar við ætluðum að reyna aftur þannig að ekki var farið í Bláfjöllin á þessu skólaári þrátt fyrir mikinn vilja bæði nemenda og kennara.

Dagana 1. – 3. júní fóru nemendur í 10. bekk í sína árlega vorferð sem er samstarfsverkefni bekkjafulltrúa árgangsins og skólans. Gist var í Hlíðardalsskóla og farið í flúðasiglingu í Hvítá.

Útivistardagar voru haldnir síðustu kennsluvikuna á þessu skólaári og enduðu með Vorleikum þriðjudaginn 7. júní.

Magnús Stefánsson kom með fyrirlestra fyrir nemendur í 5., 7. og 9. bekk í janúar og mars eins og undanfarin ár. Fræðslan var að þessu sinni sameiginlegur fyrirlestur fyrir nemendur, foreldra og kennara í hverjum árgangi fyrir sig.

Samstarf við sérfræðiaðila

Deildarstjóri er í samstarfi við marga sérfræðiaðila innan og utan Álftanesskóla. Helst ber að nefna samstarf við þá aðila sem taldir eru upp hér fyrir neðan.

Samstarf við skólahjúkrunarfræðing fer m.a. fram á samráðsfundum nemendaverndarráðs og er eins og áður mikilvægur þáttur í góðri líðan nemenda.

Skólasálfræðingur situr nemendaverndarráðsfundi eins og aðrir sérfræðiaðilar. Hann er fyrst og fremst greiningaraðili nemenda en bendir einnig á úrræði fyrir þá sem þurfa viðtalsmeðferðir. Deildarstjóri og aðrir starfmenn eru honum innan handar í sambandi við upplýsingagjöf um nemendur.

Undanfarin ár hefur deildarstjóri verið í miklu og góðu samstarfi við fjölskyldursvið Garðabæjar sem hefur unnið með einstaklinga og/eða hópa innan skólans þegar óskað hefur verið eftir. Gott samstarf við fjölskyldusviðið er mikilvægt og hluti af því að styrkja og bæta líðan nemenda þegar þörf er á.

Deildarstjóri vinnur mikið og náið með náms- og starfsráðgjöfum að ýmsum málum sem varða líðan nemenda og skólavist. Gott samstarf deildarstjóra og námsráðgjafa er afar mikilvægur þáttur í meðferð og úrlausn nemendamála.

Deildarstjóri, Steinunn Sigurbergsdóttir

Yngsta stig

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Í 1. bekk voru 49 nemendur í þremur umsjónarhópum. Undir vor bættust við 3 nemendur. Umsjónarkennarar voru Rannveig Stefánsdóttir, Sigríður Birgisdóttir og Sveinbjörg Bergsdóttir. Aðrir kennarar: Alma Björk Magnúsdóttir – kennari í upplýsingamennt, Björg Ragnheiður Pálsdóttir - tónmenntakennari, Ingunn Elísabet Víktorsdóttir - textilkennari, Nada Borosak - myndmenntakennari, Sesselja Tómasdóttir – heimilsfræðikennari, Nanna Bárðardóttir - smíðakennari, Linda Thorlacius, Björgvin Júníusson og Ragnar Elvar Arinbjarnarson - íþróttakennarar, Anna Thorlacius – sérkennari, Kristín Fjóra Bergþórsdóttir – sérkennari. Stuðningsfulltrúar sem komu inn í bekkina voru: Katrín Jónína Gunnarsdóttir (Jóna), Sólrún Ragnarsdóttir, Vilborg Gunnarsdóttir og Erla Magnúsdóttir. Námsráðgjafi: Katrín Anna Eyvindardóttir.

Markmið og helstu áherslur árgangsins:

Helstu áherslur í starfi árgangsins voru: skólafærni, lestur og íslenska, stærðfræði og lífsleikni.

Megináherslan var á að allir nemendur kæmst vel af stað í lestri, þ.e. að nemendur þekktu alla bókstafi og hljóð þeirra og tengdu þau saman.


Meginmarkmið í stærðfræði var að leggja grunn að góðum talnaskilningi hjá nemendum.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Öll íslenskuvinna, þar með talin stafainnlögn, var unnin í hringekju. Áherslupættir hringekjunnar voru: Talað mál og hlustun, ritun, málfræði, lestur og bókmenntir. Unnið var út frá hugmyndafræði John Morris – Vörður og vegvísir og var unnið í einstaklings-, para-, eða hópavinnu. Sérstök áhersla var lögð á framsögn og hlustun og endurgjöf samnemenda (þrjár stjórnur og ein ósk). Að auki var unnið með markvissa málörvun allan veturinn.

Í lestrarkennslu var lögð áhersla á heimlestur 5x í viku ásamt heimaverkefnum í orðaskrifarbók 2-3x í viku.

Lokaverkefni árgangsins fjallaði um íslensku húsdýrin og var verkefnið samþætt íslensku, samfélags- og náttúrufræði.



Í stærðfræði var skipulag kennslunnar fjölbreytt. Áhersla var lögð á hlutbundna vinnu, að nemendur byggðu ofan á fyrri reynslu og þekkingu, og tileinkuðu sér stærðfræðihugmyndir á eigin forsendum. Nemendur fengu fimm stærðfræðitíma á viku; einn innlagnartíma þar sem markmið og viðfangsefni vikunnar voru vel kynnt og fjóra hringekjutíma þar sem nánar var unnið með viðfangsefnin. Áhersla var á að í hverri viku lærðu nemendur í gegnum leik, spil og þrautalausnir.

Í samfélags- og náttúrufræðigreinum var kennt í lotum og samþætt öðrum námsgreinum.

Námsmat/námsaðlögun

Lagt var fyrir skimunarprófið Leið til læsis strax að hausti. Einnig voru lögð fyrir á haustönn lesskimunarpróf, próf í sjónrænum orðaforða og nefnuhraða. Stuðst var við niðurstöður úr skimunarprófinu til að vinna nánar með þá þætti sem komu illa út hjá hverjum og einum í samvinnu við sérkennara. Að vori var aftur lagt fyrir lesskimunarpróf.

Sjálfsmat og kennaramat í samfélags- og náttúrufræði. Stærðfræðikönnun og stafsetningarkönnun voru lagðar fyrir að vori. Lokaverkefni í íslensku unnið að vori og metið til umsagnar.

Frammistöðumat var unnið af nemendum/foreldum og kennurum til undirbúnings námsviðtala á haustönn og vorönn.

Þróunarstarf/nýbreytni

Haldið var áfram að vinna að innleiðingu kennsluhátta John Morris með áherslu á innlagnir og námsveggi, bæði í íslensku og stærðfræði. Kennarar á yngsta stigi unnu að þróunarverkefni um kennsluhætti John Morris.



Útikennsla/umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Farið var í ýmsar ferðir um sveitarfélagið, m.a. gönguferðir, fuglaskoðunarferð og stuttar ferðir í nágrenni skólans. Ýmis verkefni voru unnin í útitímum, s.s. stærðfræðiverkefni, umferðarverkefni, talningarverkefni, mælingar o.s.frv.

Fyrir jólin var farið í heimsókn að Bessastöðum þar sem kveikt var á jólaljósum, einnig var farið í heimsókn í Bessastaðakirkju. Að vori var farið í sveitaferð að Miðdal í Kjós í tengslum við þemaverkefnið um húsdýrin.


Nemendur heimsóttu leikskólana á Álftanesi tvisvar sinnum yfir veturinn, jafnframt komu leikskólabörn í heimsókn í Álftanesskóla.

Lífsleikni

Nemendur lærðu um þarfirnar, hlutverk sín og unnu að bekkjarsáttmála í upphafi skólaárs. Bekkjafundir voru haldnir vikulega og verkefni unnin tengd Uppeldi til ábyrgðar. Hjúkrunarfræðingur kom með fræðslu um líkamann og hollustu.

Skemmtanir og félagslíf

Haldin var hátíð þegar nemendur höfðu verið í 100 daga í skólanum. Árshátíð var haldin með 2. og 3. bekk á vorönn. Ein samvera var haldin með 2. bekk á hvorri önn. Bekkjafulltrúar skipulögðu bekkjarskemmtanir í desember og maí.



Foreldrasamstarf

Foreldrum var boðið á haustfund fyrstu viku í september þar sem starf vetrarins og Uppeldi til ábyrgðar var kynnt. Foreldrar voru einnig boðaðir á lestrarþjálfunarnámskeið um miðjan september. Einu sinni í viku voru sendir vikupistlar með fréttum og áherslum árgangsins og upplýsingapóstur voru sendir þess á milli ef þörf var á. Að vori var þeim svo boðið í morgunheimsókn í stofu til að skoða afrakstur þemaverkefna.



Mat á starfi vetrarins

Starfið gekk almennt vel, nemendur voru fljótir að aðlagast skólaumhverfinu og nýjum aðstæðum. Foreldrar voru almennt mjög ánægðir með áherslur í lestrarkennslu og tóku virkan þátt í lestrarþjálfuninni. Snemmtæk íhlutun sérkennara var vel skipulögð og skilaði árangri. Námsárangur nemenda var mjög góður.

Kennarar eru ánægðir með þróun kennsluhátta John Morris og finnst þeir skila árangri í vinnu nemenda. Námsveggir og skýr og ítarleg innlögn hjálpar nemendum í vinnu sinni.

Kennurum finnst bókvarpar vera ómissandi tæki í hverri kennslustofu. Innlagnir og útskýringar á verkefnum verða mun sýnilegri en ella.



Rannveig Stefánsdóttir, Sigríður Birgisdóttir og Sveinbjörg Bergsdóttir, umsjónarkennarar

Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Nemendur í 2. bekk voru 45 þegar flestir voru, í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Brynhildur Snorradóttir og Guðfinna Dröfn Aradóttir. Aðrir kennarar sem kenndu árganginum voru: Björgvin Júníusson, Ragnar Arinbjarnarson og Linda Thorlacius, íþróttir og sund, Björg Ragnheiður Pálsdóttir, tónmennt, Ingunn Elísabet Víktorsdóttir, textílmenn, Nada Borosak, myndmennt, Nanna Björk Bárðardóttir, smíði, Sesselja Tómasdóttir, heimilisfræði, Brynhildur Snorradóttir og Guðfinna Dröfn Aradóttir, hreyfing og leikir, Alma Björk Magnúsdóttir, upplýsingamennt. Stuðningsfulltrúi árgangsins var: Katrín Jónína Gunnarsdóttir. Sérkennari var Anna Thorlacius. Námsráðgjafi var Katrín Anna Eyvindardóttir.

Markmið og helstu áherslur árgangsins:

Aðaláhersla vetrarins var lögð á fjölbreytt og sjálfstæð vinnubrögð, unnið var eftir kennsluháttum „Vörður og vegvísir“ í íslensku og stærðfræði. Nemendur voru meðal annars þjálfaðir í að vinna saman tveir og tveir sem námsfélagar/spjallfélagar og studdu þannig hvor við annan. Markvisst var lögð áhersla á að nota tússtöflur bæði í innlögn og í leiðsagnarmati. Einnig var lögð áhersla á samvinnu í samfélags- og náttúrufræði.

Í lestrarkennslu var lögð áhersla á daglegan heimalestur og orðaskrift.

Einnig var mikið unnið með félagsfærni og samskipti með aðferðum „Uppeldis til ábyrgðar“ að leiðarljósi og „Growth mindset“.



Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Öll íslenskuvinna var unnin í hringekju. Áherslupættir hringekjunnar voru: Talað mál og hlustun, ritun, málfræði og lestur og bókmenntir. Samkvæmt aðferðinni Vörður og vegvísir var unnið í einstaklings-, para-, eða hópavinnu.

Skipulag stærðfræðikennslunnar var einnig hringekja með sérstökum innlagnartíma í upphafi viku. Skipulag kennslunnar var fjölbreytt og áhersla var lögð á hlutbundna vinnu, lausnaleit og þrautir.

Í samfélags- og náttúrufræðigreinum var ýmist unnið eftir söguramma eða söguaðferð. Hvert viðfangsefni var kennt í lotum og samþætt öðrum námsgreinum.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var fjölbreytt, sjálfsmat nemenda, leiðsagnarmat, umsagnir kennara og kannanir. Lestrarpróf menntamálastofnunar voru lögð fyrir fjórum sinnum yfir veturinn. Niðurstöðum námsmats var safnað í ferilmöppur sem nemendur fóru reglulega með heim, t.d. eftir hvern námsþátt í stærðfræði eða að loknu hraðlestrarprófi. Jafnframt var vitnisburður og matskvarðar afhentir við skólalok í júní. Stærðfræðikannanir í lok hvers kafla bókar, auk janúar- og maíkönnunar. Leiðsagnarmat var unnið af nemendum/foreldum og kennurum til undirbúnings námsviðtala á haustönn og vorönn. Námsaðstæður og kannanir voru aðlagðar fyrir þá sem þurftu.

Þróunarstarf/Nýbreytni

Áfram var unnið með nýja aðferð við íslenskukennslu sem kennd er við Vörður og vegvísi sem byggð er á hugmyndafræði Ardleigh Green og enn frekar fest í sessi með útgáfu kennara á Handbók með kennsluháttum. Stærðfræðin var í fyrsta sinn kennd eftir sömu kennsluháttum með áherslu á leiðsagnarmat. Í lífsleikni var unnið samkvæmt hugmyndafræði Growth mindset í fyrsta sinn.



Útikennsla

Útikennsla var jafnt og þétt yfir veturinn og tengdist ýmsum námsþáttum, s.s. stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði. Unnin voru ýmis verkefni tengd námsefninu m.a. fjallaskoðun. Fastir liðir eins og Margæsadagurinn, „gengið í skólann“ hópangan, fjöruferðir og aðrar vettvangsferðir um nágrennið. Aðaláherslan var alltaf að njóta þess að vera úti og vera hluti af nemendahópnum.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Heimsókn á Alþingi.

Þingvellir.

Fjöruferðir.

Heimsókn á Eyvindarholt.

Gönguferðir um Álfanesið, s.s. að bera út kærleikshjörtu á „Kærleiksdaginn“, í hvert hús á Álfanesi.

Bessastaðir að hjálpa forsetanum að kveikja á jólatrjánnum.

Grænáninn, hreinsun á nærumhverfi skólans, flokkun og fönður með endurvinnanlegu efni.

Listahópar/ Hreyfing og leikir heimsóttu leikskólana á Álfanesi.

Lífsleikni

Unnið eftir hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“ og „Growth mindset“. Gerður var bekkjarsáttmáli í upphafi skólaárs og aðferðir uppbyggingarstefnunnar kenndar og nýttar til að leysa ágreiningsmál. Um áramótin var farið að vinna með „Growth mindset“. Bekkjafundir voru haldnir vikulega og ýmis verkefni unnin. Hjúkrunarfræðingur var með innlegg um tilfinningar og hollt mataræði. Brúðuleiksýningin „Krakkarnir í hverfinu“ var sýnd á vegum „Blátt áfram“ og í framhaldi af því voru umræður um ofbeldi í samvinnu við námsráðgjafa. Námsráðgjafi aðstoðaði einnig börn við að byggja upp betri sjálfsmynd og samskipti þar sem á þurfti að halda.

Lokaverkefni í íslensku

Að vori unnu nemendur lokaverkefni í íslensku, bjuggu til ævintýri og notuðu til þess sögufjall, persónulýsingu og alla þá þætti sem lögð var áhersla á í íslensku í 2. bekk.

Skemmtanir og félagslíf

Sameiginlegt jóla- og páskaföndur á yngsta stigi, Hundraðdagahátíð, Unglistaleikar, öskudagsskemmtun, Kærleikar, jólaskemmtun, íþróttadagur og árshátíð.

Foreldrasamstarf

Foreldrum var boðið á haustfund fyrstu viku í september þar sem starf vetrarins og Uppeldi til ábyrgðar, mitt og þitt hlutverk var unnið með foreldrum. Eftir þemaverkefni var foreldrum boðið í morgunheimsóknir á sal og í stofu til að skoða afrakstur vinnunnar og lögðu foreldrar til veitingar á hlaðborð. Þessar heimsóknir voru einu sinni á hvorri önn. Einu sinni í viku voru sendir vikupistlar með fréttum og áherslum árgangsins og upplýsingapóstur voru sendir þess á milli ef þörf var á. Aðra hverja viku fengu foreldrar sent yfirlit úr mentor.is yfir stundvísi, heimalestur og orðaskrift.

Mat á starfi vetrarins

Starfið gekk almennt vel, nemendur voru fljótir að aðlagast nýjum kennslustofum. Námsárangur nemenda í lestri var almennt framar væntingum og var mjög góð samvinna milli heimils og skóla varðandi lestrarþjálfun. Það gafst mjög vel að hafa möguleika á að skipta námshópum í tvennt og hefði mátt vera meira af því. Það gafst einnig mjög vel að stuðningsfulltrúi tæki litla hópa úr báðum bekkjum í hringekjuvinnu. Kennarar eru ánægðir með kennsluhætti John Morris og finnst þeir skila árangri í vinnu nemenda. Námsveggir og skýr og ítarleg innlögn hjálpa nemendum í vinnu sinni og gerir þá ábyrgari í náminu.

Það sem gekk sérstaklega vel var meðal annars; Lokaverkefni í íslensku, Vörður og vegvísar og þá helst verkefni sem tengdust bókmenntum og ritun.

Brynhildur Snorradóttir og Guðfinna Dröfn Aradóttir, umsjónarkennarar



Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Nemendur í 3. bekk voru 46 þegar flestir voru, í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Auður Björgvinsdóttir og Anna Svanhildur Daníelsdóttir (Anna Svanhildur fór í veikindaleyfi 2. maí og tók Sandra Mjöll Andrésdóttir við umsjón með stuðningi Auðar). Aðrir kennarar sem kenndu árganginum voru: Björgvin Júníusson, Ragnar Arinbjarnarson og Linda Thorlacius, íþróttir og sund, Björg Ragnheiður Pálsdóttir, tónmennt. Ingunn Elísabet Viktorsdóttir textílmennt, Nada Borosak, myndmennt, Nanna Björk Bárðardóttir, smíði, Anna Svanhildur Daníelsdóttir, eTwinning og Sesselja Tómasdóttir, heimilisfræði. Stuðningsfulltrúar árgangsins voru: Sólrún Ragnarsdóttir, Erla Magnúsdóttir og Kristinn Orri Erlendsson, að auki kom Katrín Jónína Gunnarsdóttir inn stutta stund í senn í AB bekkinn að eigin frumkvæði, samtals um 60 mínútur á viku. Sérkennari var Anna Thorlacius. Námsráðgjafi var Katrín Anna Eyvindardóttir.

Markmið og helstu áherslur árgangsins:

Aðaláhersla vetrarins var lögð á fjölbreytt og sjálfstæð vinnubrögð, unnið var eftir kennsluháttum í íslensku „Vörður og vegvísir“ . Helstu áherslur í íslensku voru lestur, lesskilningur og ritun auk málfræði. Einnig voru nemendur þjálfaðir í að vinna saman tveir og tveir, sem námsfélagar/spjallfélagar og studdu þannig hvor við annan. Í öllum námsgreinum var lögð áhersla á samvinnu og sjálfsmat nemenda á vinnu sinni.

Í lestrarkennslu var lögð áhersla á daglegan heimalestur ásamt heimaverkefnum í orðaskrifarbók sem tengdust áherslum hverju sinni. Einnig var lögð áhersla á að nemendur lærðu gagnvirkan lestur sem notaður var bæði í skóla og í heimalestri.

Á bekkjafundum var unnið með félagsfærni og samskipti með aðferðum „Uppeldis til ábyrgðar“ að leiðarljósi. Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að leysa vandamál sjálfir. Töluverðir samskiptaerfðileikar voru í AB bekknum á haustönn og var Katrín Anna námsráðgjafi fengin til aðstoðar. Hún tók stúlknaðópinn að sér á meðan umsjónarkennari vann með drengjunum.

Hugmyndafræðin um vaxandi hugarfar var lögð inn frá nóvemberlokum. Nemendum voru sýnd myndbönd svo sem Austin's butterfly og unnu verkefni um að þau geti orðið hvað sem er þegar þau verða eldri. Reynt var að tengja þetta hugarfar öllum verkefnum.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Mest öll íslenskuvinna var unnin í hringekju ásamt því að vera samþætt við aðrar námsgreinar. Áhersluþættir hringekjunnar voru: Talað mál og hlustun, ritun, málfræði og lestur og bókmenntir. Samkvæmt aðferðinni Vörður og vegvísir var unnið í einstaklings-, para-, eða hópavinnu.

Skipulag stærðfræðikennslunnar var þannig að allur bekkurinn fékk innlögn á sama tíma og síðan vann hver fyrir sig á sínum hraða. Tekin var upp hringekja í stærðfræði um miðja haustönn þar sem áhersla var lögð á grunnaðferðirnar fjórar; +, -, x og deilingu. Skipulag kennslunnar var fjölbreytt og áhersla var lögð á hlutbundna vinnu, í hverri hringekju var notaður iPad sem búið var að setja stærðfræðileiki inn í sem tengdust viðfangsefnum vikunnar auk þess sem spil og önnur námsgögn úr stærðfræðistofu voru gjörnýtt.



Samfélags- og náttúrufræðigreinar. Viðfangsefni voru kennd í lotum og samþætt öðrum námsgreinum. Miklar tilraunir voru gerðar með tækninotkun þennan vetur. Lokaverkefni nemenda í Komdu og skoðaðu landnámið var rafbók og lokaverkefni í Komdu og skoðaðu himingeiminn var fréttapáttur þar sem nemendur fræddu áheyrendur um reikistjörnurnar og green screen tækni var notuð. Megin áherslan í trúarbragðafræði, fyrir utan fræðsluna sjálfa, var samþætting við gagnvirkan lestur og gerð hugtakakorta.

Mikil samkennd var í árganginum. Stofurnar liggja saman og veggur á milli þeirra opnanlegur. Fyrri part vetrar var opnað einu sinni í viku en á vorönn var opnað alveg og kennt saman í um 6–8 vikur.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var fjölbreytt, sjálfsmat nemenda, kennaramat, umsagnir kennara og kannanir. Logos skimun var lögð fyrir allan árganginn. Unnið var úr henni með þeim hætti að þeir nemendur sem voru nálægt viðmiðum og undir þeim fengu sérstaka íhlutun og voru endurskimaðir að henni lokinni.

Stærðfræðikannanir voru eftir lok hvers kafla, auk maíkönnunar. Niðurstöðum námsmats var safnað í ferilmöppur sem nemendur fóru reglulega með heim t.d. eftir hvern námsþátt í stærðfræði eða að loknu hraðlestrarprófi. Jafnframt var námsmat sent heim við skólalok í júní. Leiðsagnarmat var unnið af nemendum/foreldum og kennurum til undirbúnings námsviðtala á haustönn og vorönn. Námsaðstæður og kannanir voru aðlagðar fyrir þá sem þurftu þess með.

Þróunarstarf/Nýbreytni

Áfram var unnið með aðferð við lestrarkennslu sem kennd er við Vörður og vegvísi sem byggð er á hugmyndafræði Ardleigh Green. Samhliða var unnið með Orð af orði. Haldinn var fundur með foreldrum þar sem kennd var aðferð við gagnvirkan lestur.

Nemendur unnu lokaverkefni í íslensku þar sem þeir skrifuðu bók fyrir börn. Áhersla var lögð á sköpun og þeirri gleði sem fylgir skemmtilegum bókum. Anna Svanhildur kenndi einn listartíma í viku, eTwinning. Hóparnir unnu vinaverkefni með skóla í Frakklandi, unnið var í tölvum og einnig var sendur hefðbundinn bréfpóstur.

Útikennsla

Farið var í skipulagða hópleiki. Verkefni voru iðulega tengd stærðfræði og íslensku. Fastir liðir voru eins og Margæsardagurinn, „gengið í skólann“ hópangan.

Aðaláherslan var alltaf að njóta þess að vera úti og vera hluti af nemendahópnum.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Farið var að skoða Landnámssýninguna 874+/-2 í tengslum við námsefnið Komdu og skoðaðu landnámið. Gönguferðir um Álftanesið, s.s. að bera út öryggishús á „Kærleiksdaginn“ í hvert hús á Álftanesi.



Farið var að Bessastöðum þar sem forsetinn fékk aðstoð við að tendra ljósin á jólatrjámum. Í vorferðinni var farið á Náttúrufræðistofu Kópavogs og svo að Hvaleyrarvatni. Fræðslan á Náttúrufræðistofunni var einkum um fugla og tengdist þannig fuglagedinum.

Lífsleikni

Unnið eftir hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Gerður var bekkjarsáttmáli í upphafi skólaárs og aðferðir uppbyggingarstefnunnar kenndar og nýttar til að leysa ágreiningsmál. Bekkjarfundir voru haldnir vikulega og verkefni unnin tengd Uppeldi til ábyrgðar. Sýnd var myndin Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá! frá Blátt áfram. Í framhaldinu umræður um kynferðislegt ofbeldi í samvinnu við námsráðgjafa.



Námsráðgjafi aðstoðaði einnig börn við að byggja upp betri sjálfsmynd og samskipti þar sem á þurfti að halda. Sýnd var fræðslumynd um flogaveiki og fengu nemendur litabók tengda myndinni til að vinna frjálst í.

Skemmtanir og félagslíf

Sameiginlegt jólaföndur var á yngsta stigi, Lesið í nesið, Unglistaleikar, sem að þessu sinni tengdust Grænánavinnu, öskudagsskemmtun, Kærleikar, þar sem unnið var með þörfina „Ást og umhyggja“, jólaskemmtun, Íþróttadagur og árshátíð, þar sem sungin voru lög tengd himingeimnum.

Foreldrasamstarf

Foreldrum var boðið á haustfund í september þar sem starf vetrarins var kynnt. Í október komu allir foreldrar á lesskilningsnámskeið þar sem farið var yfir hvernig hægt er að efla lesskilning nemenda samhliða heimalestri og þeim kenndur gagnvirkur lestur. Eftir áramót var foreldrum boðið í morgunheimsókn í stofu nemenda til að skoða afrakstur vinnunnar. Einu sinni í viku voru sendir vikupistlar með fréttum og áherslum árgangsins og upplýsingapóstar voru sendir þess á milli ef þörf var á.

Mat á starfi vetrarins

Starfið gekk að mestu vel, umsjónarkennarar voru fljótir að aðlagast nýju samstarfi og unnu bekkirnir mikið saman, meðal annars í opnu rými. Að einhverju leyti var unnið beint í spor þeirra kennara sem kennt hafa 3. bekk áður, gögn þeirra og skipulag nýtt. Annað var tekið og kennsluáferðum breytt til að mynda með því að nýta sér þá möguleika sem spjaldtölvurnar gáfu okkur. Logos skimun og íhlutun í kjölfar hennar er nýtt í 3. bekk og ástæða til að skoða hvað megi betur fara m.a. með því að skoða niðurstöður könnunar sem send var foreldrum. Það sem gekk verst í vetur var sá stuðningur sem var ætlaður bekkjunum. Samstarf á yngsta stigi var gott og stuðningur mikill milli árganganna.





Auður Björgvinsdóttir og Anna Svanhildur Danfælsdóttir, umsjónarkennarar

Miðstig

Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Nemendur í 4. bekk voru 44 og skiptust jafnt í tvær bekkjardeildir, 4. JKK og 4. SVB. Kennt var í tveimur stofum en jafnframt var gangurinn nýttur mikið sem vinnusvæði. Stuðst var við markmið kennsluáætlunar sem birt var á heimasíðu skólans.

Umsjónarkennarar voru Jóna Karólína Karlsdóttir og Sigurveig Birgisdóttir. Ragnheiður Ólafsdóttir leysti Sigurveigu af um tíma en hún fór í veikindaleyfi frá 1. nóvember til 1. mars. Aðstoðarkennari og jafnframt sérkennari var Kristín Fjóra Bergþórsdóttir, skráð í 12 kennslustundir. Sérstök aðstoð í lestrarkennslu, fyrir seinnlæsa, var í höndum Önnu Ólafar Thorlacíus. Stuðningsfulltrúar voru nokkrir en fastir voru Vilborg Gunnarsdóttir sem fylgdi allan veturinn 9 kennslustundir og Erla Magnúsdóttir sem kom inn 6 kennslustundir á vorönn. Auk þeirra var Kristinn Orri Erlendsson sem fylgdi einum nemanda með sérþarfir.

Aðrir kennarar sem komu að árganginum voru Ingunn Elísabet Viktorsdóttir textíll, Nanna Bárðardóttir smíði, Næða Borosak myndlist, Sesselja Tómasdóttir heimilisfræði, Björg Ragnheiður Pálsdóttir tónmennt, Íþrótt og sundkennsla var í höndum Lindu B. Thorlacíusar, Samúels Ívars Árnasonar, Ragnars Elvars Arinbjarnarsonar og Björgvins Júníussonar.

Markmið og helstu áherslur árgangsins

Stuðst var við markmið Aðalnámskrár grunnskóla við skipulagningu kennslunnar. Markmið kennslunnar í vetur var að innleiða leiðsagnarmat að sem mestu leyti í sem flestar greinar.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Stærðfræði: Nokkuð kennarastýrð kennsla þar sem kennari var með innlögn á námsþáttum. Nemendur unnu svo ýmist einstaklingslega eða í hópum við lausn verkefna. Niðurstöður úr kaflaprófum voru merktar inn á kvarða námshæfni nemenda. Mikil áhersla var lögð á hópvinna og jafningjakennslu.



Námsmat: símat, leiðsagnarmat, kaflapróf sem fylgir Sprota. Lokapróf að vori.

Námsbækur í stærðfræði Sproti 4 A og B nemendabók og æfingabók 4a.

Íslenska: Líkt og í stærðfræði var kennslan að mestu kennarastýrð. Kennarinn lagði inn námsþátt og nemendur unnu svo ýmist sjálfstætt eða í hópum verkefna. Unnið var með amboð Varða og vegvísa eins og kostur var hverju sinni og voru amboð sýnileg á meðan unnið var með hvern námsþátt. Mikil áhersla var lögð á samræður og munnleg stutt próf til að fylgja eftir nýjum námsþáttum.

Eftir áramót var Litla upplestrarkeppnin þar sem nemendur unnu að því að æfa og bæta upplestur og framsögn.

Námsmat: Leiðsagnarmat, munnleg próf og lokapróf að vori.

Námsbækur: Skinna 1 og 2, ritun, dagbóarskrif, Lesrún 1, ljósritaðir lestextar og önnur verkefni.

Enska: Kennarastýrt. Hlustað á upplestur texta á ensku, nemendur lásu meðfram hlustun, umræður á ensku og verkefni unnin í æfingabók. Eitt stórt hópverkefni unnið með líkamann. Lögð áhersla á talað mál og hlustun.

Námsmat: Leiðsagnarmat, lokapróf að vori.

Námsefni: Speak out og Work out, fyrstu 10 kaflarnir.

Upplýsingatækni: Nemendum var kynjaskipt á móti tónmennt. Það var kennt í lotum og var hver lota fimm til sex vikur. Nemendur fengu lykilorð og kynningu á heimasvæði þeirra eigin og sameiginlegu. Fyrstu loturnar voru æfingar í fingrafimi. Þá tók við sögugerð þar sem unnið var í Word. Nemendur lærðu að vinna með texta, vinna með mismunandi letur, setja inn fyrirsagnir og myndir. Flestir náðu einnig að búa til forsíður á verkefnið. Farið var einnig í ýmsar æfingar í stærðfræði sem finna má á Menntamálastofnun og á norsku síðunni sem fylgir Sprota, <http://podium.gyldendal.no/mno1-4/4b>. Enn fremur fengu nemendur þjálfun í almennum kennslustundum í Power point til að búa til kynningu fyrir Goðafræðiverkefnið, sem sett var inn á Padlet.



Lífsleikni: Unnið var með bekkjarsáttmála, mitt og þitt hlutverk og markvisst unnið að skapa góðan bekkjaranda, betri samskiptum á skólalóð og innan skóla. Bekkjafundur og samræður.

Námsmat: Leiðsagnarmat.

Námsefni: Uppeldi til ábyrgðar (mappa).

Náttúrufræði og samfélagsfræði: Fjögur þemaverkefni yfir veturinn: Hafið, Goðafræði,

Hringrásir og Álftanessaga. Kennslan fólst í samlestri, samræðum og einstaklings- og hópverkefnum. Hvert þema hafði ákveðið sérkenni:

- ✓ Hafið. Fjöruferð, hópvinna, sett upp á ganginum. Einstaklingsverkefnasafn. Sigurður Grétar Sigmarsson foreldri í árganginum kom með annað af tveimur flöskuskeytum Ævars vísindamanns og leyfði nemendum að skoða það ásamt því að prufa mátt vinds og strauma á flöskuskeytið í Álftaneslaug.
- ✓ Goðafræði. Hópvinna. Heimildavinna sem skilað var á vegginn á ganginum og á Padlet. Foreldrum boðið á kynningu þar sem hver hópur hafði kynningu á verkefni sínu á Padlet.
- ✓ Hringrásir. Einstaklings og hópvinna þar sem áhersla var lögð á ljóstillífun og hringrás gróðurs. Ræktuð upp ýmis fræ, afleggjarar, kartafla og að lokum gerðir graskarlar.
- ✓ Álftanessaga. Samlestur, umræður, tenging við umhverfi Álftaness í dag. Gönguferð á Skansinn undir leiðsögn eins foreldris, Jóns Ragnars á Breiðabólstað.

Námsefni: Komdu og skoðaðu – Hringrásir, Komdu og skoðaðu – Hafið, Óðinn og bræður hans, Álftanessaga.

Námsmat: Verkefnasafn, framsögn, kennaramat, ástundun og skil á verkefnum.

Ferðir:

Fjöruferð, kirkjuferð um jól (Bessastaðakirkja), Viðeyjarferð og gönguferð á Skansinn.

Námsmat/námsaðlögun

Lögð var áhersla á fjölbreytt námsmat s.s. leiðsagnarmat, kennaramat, sjálfsmat, jafningjamat og símat, frammistöðumat, stuttar kannanir og vinnubækur.

Einstaklingsmiðuð kennsla þar sem einstaklingum er mætt á sínum forsendum og námsefni aðlagð að þörfum hans. Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir tvisvar á skólaárinu. Stöðluð lestrarpróf frá Menntamálastofnun voru lögð fyrir þrisvar sinnum yfir árið og oftár (5 sinnum) fyrir nemendur sem eru seinlæsir.



Þróunarstarf/Nýbreytni

Í vetur fór starfsfólk Álfstanesskóla í námsferð til Brighton, þar sem skoðaðir voru skólar sem leggja áherslu á leiðsagnarmat og Growth Mindset. Fyrir ferðina höfðu kennarar fengið kynningu á Growth Mindset en eftir heimkomuna hófst frekari þróunarvinna í að innleiða vaxandi hugarfar í 4. bekk. Einnig var haldið áfram að vinna með leiðsagnarmat eins og fyrri ár.

Skemmtanir og félagslíf

Lesið í nesið, uppbrotisdagar þar sem nemendur leystu verkefni á ýmsum stöðvum, bæði úti og inni. Nemendur í 4., 5. og 6. bekk unnu saman.

Nemendur tóku þátt í að fagna fjölbreytileikanum á Downs deginum og mæta í ósamstæðum sokkum.

Árshátíð var haldin með 5. bekk inni í kennslustofum þeirra þar sem blandaðir hópar úr bekkjunum komu fram með skemmtiatriði og buðu upp á veitingar.

Öskudagurinn – hefðbundin skemmtun í íþróttahúsinu þar sem kötturinn var sleginn úr tunnunni.

Á kærleiksdögum í Vinavíkunni, í nóvember, fengu nemendur það hlutverk að safna saman verðlitlu dóti í poka sem svo voru afhentir heppnum þátttakendum sem snéru lukkuhjólí. Safnaðist saman dágóð fjárhæð sem síðar var afhent til styrktar Barnaspítala Hringsins og Krabbameinsféluginu við hátíðlega athöfn.

Á kærleiksdögum fengu nemendur einnig það hlutverk að bera falleg hjörtu sem innihéldu kærleiksorð í næsta nágrenni.

Á vorönn voru unglitadagar sem reyndar runnu saman við árshátíðina en þá unnu 4. og 5. bekkur saman í tvo daga að verkefnum sem tengdust að nokkru markmiðum Grænánans s.s. aukin hreyfing, orka og endurvinnsla.

Foreldrasamstarf

Á haustfundi var farið yfir einn af þáttum Uppeldis til ábyrgðar skólareglur og viðurlög við agabrotum. Haldin voru námsviðtöl tvisvar á skólaárinu þar sem foreldrar mættu með börnum sínum.

Foreldrum var boðið þrisvar á uppákomur 4. bekkjar:

1. Á leiksýningu nemenda um jólin. Nemendur höfðu fengið það hlutverk að æfa og sýna Jólaguðspjallið fyrir nemendur skólans, leikskólana og foreldra.
2. Kynningu á vinnu við Goðafraeðina. Þetta var kynning á verkefnum sem var safnað saman á vefinn Padlet.
3. Litlu upplestrarkeppnina þar sem nemendur lásu ein og sér sem og saman, valda texta og ljóð.

Þrjár foreldrar komu með í Viðeyjarferðina og eitt foreldri sá um að lóðsa nemendum um Skansinn á vordögum.

Foreldrar studdu einnig nemendur við söfnun á hlutum í poka sem voru notaðir í lukkuhjólíð á kærleiksdögum.

Mat á starfi vetrarins

Með innleiðingu vaxandi hugarfars hafa umsjónarkennarar orðið varir við meiri metnað í vinnubrögðum nemenda, þeir eru viljugri til að endurskoða og bæta verkefni sín.

Áframhaldandi vinna með leiðsagnarmat hefur líka skilað af sér nemendum sem eiga auðveldara með að tjá sig um námið.

Jóna Karólína Karlsdóttir og Sigurveig Birgisdóttir, umsjónarkennarar



Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

5.bekkur var í tveimur umsjónarhópum og skiptust í 5. GÓ og 5.SSG. Fyrirkomulag vetrarins voru 2. bekkir í 2 stofum. Í 5.SSG voru 27 nemendur en í GÓ voru 24 nemendur. Kennt var það sama í báðum bekkjum samhliða skv. markmiðum kennsluáætlunar sem birt var á heimasíðu skólans.

Umsjónarkennarar voru Guðrún Ólafía Þorleifsdóttir og Sigríður Sif Grímsdóttir. Aðstoðarkennari í 5.bekk var Elín Sigmarsdóttir. Elín var aðstoðarkennari í öllum fögum, hún var í 19 kennslustundir á viku. Sérkennslukennarar voru Sveinborg Lovísa Hauksdóttir í íslensku og Sigríður Helga Aðalsteinsdóttir í stærðfræði. Stuðningsfulltrúi var Björgvin Gunnarsson og var hann skráður í 6 kennslustundir. Aðrir kennarar sem komu að árganginum voru Ingunn Elísabert Víktorsdóttir sem kenndi ensku í 5. SG. Um textílkennslu sá Kristín Fjóla Bergþórsdóttir, smíði Nanna Bárðardóttir, myndlist Nada Borosak, heimilisfræði Sesselja Tómasdóttir, upplýsingatækni Kristín Fjóla Bergþórsdóttir, hreyfing Ragnar Elvar Arinbjarnarson. Sigríður Sif umsjónarkennarei sá um leiklist og Guðrún Ólafía sá um stærðfræði í fjölgreinum. Íþrótt og sundkennsla var í höndum Lindu B. Thorlacius, Samúels Ívars Árnasonar, Ragnars Elvars Arinbjarnarsonar og Björgvins Júníussonar.



Markmið og helstu áherslur árgangsins

Stuðst var við markmið Aðalnámskrár grunnskóla við skipulagningu kennslunnar. Markmið kennslunnar í vetur var að innleiða leiðsagnarmat að sem mestu leyti í sem flestar greinar.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Stærðfræði: Unnið var eftir leiðsagnarmati. Nemendur unnu eftir áætlun í hverjum kafla fyrir sig á sínum hraða. Hverjum kafla var skipt niður, nemendur þurftu að ná að sýna fram á kunnáttu á brottfaraspjaldi til að geta farið lengra. Áður en kaflapróf voru tekin tóku nemendur forkannanir. Merkt var inn á kvarða námshæfni nemanda eftir hvern kafla. Ef nemendur fengu minna en 5 í einkunn eftir kaflapróf fengu þeir auka þjálfun og tækifæri til að endurtaka próf.

Námsmat: símat.

Námsbækur í stærðfræði Stika 1 A og B nemendabók.,

Íslenska: Unnið var eftir leiðsagnarmati þannig að markmið Varða og vegvísa voru hafðir að leiðarljósi við skipulag kennslunnar. Markmiðin voru höfð sýnileg nemendum þannig að þeir vissu til hvers var ætlast. Námsmarkmið voru skipt í lotur og unnið var á fjölbreyttan hátt í hverju lotu til að ná settum markmiðum. Ef nemendur fengu minna en 5 í einkunn eftir lotupróf fengu þeir auka þjálfun og tækifæri til að endurtaka próf.

Námsmat: Eftir hverja lotu voru tekin próf.

Námsbækur: Málrækt 1, Orðspor 1, Mál til komið, Skræða, Blákápa og ýmis aukaefni sem voru ljósrituð.

Enska: Kennt var þannig að hlustað var á kaflann sem lá undir hverju sinni og svo unnin verkefni tengd viðfangsefninu. Farið var dýpra í þá málfræði sem kom í hverjum kafla með auka æfingum.

Námsmat: kaflapróf eftir 2 kafla og stutt málfræðiþróf.

Námsefni: Build up 1 og enskar málfræðiæfingar A.

Lífsleikni: Unnið var með bekkjarsáttmála, mitt og þitt hlutverk og svo markvisst að bekkjaranda og samskiptum á skólalóð.

Námsefni: Uppeldi til ábyrgðar (mappa) og bækurna Samvera.

Náttúrufræði og samfélagsfræði: Var kennd sem eitt stórt þemaverkefni þar sem ferlið var hugsað sem ein stór saga. Alls voru þetta 10 stór verkefni.

1. Sköpun heimsins samkv. Kristnum fræðum og svo tengja við sköpun heims samkv. Ásatrú.
2. Auðvitað bls. 48 kaflinn um jörðina okkar og halda áfram í myndun Íslands, jarðskjálfta o.s.frv.
3. Sól tungl og jörð frá bls 32 í Auðvitað, þar koma fyrir gömlu mánaðrheitin o.s.frv.
4. Loftslag á jörðinni, lega lands o.s.frv.
5. Kort og kortalestur í Ísland veröld til að njóta og kortabók.
6. Víkingar í Noregi fara til Íslands (ferlið um það), Ísland veröld bls. 21 (þar kemur fram aðstæður við landnám), athuga trúarbrögð landnámsmanna.
7. Auðlindir landsins hvar var best að setjast að? bls. 26 – 28 Ísland veröld til að njóta.
8. Kristin trú, út á hvað gengur hún?
9. Saga Leifs heppna (Leikrit), kristintaka.
10. Landfræði/líffræði: Þemaverkefni þar sem unnið er með hvern landshluta fyrir sig og tekin eru fyrir mismunandi dýr og plöntur á landinu.

Það námsefni sem notað var, var Ísland veröld til að njóta, Auðvitað 1, Á ferð með Leif heppna, Lífríkið á landi, Brauð lífsins, Kristindómur, ýmis aukaverkefni frá kennara. Allt ferlið má sjá undir 5.bekkur, samfélags og náttúrufræði (þema Sif.) Matið kom í formi umsagnar um árangur. Hvert þemaverkefni var metið fyrir sig á fjölbreyttan hátt, sjálfsmat, kennaramat, jafningjamat, ástundun og skil verkefna.

Ferðir:

September; farið var í námsferð í Kringluna, markmiðið var að skoða verð á ýmsum skóm og vinna ýmis stærðfræðiverkefni þeim tengdum.

Desember; farið var í þrjár ferðir. Árbæjarsafnið, nemendur fengu fræðslu um hvernig jólin vour upp úr 1950. Norrænahúsið, hlustað var á upplestur barnabókahöfunda sem voru að kynna nýjustu bækur sínar. Laugarásbíó, jólabíó.


Maí; vettvangsferði í hraunið og fjöruna í tengslum við námsefnið Líf á landi. Einnig var samstarfsverkefni Álfstanesskóla og umhverfisnefndar Garðabæjar og fór bekkurinn í fuglaskoðun um nesið undir leiðsögn Jóhanns Óla og Ólafs Einarssonar.

Júní var ferð á Reykjanes, við skoðuðum Orkuverið jörð, fórum að Gunnhver og að brúnni milli heimsálfa.

Námsmat/námsaðlögun

Lögð var áhersla á fjölbreytt námsmat s.s. leiðsagnarmat, kennaramat, sjálfsmat, jafningjamat og símat, frammistöðumat, stuttar kannanir og vinnubækur.

Einstaklingsmiðuð kennsla þar sem einstaklingur er mætt á sínum forsendum og námsefni aðlagð að þörfum hans. Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir tvisvar á skólaárinu. Stöðluð lestrarpróf frá Menntamálastofnun voru lögð fyrir þrisvar sinnum yfir árið.



Þróunarstarf/Nýbreytni

Í vetur fór starfsfólk Álfstanesskóla í námsferð til Brighton, þar sem skoðaðir voru skólar sem leggja áherslu á leiðsagnarmat og Growth Mindset. Fyrir ferðina höfðu kennarar fengið kynningu á Growth Mindset en eftir heimkomuna hófst frekari þróunarvinna í að innleiða vaxandi hugarfarar í 5.bekk. Einnig var haldið áfram að vinna með leiðsagnarmat eins og fyrri ár.

Skemmtanir og félagslíf

Lesið í nesið, uppbrotisdagar þar sem nemendur leystu verkefni á ýmsum stöðvum, bæði úti og inni. Nemendur í 4., 5. og 6. bekk unnu saman.

Árshátíð með 4. bekk inni í kennslustofum þeirra. Regluleg skemmtikvöld á vegum Félagsmiðstöðvarinnar. Öskudagurinn – hefðbundin skemmtun í íþróttahúsinu þar sem kötturinn var sleginn úr tunnunni. Á vorönn voru unglitadagar þar sem 4. og 5. bekkur unnu saman í tvo daga verkefni sem tengdust markmiðum Grænánans s.s. aukin hreyfing, orka og endurvinnsla.

Foreldrasamstarf

Á haustfundi var farið yfir einn af þáttum Uppeldis til ábyrgðar skólareglur og viðurlög við agabrotum. Haldin voru námsviðtöl tvisvar á skólaárinu þar sem foreldrar mættu með börnum sínum, fyrra viðtalið var hefðbundið námsviðtal með foreldrum og nemanda. Seinna viðtalið var kynning á vinnu og verkefnum nemenda þar sem nemendur sáu um kynningu fyrir foreldra sína. Nemendur og foreldrar komu í hópum og hittu kennara en nemendur sáu að mestu um kynninguna og kennarar voru á staðnum til viðtals. Einnig var foreldrum boðið einu sinni á leiksýningu nemenda þar sem nemendur túlka ferðir Leifs heppna.

Mat á starfi vetrarins

Með innleiðingu vaxandi hugarfars hafa umsjónakennarar orðið varir við meiri metnað í vinnubrögðum nemenda, þeir eru viljugri til að endurskoða og bæta verkefni sín.

Áframhaldandi vinna með leiðsagnarmat hefur líka skilað af sér nemendum sem eiga auðveldara með að tjá sig um námið. Við sem kennarar upplifðum aukið álag með breyttum vinnubrögðum þá sérstaklega vegna fjölda nemenda það er erfitt mikil vinna að halda utan um alla. Einnig var það mjög óæskilegt að hafa svona marga sérkennara það hefði verið gott að hafa þann sama í íslensku og í stærðfræði og einnig að hægt væri að treysta því að stuðningsfulltrúinn væri til staðar þegar hann átti að vera. Við vorum ekki eins duglegar að þvælast með börnin eins og við hefðum viljað og tengjum það líka fjölda barnanna. Yfir höfðuð þá gekk veturinn vel og við erum sáttar.

Guðrún Ólafía Þorleifsdóttir og Sigríður Sif Grímsdóttir, umsjónarkennarar

Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk

6.bekkur var í tveimur umsjónarhópum og skiptust í 6.H og 6.I. Hóparnir voru saman í opnu rými á þriðju hæð skólans með tvo umsjónarkennara sem báru sameiginlega ábyrgð á öllum nemendahópnum, einnig var Katrín Anna Eyvindardóttir í hálfri stöðu sem kennari í árganginum, hún sinnti sérkennslu og enskukennslu. Að hausti voru 49 nemendur í árganginum. En þær breytingar urðu á hópnum að þrjár stúlkur skiptu um skóla en nýr drengur byrjaði í febrúar. Umsjónarkennarar voru Hildur Karlsdóttir og Ingunn Óladóttir. Stuðningsfulltrúi í 6.bekk var Guðbjörn Harðarson og aðstoðaði hann í ca 10 kennslustundir á viku. Aðrir kennarar sem komu að árganginum voru Katrín Anna Eyvindardóttir sem kenndi ensku ásamt Ingunni. Um textílkennslu sá Kristín Fjóla Bergþórsdóttir, smíði Nanna Bárðardóttir, myndlist Nada Borosak, heimilisfræði Sesselja Tómasdóttir, leiklist Hanna Mjöll Káradóttir, upplýsingatækni Ingibjörg Jónsdóttir, hreyfing Samúel Ívar Árnason, sköpun Ingunn Elísabet Víktorsdóttir. Ingunn umsjónarkennari sá um stærðfræðistofu. Íþrótt og sundkennsla var í höndum Lindu B. Thorlacius, Samúels Ívars Árnasonar, Ragnars Elvars Arinbjarnarsonar og Björgvins Júníussonar.



Markmið og helstu áherslur árgangsins

Stuðst var við markmið Aðalnámskrár grunnskóla við skipulagningu kennslunnar. Markmið kennslunnar í vetur var að innleiða leiðsagnarmat að sem mestu leyti í sem flestar greinar.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Leitast var við að flétta leiðsagnarmati og vaxandi hugarfari (growth mindset) við kennsluhætti og skipulag kennslunnar í sem flestum greinum. Í öllum námsgreinum hófust kennslustundir á kynningu á markmiðum vinnulotunnar og oftast endað á ígrundun á náminu.

Unnið var út frá kennsluáferðum Varða og vegvísa í íslensku. Lögð var áhersla á að sýna nemendum dæmi um vel unnin verkefni og sýnikennslu. Almennt var lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og að mæta ólíkum þörfum nemenda. Unnið var að hluta til í hringekjum.

Í stærðfræði var unnið með leiðsagnarmat þar sem nemendur voru virkjaðir í námi sínu í gegnum umræður um leiðir og lausnir. Áhersla á markmið námsins með brottfararspjöldum, forkönnunum og sjálfsmati.

Í öðrum fögum var lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti með einstaklings- og hópavinnu, skapandi vinnu sem og vinnubókarvinnu. Nemendum voru sýnd vel unnin verkefni og áhersla lögð á góða, vandaða vinnu og gott skipulag.

Námsmat/námsaðlögun

Lögð var áhersla á fjölbreytt námsmat s.s. leiðsagnarmat, kennaramat, sjálfsmat, jafningjamat og símat, frammistöðumat, stuttar kannanir, vinnubækur og lokapróf.

Einstaklingsmiðuð kennsla þar sem einstaklingum er mætt á sínum forsendum og námsefni aðlagð að þörfum hans. Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir tvisvar á skólaárinu ásamt Aston index stafsetningarprófinu. Stöðluð lestrarpróf frá Menntamálastofnun voru lögð fyrir þrisvar sinnum yfir árið. Sérkennarar lögðu fyrir nemendur logos-skimur og fengu nemendur einstaklingsmiðaða þjálfun í takt við þær niðurstöður.

Lífsleikni

Unnið var með Uppeldi til ábyrgðar, sem er uppeldisstefna Álfstanesskóla. Bekkjargundur einu sinni í viku. Nemendur gerðu með sér sáttmála um samskipti. Hjúkrunarfræðingur skólans kom og hélt fræðsluerindi um kynþroska.

Þróunarstarf/Nýbreytni

Í vetur fór starfsfólk Álfstanesskóla í námsferð til Brighton, þar sem skoðaðir voru skólar sem leggja áherslu á leiðsagnarmat og Growth Mindset. Fyrir ferðina höfðu kennarar fengið kynningu á Growth Mindset en eftir heimkomuna hófst frekari þróunarvinna í að innleiða vaxandi hugarfarar í 6.bekk. Einnig var haldið áfram að vinna með leiðsagnarmat eins og fyrri ár.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

| | |
|-----------------------------|--|
| Náttúrufræði, Grænánavinnna | Á unglisdögum voru unnin verkefni sem tengdust orku s.s. bílar og bátar sem gengu fyrir loftorku og öðrum orkugjöfum. Áhersla á endurnýtingu og aukna hreyfingu. |
| Jólabíó | Farið var í bíó fyrir jólin með nemendum úr 4.-10. bekk. |
| Vettvangsferðir | Farið í vorferð í Reykholt þar sem hópurinn fékk leiðsögn frá séra Geir Waage. |

Skemmtanir og félagslíf

Lesið í nesið, uppbrotsdagar þar sem nemendur leystu verkefni á ýmsum stöðvum, bæði úti og inni. Nemendur í 4, 5. og 6. bekk unnu saman. Árshátíð með 7. bekk á sal, diskó í lokin. Regluleg skemmtikvöld á vegum Félagsmiðstöðvarinnar.

Öskudagurinn – hefðbundin skemmtun í íþróttahúsinu þar sem kötturinn var sleginn úr tunnunni. Á vorönn voru unglisdagar þar sem 6. og 7. bekkur unnu saman í tvö daga að verkefnum sem tengdust markmiðum Grænánans s.s. aukin hreyfing, orka og endurvinnsla.

Foreldrasamstarf

Á haustfundi var farið yfir einn af þáttum Uppeldis til ábyrgðar skólareglur og viðurlög við agabrotum. Einnig fengu foreldrar kynningu á vaxandi hugarfari. Haldin voru námsviðtöl tvisvar á skólaárinu þar sem foreldrar mættu með börnum sínum, fyrra viðtalið var hefðbundið námsviðtal með foreldrum og nemanda. Seinna viðtalið var kynning á vinnu og verkefnum nemenda þar sem nemendur sáu um kynningu fyrir foreldra sína. Nemendur og foreldrar komu í hópum og hittu kennara en nemendur sáu að mestu um kynninguna og kennarar voru á staðnum til viðtals. Einnig var foreldrum boðið einu sinni á skólaárinu að sjá afrakstur af vinnu nemenda í Norðurlandaverkefni.

Mat á starfi vetrarins

Með innleiðingu vaxandi hugarfars hafa umsjónakennarar orðið varir við meiri metnað í vinnubrögðum nemenda, þeir eru viljugri til að endurskoða og bæta verkefni sín.

Áframhaldandi vinna með leiðsagnarmat hefur líka skilað af sér nemendum sem eiga auðveldara með að tjá sig um námið.

Hildur Karlsdóttir og Ingunn Óladóttir, umsjónarkennarar

Elsta stig

Íslenska

Kennarar

Þetta skólaár komu eftirfarandi kennarar að íslenskukennslu: Einar Daði Reynisson, Hanna Mjöll Káradóttir og Sif Þráinsdóttir, sérkennari í 7. og 8. bekk var Þorgerður Elín Brynjólfsdóttir, 9. bekk var Sigríður Helga Aðalsteinsdóttir og í 10. bekk var Sveinborg Lovísa Hauksdóttir.

Fagfundir

Íslenskukennarar funduðu reglulega til að skipuleggja kennsluna.

Námsumhverfi

Íslenska var kennd í stofu 308. Sérkennsla var að mestu í sérkennslurýmum á annarri- og þriðju hæð.

Kennsluáætlanir

Góð vinna var lögð í gerð kennsluáætlana í íslensku sem birtar voru á heimasíðu skólans.

Námsmat

Námsmat í íslensku var fjölbreytt og margar námsmatsaðferðir notaðar. Aðferðirnar endurspegluðu fjölbreyttar kennsluáðferðir.

Viðfangsefni

7. bekkur: Verkefni voru unnin út frá ljóðum og bókmenntatextum. Lögð var áhersla á ritun og stafsetningu. Unnið var með skáldsöguna Vítahring eftir Kristínu Steinsdóttur. Nemendur unnu lestrardagbók og verkefni meðfram lestrinum og skiluðu skapandi lokaverkefni. Nemendur tóku þátt í stóru upplestrarkeppninni og fengu þjálfun í framsögn. Í málfræði var sérstök áhersla lögð á fallbeygjanlegu orðflokkan.

Sérstaklega var unnið með lestur og lesskilning og lögð fyrir fjölbreytt og markviss verkefni m.a. lásu nemendur heima og skiluðu til okkar lestrardagbók hálfsmánaðarlega. Takmarkið var 500 blaðsíður á önn og skrifuðu nemendur einn útdrátt vikulega. Nemendur tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni og fengu markvissa þjálfun fyrir hana.

8. bekkur: Margvísleg verkefni voru unnin út frá bókmenntatextum. Unnið var með Laxdælu, hún lesin og fjölbreytt verkefni unnin. Í málfræði var unnið með sagnorð og fallbeygjanlegu orðflokkan. Lesnar voru 3 kjörbækur á haustönn, nemendur skiluðu útdráttum og tóku próf úr þeim.

9. bekkur: Margvísleg verkefni voru unnin út frá bókmenntatextum. Á haustönn var skáldsagan Korkusaga eftir Vilborgu Davíðsdóttur lesin, nemendur unnu lestrardagbók, fjölbreytt verkefni og skrifuðu bókmenntaritgerð. Á vorönn var skáldsagan Strákurinn í röndóttu náttfötunum eftir John Boyne lesin. Nemendur unnu nokkur verkefni, tóku þátt í umræðum og skiluðu skapandi lokaverkefni. Markvisst var farið í stafsetningu. Í málfræði var unnið með sagnorð og smáorð. Lesnar voru 3 kjörbækur á haustönn, nemendur skiluðu útdráttum og tóku próf úr þeim.

10. bekkur: Veturinn einkenndist af lestri og ritun. Nemendur lásu t.d. smásögur, bókmenntatexta, ljóð. Gísla saga Súrssonar var lesin á haustönn. Nemendur unnu lestrardagbók og lokaverkefni þar sem áhersla var lögð á frumleika og sköpun í framsetningu. Nemendur lásu Grafapögn tóku örpróf og unnu lítil verkefni. Endað var á lokaverkefni líkt og í Gíslasögu. Nemendur unnu heimildaritgerð þar sem efni ritgerðar var valfrjálst. Stuðst var við handbókina Heimi. Einnig var farið í bragfræði, málsögu og setningafræði.

Einar Daði Reynisson, Hanna Mjöll Káradóttir, Sif Þráinsdóttir, Þorgerður Elín Brynjólfsdóttir, Sigríður Helga Aðalsteinsdóttir og Sveinborg Lovísa Hauksdóttir.

Skýrsla stærðfræðikennara.

Kennarar

7. bekkur Guðrún Anna Kjartansdóttir og Gauti Eiríksson (Þorgerður Elín).

8. bekkur: Guðrún Anna Kjartansdóttir og Katrín Halldórsdóttir.
Sérkennsla: Berglind Ósk Böðvarsdóttir.

9. bekkur: Guðrún Anna Kjartansdóttir og Berglind Ósk Böðvarsdóttir.

10. bekkur: Guðrún Anna Kjartansdóttir og: Katrín Halldórsdóttir.
Sérkennsla. Berglind Ósk Böðvarsdóttir.

Kennslustundir: 5 stundir á viku í 7, 8., 9. og 10 bekk.

Kennsluefni í 7. bekk voru bækurnar Stika 3A og 3B bæði nemendabók og æfingarhefti. Nemendur unnu skilaverkefni eftir hvern kafla sem var próf úr bókinni. Eftir það voru lögð fyrir sérstök kaflapróf. Á vordögum var unnið eitt útiverkefni sem reyndi á verklega færni í stærðfræði. Allt þetta var tekið saman í eina lokaeinkunn sem nemendur fengu í lok hvorrar annar. Ekki náðist að klára síðasta kaflan í Stika 3B

Kennsluefnið í 8. bekk voru bækurnar Skali 1A og 1B. Nemendur tóku kaflapróf úr hverjum kafla en inn á milli þá tóku þau stundum örkannanir til að kanna stöðu þeirra. Einnig notuðum við síðuna Mathsbox til að efla skilning nemenda á námsþáttum. Í lok hvorrar annar var yfirlitspróf úr öllu námsefni annarinnar. Fyrir jól unnu nemendur verklegt verkefni sem kallaðist „Hvað kostar að halda jól“. Síðustu vikuna um vorið unnu nemendur útiverkefni.

Kennsluefnið í 9. bekk voru bækurnar Átta-tíu 3 og Átta-tíu 4 ásamt Almennri stærðfræði II. Einnig var tölfræði úr Átta-tíu 6. Nemendur unnu skilaverkefni eftir hvern kafla sem var hluti af lokaeinkunn. Eftir leiðréttingu og skil kennara á því verkefni tóku nemendur kaflapróf. Í lok hvorrar annar var yfirlitspróf úr námsefni annarinnar. Á vordögum var unnið eitt útiverkefni sem reyndi á verklega færni í stærðfræði.

Kennsluefnið í 10. bekk var Almenn stærðfræði III ásamt ljósriti úr Stæ 103. Nemendur unnu skilaverkefni eftir hvern kafla sem nemendur fengu leiðsegjandi endurgjöf á. Eftir leiðréttingu og skil kennara á því verkefni tóku nemendur kaflapróf. Í lok hvorrar annar var yfirlitspróf úr öllu námsefni annarinnar. Bættum inn heftum úr námsefni framhaldsskóla vegna efnis sem best hafði við vegna færslu efnis niður í grunnskólann úr framhaldsskólanum. Um vorið var unnið lokaverkefni sem reyndi á allar námsgreinar. Sjá nánari lýsingu „Lokaverkefni í 10. bekk“.

Kennsluaðferðir felast í útskýringum á töflu og einstaklingsaðstoð í bekk. Í byrjun hvorrar annar fá nemendur kennsluáætlun fyrir önnina þar sem námefninu er skipt niður á vikur annarinnar. Þar geta nemendur fylgst með námsþáttum hvorrar viku, hvaða dæmi skulu reiknuð. Í hverjum árgangi voru ákveðnir einstaklingar teknir út úr tímum í sérstaka námsaðstoð.

Í vetur var boðið upp á heimanámsaðstoð í stærðfræði sem valgrein í 8. – 10. bekk og voru margir nemendur sem völdu það. Í þeim tímum voru alltaf stærðfræðikennari. Þessi vetur hefur gengið mjög vel í 8. – 10. bekk. Að mati kennara er ánægja með námsefnið en námsbókin Almenn stærðfræði og Skali hefur haft meira og meira vægi síðustu ár.

Búið er að gera stærðfræðiútskýringar á Youtube og er ætlunin gera meira af því á næsta ári. Mikil ánægja var með það bæði meðal nemenda og foreldra.

Gauti Eiríksson, Guðrún Anna Kjartansdóttir, Katrín Halldórsdóttir, Berglind Ósk Böðvarsdóttir

Danska

Kennarar

Hjördís Jóna Gísladóttir kenndi dönsku í 7.- 10. bekk.

Berglind Ósk Böðvarsdóttir kenndi dönsku í 7. bekk.

Námsumhverfi

Einstöku nemendur voru með frávík frá bekknum og voru í öðru námsefni.

Kennsluáætlanir

Gerðar voru kennsluáætlanir fyrir haust og vorönn í hverjum árgangi fyrir sig svo nemendur og foreldrar hefðu yfirsýn yfir þá vinnu sem framundan væri og hvernig námsmati væri háttað.

Námsmat

Námsmat byggðist á kaflaprófum, skilaverkefnum (skriflegum og munnlegum), hópverkefnum, einstaklingsverkefnum og stuttmynd.

Viðfangsefni

7. bekkur: Námsbækur: Start les- og vinnubók og Smart les- og vinnubók. Nemendur unnu nokkrar blaðsíður í einu og svo var próf. Nemendur horfðu á nokkrar bíómyndir. Einnig var unnið hópverkefni og vorverkefnið var útiverkefni.

8. bekkur: Námsbækur: Tænk, les- og vinnubók A og B. Í lok hvers kafla var kaflapróf og var horft á bíómynd eftir hvert próf. Nemendur unnu 3 skilaverkefni á hvorri önn, munnleg og skrifleg.

9. bekkur: Námsbækur: Smil, les- og vinnubók. Nemendur tóku kaflapróf í lok hvers kafla og skiluðu auk þess skilaverkefnum, munnlegum og skriflegum. Horft var á nokkrar bíómyndir yfir árið. Nemendur lásu einnig skáldsögu að eigin vali og skiluðu úrdrætti úr henni.

10. bekkur: Námsbækur: Ekko les- og vinnubók A. Kaflapróf í lok hvers kafla og einnig horfðum við á nokkrar bíómyndir. Nemendur skiluðu munnlegum og skriflegum verkefnum yfir veturinn. Nemendur bjuggu til stuttmynd úr ævintýrum H.C. Andersen. Einnig lásu nemendur eina bók og unnu lesskilningsverkefni úr henni. Vetrinum lauk með lokaverkefni þar sem nemendur skipuleggja 3ja daga heimsókn danskra vina til Íslands. Verkefnið er einstaklingsverkefni og flutt munnlega fyrir bekkinn. Þetta verkefni hefur reynst vel í 10. bekk.

Að lokum

Við leggjum áherslu á að sýna danskar bíómyndir við hæfi hvers árgangs því við teljum að bíómyndir efli skilning á töluðu máli. Einnig finnst okkur sem áhugi á danskri tungu og menningu aukast hjá nemendum.

Hjördís Jóna Gísladóttir, Berglind Ósk Böðvarsdóttir

Enska

Kennarar

Þetta skólaár komu eftirfarandi kennarar að enskukennslu: Berglind Ósk Böðvarsdóttir, 9. bekkur. Katrín Halldórsdóttir 8. og 10. bekk og enska 203 valáfangi/fjarnám frá FG. Helga B. Flóventsdóttir sá um kennslu í 7. bekk.

Námsumhverfi

Einstöku nemendur voru með frávík frá bekkjum og voru í öðru námsefni. Einhverjir nemendur héldu áfram í námsefni næsta árgangs.

Kennsluáætlanir

Við gerð kennsluáætlana var lögð áhersla á fjölbreytt vinnubrögð og verkefni.

Námsmat

Námsmat í ensku var afar fjölbreytt og margar námsmatsaðferðir notaðar. Aðferðirnar endurspegluðu fjölbreyttar kennsluáðferðir og símat.

Viðfangsefni

7. bekkur: Námsbækur: Action lesbók og Action a og b vinnubók. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni skiluðu til kennara og fluttu fyrir bekkinn. Nemendur völdu bók í samráð við kennara, lásu og skiluðu skýrslu um bókina. Action inniheldur auka lesskilnings-, hlustunar-, ritunar- og einnig málfræðiverkefni sem voru nýtt. Nemendur tóku kaflapróf og málfræðipróf eftir hvern kafla og unnu fjölbreytt verkefni tengd óreglulegum sögnum. 1 nemandi var með námsefni 8 bekkjar

8. bekkur: Námsbækur: Spotlight 8 les- og vinnubók. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni skiluðu til kennara og fluttu fyrir bekkinn. Einnig unnu nemendur ýmis lesskilningsverkefni úr True stories og Go for it bókinni. Nemendur voru einnig með Show and tell. Spotlight 8 inniheldur auka lesskilnings-, hlustunar-, ritunar- og einnig málfræðiverkefni sem voru nýtt. Nemendur tóku kaflapróf og málfræðipróf eftir hvern kafla.

9. bekkur: Námsbækur: Spotlight 9 les- og vinnubók. Spotlight 9 inniheldur auka lesskilnings-, hlustunar-, ritunar- og einnig málfræðiverkefni sem við nýttum. Nemendur tóku kaflapróf og málfræðipróf eftir hvern kafla. Nemendur lásu bókina Holes og unnu ljósritað heftir um bókina. Nemendur unnu verkefni og kynntu fyrir bekkinn. Unnið var með stutta lestexta að eigin vali og unnu ýmis málfræðiverkefni tengt þeim. Nemendur voru einnig með Debates um valin umræðuefni og einnig voru þau með Show and tell. Nemendur lásu einnig lesskilningshefti og unnu spurningar úr þeim. Nokkrir nemendur luku við námsefni 9. bekkjar og eru komnir áleiðis með námsefni 10. bekkjar.

10. bekkur: Námsbækur: Spotlight 10 lesbók og vinnubók. Spotlight 10 inniheldur auka lesskilnings-, hlustunar-, ritunar- og einnig málfræðiverkefni sem við nýttum. Nemendur tóku kaflapróf og málfræðipróf eftir hvern kafla. Nemendur lásu bók að eigin vali og skiluðu nokkrum ritunarverkefnum úr henni. Nemendur fóru í debates og fluttu show and tell. Einnig var farið vel í word building og tekið próf úr því. Níu nemendur voru í framhaldsskólaáfanganga ENSK2ms05 og stóðu sig mjög vel þar.

Katrín Halldórsdóttir, Berglind Ósk Böðvarsdóttir og Helga Björg Flóventsdóttir

Samfélagsfræði 7., 8., 9. og 10. bekk

Kennarar

7. bekkur Sigríður Sif Grímsdóttir og Helga Björg Flóventsdóttir

8. bekk Einar Daði Reynisson og Helga Björg Flóventsdóttir

9. bekk Einar Daði Reynisson, Hanna Mjöll Káradóttir og Sif Þráinsdóttir

10. bekk Einar Daði Reynisson

Fagfundir

Kennarar hittust reglulega og fóru yfir kennslufyrirkomulag og námsefni.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir í samfélagsfræði voru gerðar með það að markmiði að nemendur gætu fylgst með. Heimavinnuáætlanir voru settar inn á Mentor þar sem foreldrar/nemendur gátu fylgst með.

Námsmat

Námsmat í samfélagsfræði voru spurningar, próf og verkefni.

Viðfangsefni

7. bekkur: Við fórum við í sögu og vorum með Sögueyju 1 og 2. Nemendur unnu hópverkefni þar sem notaðar voru aðferðir leikrænnar tjáningar og verkefnið var tekið upp á Ípad. Eftir áramót unnum við með bókina Evrópa, nemendur unnu verkefni frá kennurum og í verkefnabók. Við fórum líka í Islam og nemendur unnu verkefni frá kennurum.

8. bekkur: Í haust var stuðst við bókina Um víða veröld: Jörðin þar sem áhersla var lögð á umræður og verkefnavinnu. Nemendur tóku oft ákveðinn hluta námsefnisins og héldu kynningu fyrir samnemendur sína. Eftir áramót vorum við með Lýðræði og tækni: Saga 19. aldar og voru unnin verkefni í hópum og einstaklingsvinnu. Nemendur horfðu á myndina Les Miserables (Vesalingana) og nokkur stutt myndbönd af Youtube.

9. bekkur: Í haust vorum við með Um víða veröld: Heimsálfur þar sem umræður og verkefnavinna fóru fram, farið var í hverja heimsálfu fyrir sig. Nemendur drógu eitt land í Asíu og kynntu sér það vel og héldu að lokum kynningu fyrir bekkinn. Eftir áramót var farið í sögu og voru bækurnar Styrjaldir og kreppa og Frelsi og Velferð notaðar. Sýnd voru fræðslumyndbönd um helförina, La vita bella og margar stuttar myndir af Youtube.

10. bekkur: Fyrir áramót var unnið með í þjóðfélagsfræði með bókina Á ferð um samfélagið og svöruðu nemendur spurningum og tóku þátt í umræðum um efnið. Einnig fóru nemendur og kennari í vettvangsferð á skólaþing og þar var nemendum kynnt starfsemi Alþingis. Eftir áramót unnu nemendur að landaverkefni og þar áttu þeir í hópum að búa til land frá grunni og hafa alla náttúrulega og þjóðfélagslega þætti t.d. staðsetningu í gráðum, samgöngur, samskipti, stjórnarfar o.fl.

Að lokum

Þetta árið komu eftirfarandi kennarar að samfélagsfræðikennslu: Einar Daði Reynisson, Hanna Mjöll Káradóttir, Helga Björg Flóventsdóttir, Sif Þráinsdóttir og Sigríður Sif Grímsdóttir.

Samstarf gekk að mjög vel og voru verkefni auk námsefnis bætt eða hugmyndir að lagfæringum fyrir komandi ár hrint í framkvæmd.

Einar Daði Reynisson, Helga Björg Flóventsdóttir, Hanna Mjöll Káradóttir, Sif Þráinsdóttir og Sigríður Sif Grímsdóttir.

Náttúrufræði

Þetta árið sinnti Gauti Eiríksson náttúrufræðikennslu

Námsumhverfi

Flestir tímar fóru fram í náttúrufræðistofunni en einhverjir tímar fóru fram í heimastofu nemenda eða úti við.

Námsmat

Kaflapróf voru eftir hvern kafla og skilaverkefni. Kaflaprófin voru ýmist hefðbundin próf eða heimapróf. Skilaverkefni voru ýmist dæmablöð eða spurningar upp úr námsefninu.

Viðfangsefni

7. bekkur: Námsbækur: Auðvitað - Heimilið og Maðurinn: hugur og heilsa. Auðvitað – Heimilið var kennd á haustönn. Námið fór þannig fram að lesið var saman, glósað, svarað spurningum og gerðar tilraunir. Matið var þrjú próf (30% hvert) ásamt skil á skýrslum, vinnubók og verkefnavinnu (10%). Maðurinn: hugur og heilsa var kennd á vorönn. Kennsluaðferðir sem stuðst var meðal annars við var að lesið var saman, unnið í vinnubókum, nemendur fengu glósur, horft á fræðslumyndbönd, líkön voru sýnd, unnið var bæði einstaklingslega og í hóp og tilraunir voru framkvæmdar.

Lokamat var þrjú próf (25%), hópverkefni (15%) og vinnubók (10%). Bókinni var skipt upp í fjóra hluta. Úr fyrstu þremur hlutum var tekið próf og voru þau öll með ólíku sniði. Úr seinasta hluta bókarinnar var unnið hópverkefni. Verkefnið var unnið á padlet.com. Með því að nota padlet í hópavinnu var hægt að koma í veg fyrir að námsgögn vantaði ef einhver nemandanna forfallaðist.

8. bekkur: Námsbækur: Efnisheimurinn og Mannlíkaminn. Efnisheimurinn öll bókin en kaflar 1, 5, 6 og 7 í Mannlíkaminn.

Haustið 2013 var kennsluaðferðum í náttúrufræði breytt í 8. bekk Álfstanesskóla. Í stað beinnar kennslu í skólastofunni þar sem nemendur tóku niður glósur og kennarinn útskýrði var tekin upp spegluð kennsla (vendikennsla). Þá voru sett á youtube.com myndbönd sem útskýra efnið og nemendur unnu svo ýmis verkefni í tímum ásamt því að taka þátt í hópverkefnum og ýmislegt fleira.

Að jafnaði var sett inn eitt myndband á viku fyrir hvorn bekk og áttu að vera búnir að horfa á myndbandið í upphafi hverrar viku. Myndböndin voru flest fimm til tíu mínútur og mikilvægt var að nemendur horfðu á hvert myndband oft en einu sinni og í raun eins oft og þurfa þótti þar til nemandinn hafði náð tökum á efninu.

Upplýsingar um hvaða myndbönd á að horfa á fyrir hverja viku hafa verið birtar í heimavinnuáætlun á mentor.is. Myndböndin eru hins vegar opin á youtube.com þannig að nemendum dugði að fylgjast með þar. Þegar kemur að lausnum á verkefnum eða upplýsingum fyrir próf þá hafa myndböndin verið óskráð og slóðin fyrir þau sett inn í mentor.is. Þannig geta einungis þeir nemendur sem hafa slóðina séð myndböndin.

Nokkrar verklegar tilraunir og vettvangsferðir í nágrenni skólans. Nokkur kennslumyndbönd notuð. Kaflapróf eftir hvern kafla.

9. bekkur: Námsbækur: Kraftur og hreyfing, Sól, tungl og stjörnur og Lífheimurinn.

Haustið 2013 var kennsluaðferðum í náttúrufræði breytt í 10. bekk Álfstanesskóla. Í stað beinnar kennslu í skólastofunni þar sem nemendur tóku niður glósur og kennarinn útskýrði var tekin upp spegluð kennsla (vendikennsla). Þá voru sett á youtube.com myndbönd sem útskýra efnið og nemendur vinnu svo ýmis verkefni í tímum ásamt því að taka þátt í hópverkefnum og ýmislegt fleira.

Að jafnaði var sett inn eitt myndband á viku fyrir hvorn bekk og áttu nemendur að vera búnir að horfa á myndbandið í upphafi hverrar viku. Myndböndin voru flest fimm til tíu mínútur og mikilvægt var að nemendur horfðu á hvert myndband oft en einu sinni og í raun eins oft og þurfa þótti þar til nemandinn hafði náð tökum á efninu.

Upplýsingar um hvaða myndbönd á að horfa á fyrir hverja viku hafa verið birtar í heimavinnuáætlun á mentor.is. Myndböndin eru hins vegar opin á youtube.com þannig að nemendum dugði að fylgjast með þar. Þegar kemur að lausnum á verkefnum eða upplýsingum fyrir próf þá hafa myndböndin verið óskráð og slóðin fyrir þau sett inn í mentor.is. Þannig geta einungis þeir nemendur sem hafa slóðina séð myndböndin.

Eðlisfræði: Farið var ítarlega í annan og þriðja kaflann bókinni Krafti og hreyfingu. Þar voru hugtökin kraftur, vinna, hreyfing og þyngd höfð að leiðarljósi. Nemendur unnu sjálfstætt en með aðstoð kennarans. Aðalatriðin útskýrð með beinni kennslu. Nokkrar verklegar tilraunir voru framkvæmdar og farið í vettvangsferðir í nágrenni skólans. Kaflapróf eða skilaverkefni eftir hvern kafla.

Stjörnufræðin: Bókin Sól, tungl og stjörnur var öll tekin en bætt við og tekið út það sem var orðið úrelt. Notast var við ýmis myndbönd og internetið skoðað þar sem við átti. Kaflapróf eða skilaverkefni eftir hvern kafla.

Líffræði: Lífheimurinn öll bókin. Nemendur unnu sjálfstætt en með aðstoð kennarans. Aðalatriðin útskýrð með beinni kennslu. Farið var í stuttar vettvangsferðir og einfaldar tilraunir með víðsjá voru framkvæmdar. Próf og skilaverkefni unnið.

10. bekkur: Námsbækur: Maður og náttúra og Eðlisfræði I

Haustið 2013 var kennsluaðferðum í náttúrufræði breytt í 10. bekk Álfstanesskóla. Í stað beinnar kennslu í skólastofunni þar sem nemendur tóku niður glósur og kennarinn útskýrði var tekin upp spegluð kennsla (vendikennsla). Þá voru sett á youtube.com myndbönd sem útskýra efnið og nemendur vinnu svo ýmis verkefni í tímum ásamt því að taka þátt í hópverkefnum og ýmislegt fleira.

Að jafnaði var sett inn eitt myndband á viku fyrir hvorn bekk og áttu að vera búnir að horfa á myndbandið í upphafi hverrar viku. Myndböndin voru flest fimm til tíu mínútur og mikilvægt var að nemendur horfðu á hvert myndband oft en einu sinni og í raun eins oft og þurfa þótti þar til nemandinn hafði náð tökum á efninu.

Upplýsingar um hvaða myndbönd á að horfa á fyrir hverja viku hafa verið birtar í heimavinnuáætlun á mentor.is. Myndböndin eru hins vegar opin á youtube.com þannig að nemendum dugði að fylgjast með þar. Þegar kemur að lausnum á verkefnum eða upplýsingum fyrir próf þá hafa myndböndin verið óskráð og slóðin fyrir þau sett inn í mentor.is. Þannig geta einungis þeir nemendur sem hafa slóðina séð myndböndin.

Nemendur unnu sjálfstætt en með aðstoð kennarans. Aðalatriðin útskýrð með beinni kennslu. Nokkrar verklegar tilraunir og vettvangsferðir í nágrenni skólans. Nokkur kennslumyndbönd notuð. Maður og náttúra öll bókin og líka Eðlisfræði I. Kaflapróf eftir hvern kafla en stundum voru teknir tveir í einu.

Gauti Eiríksson

Lokaverkefni 10. bekkjar

Allir kennarar sem kenndu nemendum í 10. bekk komu að verkefninu.

Námsumhverfi

Nemendur unnu í stofum 305 – 306 og höfðu aðgang að listgreinastofum. Nemendur gátu farið vettvangsferðir í bæinn ef þeir skiluðu inn leyfisbréfi.

Kennsluáætlanir

Nemendur fengu verkefnalýsingu og vinnuramma.

Námsmat

Nemendur kynntu verkefnið fyrir umsjónarkennurum og fylltu út sjálfsmat og jafningjamat. Umsjónarkennarar fóru yfir verkefnin og gáfu einkunn og umsögn.

Viðfangsefni

Nemendur unnu 3–5 saman í hóp að verkefnunum þar sem reyndi á sjálfstæð vinnubrögð, skipulagningu og samstarf.

Hóparnir völdu eitt af eftirfarandi verkefnum:

- hanna menningar- og/eða afþreyingarstað
- stofna fyrirtæki/verslun
- stofna fjölmiðlafyrirtæki

- skipuleggja hátíð sem getur verið íþrótt-, lista-, tónlistar-, og/eða útihátíð
- stofna æskulýðs- og/eða íþróttamiðstöð

Hverju verkefni fylgdi: Dagbók, sem skrifað var í daglega um framgang verksins, líkan, auglýsingar (veggspjald, myndband), blaðagreinar, fjárhagsáætlun ásamt öðru, allt eftir eðli verkefnis.

Að lokum

Verkefnið gekk mjög vel þetta vorið. Nemendur völdu sig sjálfir í hóp og kom það vel út. Fyrir næsta ár þarf að fara yfir matslista kennara.

Guðrún Anna Kjartansdóttir og Gauti Eiríksson, umsjónarkennarar í 10. bekk

Upplýsingamennt

Helstu viðfangsefni

Nemendur unnu í ýmsum verkefnum tengdum Office forritum eins og Word, Excel, Publisher og Power Point. Farið var í forrit þar sem hægt var að setja saman stuttmynd á teiknimyndaformi og þurftu nemendur að setja saman mynd með hljóðum, texta og söguþræði. Nemendur unnu í vefsíðuforriti tölvuleikjagerð af ýmsum toga. Farið var ágætlega í notkun og möguleika á forritinu Sketchup og þurftu nemendur að skila af sér ákveðnum þrívíddarteikningum þar. Unnið var markvisst í html og css forritun þar sem nemendur lærðu helstu skipanir og unnu markvisst að því hvernig heimasíða er gerð og muninn á html og css. Eitthvað var einnig unnið í myndvinnsluforritum og fleira.

Námsmat

Umsögn þar sem virkni og þátttaka var metin.

Mat á starfi vetrarins

Veturinn gekk mjög vel og flestir nemendur voru mjög virkir. Það sem háði starfinu helst var lélegur tölvubúnaður og hafði hann oft hamlandi áhrif á starfið.

Katrín Halldórsdóttir og Guðrún Anna Kjartansdóttir kennarar í Upplýsingamennt.

Valgreinar á elsta stigi

Árbók

Nemendur útbúa árbók útskriftarhóps 10. bekkjar. Allur undirbúningur og heimildaöflun var í höndum þessa hóps undir leiðsögn kennara. Það er að mörgu að hyggja við gerð árbókar og margvísleg hlutverk í boði fyrir nemendur, t.d. ljósmyndari, textahöfundur, tölvusérfræðingur og hönnuður.

Í valinu voru 9 nemendur. Sú nýbreytni var núna að valið var bara fyrir áramót en ekki heilan vetur eins og áður. Þetta gafst vel og dugði tíminn nánast til að klára.

Kennari: Hjördís Jóna Gísladóttir

Tómstunda og félagsmálafræði

Kennsluhættir: Umræður, verkefni, hópavinna, einstaklingsvinna og verklegt.

Helstu viðfangsefni: Hópurinn skipulagði ýmsar upptökur og viðburði s.s. árshátíð, nemendaping, sleepover, þemadaga, bíósýningar, spiladaga og jólaball. Einnig var farið í

umræður um lýðræði og jafnrétti. Árshátíðin gekk vel og einnig mánaðarlegar uppákomur sem þau skipulögðu. Nemendaping tókst sérstaklega vel og allur undirbúningurinn í kringum það.

Námsmat: Umsögn um virkni og vinnuframlag í tímum.

Mat á starfi vetrarins: Almennt gekk starfið frekar vel. Það voru 32 nemendur í valinu og er það aðeins of mikill fjöldi.

Kennarar: Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir

Íþróttافرæði – Gym Heilsa

Í vetur var áfanganum skipt í tvo hluta. Fyrri hlutinn var tekinn fyrir áramót og var hugsaður sem grunnkennsla í líkams- og heilsurækt. Eftir áramót var svo skreft tekið lengra. Kennsla fór fram í líkamsræktarstöðinni Gym Heilsa, sem staðsett er í húsnæði Álftaneslaugar. Nemendur fengu eina og hálf klukkustund á viku undir leiðsögn kennara en gátu svo mætt á eigin vegum á opnunartíma stöðvarinnar. Nemendur þurfa að eiga árskort í stöðinni til að geta tekið þátt í áfanganum.

Farið var í grunnatriði næringafræðinnar og mataræði tengt við æfingaáætlanir.

Helstu viðfangsefni

Nemendur fá þjálfun í æfingum sem efla þrek og þol, t.d. styrkjandi og mótandi æfingar þar sem unnið er með eigin líkamspunga, styrkjandi og mótandi æfingum með lóðum eða tækjum. Nemendur læra að skipuleggja eigin líkams- og heilsurækt undir handleiðslu kennara. Þá læra nemendur grunnatriði í næringafræði. Eitt megin markmið áfangans er að nemendur styrki sjálfsmýnd sína með jákvæðri upplifun af líkams- og heilsurækt.

Námsmat


Nemendur fá einkunnina „lokið eða ólokið“ ásamt umsögn. Kennari metur ástundun, áhuga og samskipti.

Mat á starfi vetrarins

Undirritaður er mjög ángæður með afrakstur vetrarins. Flestir nemendur náðu markmiðum sínum og gott betur en það. Kennari telur að nemendur séu vel undirbúnir í að standa á eigin fótum í líkams- og heilsueflingu í framtíðinni.

Kennari telur að bæta megi fræðilega hluta áfangans með því að fá sérfræðinga til að fræða nemendur, t.d. næringafræðing. Það er alltaf gott að geta víkkað sjónvildarhring nemandans með fjölbreyttri nálgun.

Björgvin Júníusson, íþróttakennari



Myndlist og listasmiðja

Kennsluhættir/Skipulag kennslu/skipting hópa ...

Nemendur í 8. – 10. bekk sem völdu myndlist eða listasmiðju hafa fengið 120 mínútna kennslu hverja viku.

Helstu markmið

Í myndlist öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig á skapandi hátt.

Í því ferli þróa nemendur leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, klippiaðferð og fl.

Nemendur skapa sjónræn verk og vinna þeir ýmist út frá eigin rannsóknum og greiningu eða með virkjun ímyndunarafþisins þar sem þeir tengja við fyrri reynslu, menningu og umhverfi. Í umræðum um myndlist skapast svo tækifæri til að þjálfra orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi.

Eitt lykilhlutverk menntunar er að læra að skilja þann heim sem við búum í svo við verðum virkir, gagnrýnir samfélagsþegnar sem geta látið gott af sér leiða. Sjónlistir henta vel til þess, því í myndlist er unnið markvisst með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að sjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni. Með því að leyfa nemendum að velja inntak verka eða miðil í myndlist er hægt að efla frumkvæði þeirra.

Námsgögn

Sérútbúin gögn frá kennara, listabækur og netið.

Helstu viðfangsefni

Viðfangsefni skólaársins hafa verið fjölbreytt og skapandi ýmist tengt við námsefni/þemað/árstíðir/hátíðir/uppákomur/nær og fjarsamfélag og fleira.

Sköpunargleðin var einkennandi fyrri starfið í vetur og það áberandi bæði í efnisnotkun og hugmyndaárikum útfærslum verkefna.



Námsmat

Leiðsagnar og frammistöðumat í list- og verkgreinum er staðlað form í Mentor.is sem kennarar fylla út og fá nemendur matið afhent að vori að kennslu lokinni.


Sameiginleg verkefni

Nemendur elsta stigs voru með skemmtileg verkefni sem prýðir vegg skólans. Þetta er sameiginleg verkefni tveggja nemenda í myndlistar og smíðar valinu. Þeir hönnuðu og máluðu tré - á tré plötu sem er notuð í kynningu á nýjum nemendum skólans.

Mat á starfi vetrarins

Veturinn hefur verið skapandi og skemmtilegur. Gaman hefur verið að fylgjast með einstaklega hæfilekarikum, hugmyndaríkum og vinnusömum nemendum sem höfðu verið með frumkvæði að mörgum skemmtilegum verkefnum.

Það sem ég ætla að bæta í mínni kennslu er innleiðing og þróun á jákvæðu hugarfari í valgreinakennslu í listum ☺.



Nada Borošak

Heimilisfræði

Val- Brauð og kökur og Heimshornamatur

Kennsluhættir/Skipulag kennslu/skipting hópa:

Kennt er í u.þ.b.17 vikna lotum sem eru um það bil 51 kennslustund, 3 x 40 mínútur á viku. Hver lota byggist á sama skipulagi en áherslur geta verið ögn mismunandi eftir hópum og nemendum.



Helstu markmið

Kennsla er bæði bókleg og verkleg og leggur áherslu á að auka þekkingu og leikni nemenda við fjölbreyttar baksturs og eldunaraðferðir. Lögð áhersla á að nemendur geti búið til og framreitt einfaldar kökur og rétti og tileinkað sér mismunandi strauma og stefnur í bakstri og eldamennsku. Einnig er lögð áhersla á að þeir geti þvegið upp og gengið frá eftir sig. Nemendur eru þjálfaðir í að vinna eftir mismunandi uppskriftum.

Lögð er áhersla á að nemendur læra sjálfstæði í vinnubrögðum, útfæra verkefni á sinn hátt og hafa ánægju af.

Helstu viðfangsefni

Viðfangsefnin voru fjölbreytt. Verklegar æfingar fólust í að nemendur lærðu að elda og baka eftir góðum uppskriftum ásamt tiltekt og hreingerningu í eldhúsi.

Námsmat

Kennarar fylltu út frammistöðumat fyrir hvern nemanda ásamt lokið, ólokið.

Mat á starfi vetrarins

Veturinn hefur einkennst af gleði og vinnusemi. Gaman og gefandi hefur verið að fylgjast með kappsemi og áhuga nemenda á hvers kyns eldamennsku og bakstri. Sú gleði og eftirvænting sem þessum tímum fylgdi staðfestir mikilvægi verkgreina í skólastarfinu. Það sem hefði mátt vera markvissara var skipulag þemalista. Almenn var tímafjöldi sem kennari fékk með hverjum nemanda í lágmarki og hóparnir of stórir til að hægt væri að sinna hverjum nemanda eins og þurfti. Í vetur hefur kennari haldið áfram að leggja áherslu á betri umgengni, frágang verkfæra og mikilvægi þess að hafa allt í röð og reglu.

Úrbóta í heimilisfræðikennslu er helst þörf í stuðningi við þá nemendur sem þurfa meiri leiðsögn og aðstoð og aukin þrif á heimilisfræðistofu ásamt aðstoð við þrif á heimilisfræðistofu vegna kennslu á yngsta stigi.

Sesselja Tómasdóttir, heimilisfræðikennari

Hönnun og smíði

Kennsluhættir

Nemendur velja að vori þær valgreinar sem þeir hafa hug á að stunda á næsta skólaári. Hver nemandi verður að velja a.m.k. eina valgrein úr flokknum íþrótt-, list- og verkgreinar. Nemendur í 8., 9. og 10. bekk við Álftanesskóla gátu valið að fá kennslu í Hönnun og smíði/viður og Málmar og hönnun. Kennsluhættir sem stuðst er við eru; hugmyndavinna og sköpun, sýnikennsla og verklegar æfingar.

Í vetur voru báðir valhóparnir kenndir fyrir og eftir áramót og voru nemendur úr 8., 9. og 10. bekk saman. Hóparnir í Hönnun og smíði/viður fengu kennslu á miðvikudögum í 120 mínútur í senn. Hóparnir í Málmar og hönnun fengu kennslu á þriðjudögum í 80 mínútur í senn.

Helstu markmið;


Í Hönnun og smíði er að nemandinn;

- hafi þroskað með sér jákvætt viðhorf til handverks
- geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir í verkefnavinnu
- skilji að góð umgengni og endurnýting er mikilvæg fyrir umhverfið
- geti hannað og smíðað vandaða gripi úr helstu smíðaeignum og þekki til þessara efna og eiginleika þeirra
- hafi frumkvæði og kunnáttu til að velja verkfæri í samræmi við verkefni og vélar og tæki við hæfi


- geti notað fríhendis teikningu við hönnun og unnið sjálfstætt eftir hefðbundnu hönnunarferli

Helstu viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins hafa verið fjölbreytt, sérstaklega í **Hönnun og smíði/viður**. Nemendur hafa fengið að hanna og vinna eigin hugmyndir í samráði við kennara og litu nokkur skemmtileg verkefni dagsins ljós.



Í valgreininni **Málmar og hönnun** voru þrjú verkefni lögð inn. Nemendur hönnuðu og smíðuðu skeið úr messing, hring úr kopar og skartgrip úr messing og kopar.



Lögð hefur verið mikil áhersla á að nemendur hanni og útfæri verkefni sín á persónulegan hátt en fari eftir leiðbeiningum kennara í notkun verkfæra og meðhöndlun efnis.

Námsmat

Mat kennara á frammistöðu nemenda í tímum. Umsögn gefin við annaskipti og að vori.

Mat á starfi vetrarins

Í heildina litið gekk mjög vel.

Næsta skólaár verður boðið upp á tvær valgreinar í Hönnun og smíði eða þær sömu og nú í vetur.

Í vetur hefur kennari haldið áfram að leggja áherslu á betri umgengni, frágang verkfæra og að allt sé í röð og reglu.

Nanna Björk Bárðardóttir, kennari í Hönnun og smíði

Heimanámsaðstoð

Helstu viðfangsefni

Nemendur mættu í tíma með heimanám í stærðfræði eða íslensku. Ef nemendur höfðu ekkert heimanám mættu þeir með námsefni sem þau vildu vinna í eða lestrarbók. Einnig tóku nemendur sjúkra – og endurtökupróf í þessum tímum.

Námsmat

Umsögn þar sem virkni var metin.

Mat á starfi vetrarins

Í vetur var til bóta að nemendur voru hjá íslensku eða stærðfræðikennara í heimanámsaðstoð. Fyrirkomulaginu var breytt eftir reynslu síðasta skólaárs. Nemendur nýttu tímana misvel en yfir höfuð var góð nýting á tímumum.

Einar Daði Reynisson, Sif Þráinsdóttir, Guðrún Anna Kjartansdóttir, Katrín Halldórsdóttir.

Spænska

Nemendur í 9. – 10. bekk

Helstu viðfangsefni

Við fórum yfir grunn í spænsku, stafróf og tölur, mánuðir árstíðir og meiri orðaforða. Nemendur lærðu að heilsa og kveðja ásamt fleirum grunn setningum til að geta tjáð sig á spænsku. Einnig unnum við verkefni og fórum í grunninn á spænskri málfræði.

Námsmat

Umsögn þar sem virkni og þátttaka var metin.

Mat á starfi vetrarins

Veturinn gekk mjög vel og flestir nemendur voru mjög virkir.

Berglind Ósk Böðvarsdóttir

Skólabókasafn

Húsnæði

Skólasafn Álfthanesskóla og Bókasafn Garðabæjar, Álfthanessafn, er samsteypusafn. Safnið er staðsett miðsvæðis í skólabyggingunni. Aðstæður þar eru nokkuð góðar fyrir nemendur. Í aðalrými er útlánaaðstaða, vinnuaðstaða fyrir nemendur og setkrókur með tveimur sófum og stólum fyrir sögustundir. Innaf safninu er tölvuver með 16 nemendatölvum. Þar koma nemendur og vinna verkefni með kennurum sínum í upplýsingamennt.

Starfsmenn

Á safninu starfa Guðrún Gísladóttir, kennari og bókasafns- og upplýsingafræðingur í 49.9% starfi. Bókasafnsfræðingur veitir safninu forstöðu, sér um skráningu og flokkun allra safngagna ásamt útláni, fræðslu á safninu, aðföng og það sem til fellur á safninu auk kennslu í upplýsingamennt. Katrín Jónína Gunnarsóttir, stuðningsfulltrúi vinnur snemma á morgnana við útlán og frágang bóka seinni hluta dags.

Safnkostur

Í dag er skráður safnkostur 25.129 eintök, safnkostur Álfthanessafns og Skólasafns Álfthanesskóla. Safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfinu Gegni sem Landskerfi bókasafna rekur og hefur umsjón með.

Starfsemi

Allar námsbækur í 8. – 10. bekk eru skráðar í Gegni og fá nemendur í þeim árgöngum lánaðar námsbækur út á sitt bókasafnskírteini að hausti og einnig á vorönn. Mikil vinna fer í að tína til námsgögnin á haustin til útláns og einnig við innheimtu námsgagna og ganga frá þeim þegar skóla lýkur að vori.

Þar sem plássið á bókasafninu er ekki mikið hefur átt sér stað nokkur grisjun á bókum og tímaritum. Myndmenntakennari skólans hefur fengið mest af bókum til sín sem hún endurnýtir og notar í kennslu sinni.



Fræðsla og kynningar

Sigurlaug H. Traustadóttir, rithöfundur kom í heimsókn þann 22. nóv. og las upp úr Púkabókunum sínum fyrir 1. og 2. bekk.

Kristín Ragna Gunnarsdóttir, rithöfundur kom þ. 24. nóv. og las upp úr nýútkominni bók sinni Úlfur og Edda fyrir nemendur í 3. og 4. bekk.

Fyrir nemendur í 4. – 7. bekk kom Gunnar Helgason rithöfundur og leikari og las upp úr nýútkominni bók sinni Pabbi prófessor.

Miðvikudaginn 11. nóv. var Norræni bókasafnsdagurinn haldin á bókasafninu. Nemendum úr 1. bekk var boðið að hlýða á söguna Börnin í Ólátagötu. Þema dagskrárinnar var vinátta. Umræða var um vináttuna í lokin og fengu nemendur bókamerki með vináttuþema.

Lestraráttak Ævasr vísindamanns hófst 1. jan. og stóð til 1. mars. Mjög góð þátttaka var hjá nemendum enda til mikils að vinna. Aðalvinningar voru sögupersónur í bók sem Ævar gaf út vorið 2017. Áður en kassinn með seðlunum var sendur til Ævars, drógum við úr kassanum þrjá nemendur sem fengu vegleg bókaverðlaun.

Þann 27. okt var nemendum úr 1. bekk boðið í heimsókn á skólasafnið í tilefni bangsadagsins. Allir bangsar safnsins voru settir fram. Fyrst fengu þau smá fræðslu um sögu bangsadagsins. Síðan hlustuðu þau af athygli á söguna „Bangsímón og hunangstréð“ með bangsa í fanginu. Og að lokum fengu þau bangsabókamerki.

Annað lestrarátak „Jólalestur“ hófst um miðjan nóvember. Nemendur úr 1. – 6. bekk fengu lestrarmiða þar sem lesa átti fimm jólabækur. Eftir hverjar fimm bækur fengu nemendur jólalegt viðurkenningarskjál með nafni á völdum jólasveinum. Margir nemendur fengu nokkur viðurkenningarskjöl.



Nemendum úr 1. bekk var boðið á haustönn í heimsókn á bókasafnið og fengu þau kynningu um safnið og reglur þess.

Lestraráttak – Barátta gegn ólæsi er alþjóðlegt Lionsverkefni. Af því tilefni afhenti Lionsklúbburinn Seyla nemendum í 5. bekk bókamerki með ljóði eftir Þórarín Eldjárn.

Í samstarfi við Bókasafn Garðabæjar tekur safnið þátt í Sumarlestri 2017. Nemendur skrá sig og fá lestrardagbækur. Þau skrá þær bækur sem þau lesa í lestrardagbókina og fá límmiða og hlekk til að lengja skrautlegan bókaorm. Eftir hverjar bók sem þau lesa setja þau miða í lukkukassa sem dregið er úr vikulega. Í lok ágúst verður svo uppskeruhátíð með skemmtiatriðum og grillveislu.

Guðrún Gísladóttir kennari á skólabókasafni.

Skýrsla um sérkennslu

Sveinborg L. Hauksdóttir deildarstjóri sérkennslu í 75% starfshlutfalli og 25% sérkennsla (5.b og 10.bekk). Anna Thorlacius 100% sérkennsla (1.–4.bekk), Katrín Anna 50% í sérkennsla (6.bekk), Elín Sigmarsdóttir 100% sérkennsla. Sigríður Helga Aðalsteinsdóttir 100% sérkennsla á unglíngastigi. Una Birna Bjarnadóttir 100% þroskaþjálfari, félagshæfni og þjálfun nemenda á yngsta stigi (var í veikindaleyfi frá haustönn og út skólaárið). Þorgerður Elín Brynjólfssdóttir kom inn í sérkennslu í mars með einstaka nemendum og var í 50% starfshlutfalli fram á vor.

Sérkennsla fór aðallega fram inn í sérkennslustofum en 4 stofur voru nýttar sem slíkar í vetur. Stofa 207 var fjölnota sérkennslustofa þar sem sérkennarar og stuðningsfulltrúar unnu saman að því að mæta þörfum sem flestra nemenda (3.–10.bekk). Þeir nemendur sem viku frá dönsku fengu þjálfun í lestri og íslensku inni í námsveri.

Alls voru átta stuðningsfulltrúar starfandi við skólann í hlutastarfi (60–70%) Katrín Jónína Gunnarsdóttir, Guðbjörn Harðarson, Björgvin Gunnarsson, Kristinn Orri Erlendsson, Sólrún Ragnarsdóttir, Vilborg Gunnarsdóttir, Erla Magnúsdóttir (byrjaði í nóvember), Björgvin Júlíus Ásgeirsson (frá áramótum).

Viðfangsefni sérkennslunnar eru einkum að mæta ólíkum þörfum nemenda með fjölbreyttum kennsluáferðum, námsumhverfi og öðrum úrræðum. Stuðningur, ráðgjöf, greiningar, lestrarpróf, úrvinnsla, Logos skimarir, Logos próf og Orðarún lesskimun. Samstarf við foreldra og kennara og aðra sérfræðinga innan og utan skólans (teymisvinna).

Í lok skólaárs er gert endurmat á námslegri stöðu þeirra nemenda sem hafa fengið kennslu og þjálfun frá sérkennurum, ýmist hópáætlun eða einstaklingsáætlun. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda þeirra nemenda sem fengu þjónustu sérkennslunnar og í hverju sú þjónusta fólst. Í flestum tilvikum er um að ræða sama nemandann sem fær mismunandi þjónustu þ.e. sérkennsla í íslensku og stærðfræði.

Fjöldi nemenda sem fengu sérkennslu

| Bekkur | 1.b. | 2.b. | 3.b. | 4.b. | 5.b. | 6.b. | 7.b. | 8.b. | 9. b. | 10.b. |
|------------|------|------|------|------|------|------|------|------|-------|-------|
| Íslenska | 18 | 12 | 8 | 9 | 7 | 6 | 7 | 5 | 13 | 6 |
| Stærðfræði | x | x | x | 12 | 7 | 5 | 6 | 9 | 10 | 8 |

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

4 stofur voru nýttar í sérkennslu í vetur, tvær til að taka út nemendur í 1.–5. bekk og tvær til að taka út nemendur í 6.–10. bekk. Sérkennarar sáu um sérkennslu í stærðfræði frá 4. til 7. bekk. Á unglíngastigi sáu faggreinakennarar að mestu um sérkennslu í stærðfræði. Nokkrir nemendur á unglíngastigi fengu aðlagð efni í ensku inni í námsveri (stofu 207), einnig voru nokkrir nemendur undanskildir dönsku og nýttu tímana til að auka færni sína í íslensku og stærðfræði inni námsveri.

Fundir, vettvangsferð og námskeið

Samráðsfundir sérkennsluteymis voru á 6–8 vikna fresti. Sérkennarar sátu stigsfundi eftir þörfum með því stigi sem þeir tilheyrdi og áttu óformlega samráðsfundi sín á milli eftir þörfum. Sérkennarar tilheyra mörgum nemendateymum og vinna að ýmsum málum þeim tengdum. Stoðþjónustan fór í námsferð til Brighton og kynnti sér þar leiðsagnarmat með tilliti til sérkennslu, einnig fengu sérkennarar fræðslu frá Ernu og Hildi varðandi leiðsagnarmat. Systa kennsluráðgjafi hélt tvisvar sinnum örnámskeið á ýmsum forritum sem nota má í sérkennslu.

Fundað var með stuðningsfulltrúum tvisvar á hvorri önn auk þess sem deildarstjóri sérkennslu fundaði einslega með hverjum stuðningsfulltrúa yfir skólaárið.

Námsmat

Flestir nemendur fylgja eftir námsmarkmiðum bekkjar, hlutverk sérkennara er að aðlaga námsefni og námsumhverfi að þörfum nemenda með stuðningi frá stuðningsfulltrúum og umsjónarkennurum.

Þeir nemendur sem eru með einstaklingsáætlanir fylgja námsmarkmiðum einstaklingsnámskrár og unnið er námsmat út frá markmiðum hennar. Nemendur sem víkja frá eða eru með stytta og aðlagað námsefni taka einnig próf í aðlöguðu námsumhverfi þ.e. fyrir mæli lesin einfölduð og útskýrð og lengri próftími. Einnig hafa nemendur möguleika á að taka próf munnlega eða í tölvu. Tekið er fram á vitnisburðablaði nemenda ef um aðlagað próf er að ræða með stjörnumerkingu.

Þegar um er að ræða samræmd próf sjá sérkennarar alfarið um smærri hópa nemenda með frávík.

Fyrirkomulag kennslu. Greiningar/skimanir

Þær skimanir og greiningar sem voru notaðar þetta skólaár eru:

- Lesferill, lestrarpróf frá Menntamálastofnun
- Hljóðfærni
- Orðarún
- Logos skimanir í 3. 6. og 9. bekk

Fjöldi greininga sem voru gerðar í vetur

| Greiningar/skimanir | Alls |
|---------------------|-------------------------------|
| Hljóðfærni | |
| Logos skimanir | Allir nemendur 3., 6. og 9.b. |
| Logos | 26 |
| | |

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Í ársskýrslu náms- og starfsráðgjafa Álftanesskóla fyrir skólaárið 2016-2017 koma fram helstu verkefni og áherslur í starfi þeirra við skólann.

Stöðuhlutfall og starf náms- og starfsráðgjafa við Álftanesskóla

Skólaárið 2016-2017 sinntu tveir faglærðir náms- og starfsráðgjafar starfinu. Kristín Helgadóttir var í 100% stöðuhlutfalli og Katrín Anna Eyvindardóttir í 45% stöðuhlutfalli ásamt 55% stöðu í sérkennslu. Báðar hafa starfað til margra ára sem grunnskólakennarar og luku starfsréttindum í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands árið 2009.

Ákveðið var að hausti að náms- og starfsráðgjafi í 100% starfi sinnti nemendum í 6. -10. bekk að megin hluta og náms- og starfsráðgjafi í 45% starfi sinnti 1.- 5. bekk. Það var ekki dregin skýr lína milli skólastiga og nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans frjálst að leita til hvors ráðgjafa fyrir sig, eftir efni og aðstæðum. Þessi ársskýrsla inniheldur upplýsingar um starf beggja ráðgjafa.

Nemendur skólans voru 439 talsins í 1.-10. bekk og nutu um 159 nemendur (36% nemenda skólans) ráðgjafar og stuðnings námsráðgjafa, um lengri eða skemmri tíma í einstaklings- og/eða hópráðgjöf. Einnig sáu námsráðgjafar um námskeið í samskiptum (Samskipti - leiðir til lausna) í 3. og 4. bekk (eingöngu stúlkur) og 8. bekk (aðallega stúlkur), þjálfun í félagsfærni í fjölgreinalotu í 5. bekk allan veturinn og náms- og starfsfræðslu í 7.-10. bekk. Í heildina litið nutu um 319 nemendur þjónustu náms- og starfsráðgjafa skólans.

Samkvæmt 100% starfshlutfalli við skólann var vinnutíminn kl. 8:10-16:45 alla virka daga vikunnar í 37 vikur. Í kaflanum „Yfirlit yfir skráningu viðtala/ráðgjafar og funda skólaárið 2016-2017 hér aftar í skýrslunni sést hvernig vinnutíminn skiptist í einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf, fundi og fræðslu.

Verkefni skólaársins 2016-2017

Í vetur hefur starf náms- og starfsráðgjafa í Álftanesskóla verið margþætt og byggst á nánu samstarfi við nemendur, foreldra, stjórnendur, fagfólk í sérfræðiþjónustu, stoðþjónustu og annað starfsfólk skólans. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er fyrst og fremst að standa vörð um velferð nemenda, vera málsvari þeirra og trúnaðarmaður og aðstoða þá við að leita lausna í sínum málum.

Starfið fólst í ráðgjöf og að styðja, hvetja og fræða nemendur með tilliti til velferðar þeirra en einnig fræðslu og forvörnum þeim til handa. Markmiðið með starfinu var að efla sjálfsskilning nemenda, félagsfærni, vináttu og samkennd á leið þeirra til aukins þroska.

Daglegt starf námsráðgjafa fólst í persónulegri ráðgjöf og stuðningi við nemendur vegna líðan, sjálfsefningar og námsþróunar en fræðsla tengd námstækni, náms- og starfsfræðslu fékk gott rými. Námsráðgjafar sinntu einnig fræðslu í forvörnum á öllum stigum í samstarfi við umsjónarkennara. Ýmist sáu námsráðgjafar sjálfir um fræðsluna eða fengu utanaðkomandi aðila til þess. Sjá nánar í köflunum „Fræðsla, forvarnir og stuðningur í bekkjum og hópum“ og „Yfirlit yfir fræðslu og kynningar fyrir nemendur skólans“.

Nemendur 10. bekkja fengu fræðslu um nám að loknum grunnskóla, möguleika í vali á framhaldsnámi og störfum og um námsleiðir til að öðlast menntun til starfsréttinda. Jafnframt aflaði námsráðgjafi gagna fyrir nemendur og gerði þau aðgengileg fyrir þá. Þar má nefna upplýsingar um kynningar og opin hús hjá framhaldsskólum í Reykjavík og nágrenni. Nánari útskýringar á verkefnum námsráðgjafa á skólaárinu eru settar fram í næstu undirköflum.

Kynning á starfi náms- og starfsráðgjafa

Námsráðgjafar byrjuðu starf sitt að hausti á að kynna sig með tölvupósti fyrir foreldrum barna í skólanum. Eins fóru námsráðgjafar inn í bekk og kynntu sig og sitt starf og hlutverk í skólanum. Námsráðgjafar kynntu sig einnig fyrir nýjum nemendum sem innrituðust að hausti eða um miðjan vetur. Umsjónarkennarar voru sömuleiðis virkir að vísa foreldrum og nemendum til námsráðgjafa.

Einstaklingsráðgjöf

Drjúgur hluti vinnutíma námsráðgjafa fólst í viðtölum við nemendur og persónumiðaðri ráðgjöf. Viðtölin voru af fjölbreyttum toga og markmiðið með þeim var að hvetja nemendur til sjálfsskoðunar, að átta sig á áhuga sínum, styrkleikum og hindrunum í námi og starfi, áhugamálum sínum og að taka ákvarðanir byggðar á gagnrýninni hugsun. Rauði þráðurinn í þessari vinnu var að aðstoða nemendur við að hjálpa sér sjálfum, að bera ábyrgð á sjálfum sér og sínum gerðum. Starf námsráðgjafa var samtvinnuð Uppbyggingarstefnunni, „Uppeldi til ábyrgðar“ (Restitution) sem skólustarf Álftanesskóla byggir á. Þar er áherslan á kennslu sjálfsaga og sjálfsstjórnar nemenda ásamt því að ýta undir sjálfstraust þeirra.

Nemendurnir komu til námsráðgjafa af eigin hvötum eða með hvatningu frá kennurum og/eða foreldrum. Sumir nemendur komu vikulega um nokkurn tíma eða með lengra millibili og aðrir nemendur fengu eftirfylgd í gegnum skólaárið. Ástæður komu nemenda voru af fjölbreyttum toga enda ólíkar þarfir einstaklinga sem lágu að baki. Einnig leituðu nemendur til námsráðgjafa þegar vanlíðan sótti að.

Hópráðgjöf

Undanfarin ár hafa námsráðgjafar verið með hópráðgjöf í nokkrum bekkjum í samstarfi við umsjónarkennara. Hóparnir voru misstórir eftir þörfum. Umræðufundur um samskipti nemenda og leiðir til lausna fengu meiri tíma en undanfarin ár, sér í lagi 3. 4. og 8. bekk. Markmið ráðgjafarinnar var fyrst og fremst að styrkja nemendur sem einstaklinga en jafnframt að vinna saman sem hópur, ræða það sem lá á hjarta, kanna hug nemenda til ýmissa mála svo sem samskipta, eineltis og skilnings á ákveðnum málum. Í tímunum skiptust nemendur á skoðunum, létu álit sitt í ljós og leituðu lausna.

Þróunarverkefni í félagsfærni

Í vetur hafa námsráðgjafi á yngri stigi og stuðningsfulltrúi verið með félagsfærnikennslu í fjölgreinalotu hjá 5. bekk. Þar voru 13 – 15 nemendur í senn 2 klst. á viku, í ca. 8 vikna lotum. Verkefnið er hluti af þróunarverkefni með það fyrir augum að búa til og finna efni í félagsfærniþjálfun nemenda. Markmiðið er að vinna að því að styrkja sjálfsmynd nemenda, efla samskipta- og félagsfærni þeirra, stuðla að heilbrigðum lífsháttum og/eða vinna gegn óæskilegu hegðunarmynstri. Þess má geta að verkefnið hlaut styrk og tóku námsráðgjafi og þroskaþjálfari fyrstu skrefin á vordögum í að hleypa verkefninu af stokkunum.

Samstarf Elítunnar og Álftanesskóla

Í vetur var fram haldið, frá síðast liðnu skólaári, þróunarstarfi félagsmiðstöðvarinnar Elítunnar og Álftanesskóla með það fyrir augum að auka félagslega virkni nemenda í 8. – 10. bekk. Verkefnið „Það geta allir verið góðjöss“ fólst í samveru 12 – 15 nemenda úr hverjum árgangi, strax að skóladegi loknum, einu sinni í viku. Í byrjun var ákveðnum nemendur boðin þátttaka í þróunarverkefninu en hóparnir voru ekki lokaðir og máttu aðrir nemendum bætast í hópinn, ef óskað var. Markmið hópanna var að líða vel saman, átta sig á styrkleikum sínum og efla þá, segja sitt álit á ákveðnum málefnum, þora að standa á skoðunum sínum og standa með sjálfum sér.

Samstarf Álftanesskóla og GERT- verkefnisins

Nemendur í 10. bekk hafa ekki átt þess kost að fara í starfskynningar á starfstíma skólans. Stjórnendur Álftanesskóla ákváðu í janúar að taka formlega þátt í GERT- verkefninu (Grunnmenntun eflað í raunvísindum og tækni) sem er aðgerðaáætlun Samtaka iðnaðarins,

mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni. Hluti af starfinu innan verkefnisins er að kynna nemendum hin ýmsu störf og vinnustaði. Sú reynsla sem nemendur fá við að afla sér upplýsinga um störf og innviði fyrirtækja, er æfing í að skoða starfsáhuga sinn, taka ábyrgð á eigin málum, að standa sjálfir fyrir máli sínu og skipuleggja tíma sinn. Í vetur vannst ekki tími til að koma á „starfamesu“ sem felst í því að foreldrar nemenda kynna sín störf.

Verkefnið Velferð barna í Garðabæ

Álfþanesskóli er þátttakandi í verkefninu „Velferð barna í Garðabæ“ en verkefnið er liður í því að setja fram heildstæða stefnu í málum sem tengjast jafnrétti – kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum meðal skólafólks, íþrótt- og tómstundafélaga í Garðabæ. Á skólaárinu voru haldin tvö námskeið á vegum Velferðar barna í Garðabæ fyrir starfsfólk Álfþanesskóla, Fristundar og Elítunnar. Markmið námskeiðanna var að auka meðvitund starfsfólks um velferð barna og stuðning við nemendur. Starfsfólk fylgir nú ákveðnu verklagi ef vaknar grunur um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuþegðun. Námsráðgjafar eru þátttakendur í verkefninu.

Námslokaviðtöl hjá nemendum 10. bekkja

Námsráðgjafi boðaði nemendur í 10. bekk í námslokaviðtöl á vorönn, á tímabilinu apríl til júní. Þetta voru einstaklingsviðtöl varðandi námslega stöðu nemenda, námið framundan, áhugasvið, eiginleika, styrkleika og ákvörðun um skólavist í framhaldsskóla. Margar fyrirspurnir komu frá nemendum og vangaveltur um næstu skref í námi.

Kostirnir við viðtölin/samtölin voru að nemendur fengu tækifæri til að tjá sig um áhugasvið, styrkleika og hindranir, ógnir og tækifæri og jafnframt að horfa ákveðnar fram á veginn með því að setja sér markmið til árangurs. Viðtölin voru líka hvatning fyrir nemendur til að hugsa á ábyrgan hátt um næstu skref í lífinu svo sem hvert skal halda eftir að grunnskólanámi lýkur. Viðtölin tóku tíma en nemendur töluðu um að þeim fyndist þau gagnleg og góður undirbúningur fyrir ákvörðun um val á skólavist.

Foreldrar nemenda í 10. bekk voru upplýstir með tölvupóstum, jafnt og þétt yfir veturinn, um aðfengna fræðslu, innritunarferli í framhaldsskóla, opin hús og kynningar ásamt upplýsingum um áhugasviðskönnunina Bendil.

Foreldrafræðsla

Á vorönn sá námsráðgjafi á elsta stigi um fræðslu til foreldra stúlkna í 8. bekk varðandi samskipti stúlkna og ræddar voru leiðir til lausna. Í framhaldinu fengu stúlkur 10 umræðufundi með námsráðgjafa.

Námsráðgjafi á elsta stigi hélt einnig upplýsinga- og fræðslufund með foreldrum nemenda í 10. bekk varðandi lok skólagöngu og hvað tekur við.

Foreldraráðgjöf

Námsráðgjafar áttu fundi með foreldrum og oft á tíðum líka með nemendum. Foreldrar óskuðu eftir að fá að koma og ræða um líðan barns síns, félagslega eða námslega stöðu. Í sumum tilfellum óskaði námsráðgjafi eftir samstarfi eða upplýsingum frá foreldrum. Námsráðgjafar höfðu þann háttinn á að fá leyfi frá foreldrum til að ræða persónulega við nemendur ef þeir voru í 1.- 6. bekk. Varðandi nemendur í 7.- 10. bekk óskuðu námsráðgjafar eftir því við nemendur, þegar þeir leituðu til þeirra, að þeir létu foreldra/forráðamenn sína vita af samskiptum við námsráðgjafa, ef ástæða var til.

Samskipti við foreldra í gegnum tölvupóst og síma voru þó nokkur. Kostirnir voru að ferðir fyrir foreldra og fundartími spöruðust en á móti voru samskiptin stundum ópersónulegri. Engu að síður gaf þessi leið aukið svigrúm og valmöguleika.

Samráðs- og teymisfundir

Fundir með stjórnendum, umsjónarkennurum, foreldrum, nemendum og sérfræðingum í stoðþjónustu voru af margvíslegum toga og tengdust líðan, framkomu og námsframvindu

nemenda. Teymisvinna var hluti af starfi námsráðgjafa innan skólans, sem fólst í stuðningi við nemendur og þarfir þeirra. Teymi voru stofnuð um þá nemendur sem sérstaklega þurfti að fylgja eftir og styðja. Samsetning teymis réðst af þörfum hvers nemanda fyrir sig. Sama var að segja um samráðsfundi með kennurum, foreldrum og nemendum. Samtöl við kennara voru nokkuð tíð þar sem þeir höfðu áhyggjur af ákveðnum nemendum og samræðan skapaði oft á tíðum fleiri víddir.

Endurskoðun eineltisáætlunar skólans lauk haustið 2013 og var hún þá unnin í samstarfi við fulltrúa úr eineltisteymum annarra grunnskóla í Garðabæ. Þar með var tilbúin heildstæð eineltisáætlun fyrir alla grunnskóla Garðabæjar. Einn samráðsfundur í eineltisteymi Garðabæjar var haldinn í janúar (í Álftanesskóla). Engin kynning eða upprifjun á eineltisáætlun skólans fór fram á skólaárinu og er það miður. Markmið kynningarinnar er að fræða starfsfólk skólans um einelti, stilla saman strengi þeirra sem koma að starfi með nemendum skólans og bregðast við á viðeigandi hátt, ef þurfa þykir.

Fundir eineltisteymis skólans voru haldnir að jafnaði hvern föstudag þar sem rík þörf var á að fylgja vel eftir þeim málum sem komu inn á borð eineltisteymisins. Hverju máli innan eineltisteymis var fylgt eftir með fundum og síðan eftirfylgdarfundum með foreldrum nemenda sem hlut áttu að máli og kennurum. Fundir í nemendaverndarráði fóru fram annan hvern mánudag. Áfallateymi skólans hélt fundi þegar þörf var á. Í farvatninu er endurskoðun áfallaáætlunar skólans.

Námsráðgjafar tóku þátt í stigs- og fagfundum innan skólans, samráðsfundum náms- og starfsráðgjafa í Garðabæ og fagfundum Félags náms- og starfsráðgjafa ásamt fundum utan skólans sem tengdust nemendum á einn eða annan hátt svo sem fundir varðandi stoðþjónustu, brottfall nemenda úr framhaldsskólum, náms- og starfsfræðslu, eineltismál, Velferð barna í Garðabæ og forvarnaviku Garðabæjar.

Fræðsla, forvarnir og stuðningur í bekkjum og hópum

Nemendum í 2. bekk var boðið á leikritið „Krakkarnir í hverfinu“ sem er brúðuleikhús með þema um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Eftir leikritið vann námsráðgjafi yngra stigs úr upplifunum nemenda í samstarfi við leikara, umsjónarkennara og verkefnastjóra Velferðar barna í Álftanesskóla.

Námsráðgjafi yngra stigs kom einnig að sýningu teiknimyndarinnar „Leyndarmálið“ fyrir nemendur 3. bekkja ásamt umsjónarkennurum og þroskaþjálfara. Efni myndarinnar fjallaði um kynferðislega áreitni og viðbrögð við henni. Í kjölfarið fylgdu umræður við nemendur um efni myndarinnar.

Í skólustefnu KÍ 2014-2018 segir að mikilvægt sé að útbúa heildstæða áætlun þar sem skipulögð vinnubrögð og náms- og starfsfræðsla fléttast inn í lífsleiknikennsluna. Til að koma slíkri áætlun í framkvæmd í skólanum, þurftu námsráðgjafar að hafa fastar stundir eða lotur innan hvers bekkjar þar sem þeir stýrðu tímunum eða leiðbeindi kennurum varðandi skipulögð vinnubrögð og náms- og starfsfræðslu.

Í vetur kom námsráðgjafi á eldra stigi að jafnaði í annan hvern umsjónartíma (hálfsmánaðarlega) með fræðslu í 7. og 8. bekk. Í 7. bekk fór fram fræðsla um mikilvægi góðra samskipta, sjálfsstyrkingu og hópefli ásamt umræðum um mikilvægi góðs námsumhverfis. Einnig fengu nemendurnir fræðslu um prófkvíða og æfingar í minnistækni, lestrartækni og glósutækni. Þetta fyrirkomulag gafst vel og stefnt er að sama fyrirkomulagi næsta skólaár. Nemendur í 9. bekk fengu fræðslu á vorönn um hvað væri framundan í náminu, að ábyrgðin á náminu lægi hjá þeim og mikilvægi þess að nemendur tækju upplýstar ákvarðanir í námi og starfi. Einnig skoðuðu nemendur nýjustu íslensku fræðsluvefina um nám og störf.

Í vetur sá námsráðgjafi eldra stigs um náms- og starfsfræðslu í 10. bekk. Þar bar hæst að kynna nemendum breytingar á námskrám grunn- og framhaldsskóla og nýtt og breytt námsframboð framhaldsskólanna. Nemendurnir fengu einnig fræðslu um próftækni ásamt kennslu í gerð ferilskrár.

Skóla- og námskynningar fyrir nemendur 10. bekkja

Nemendum í 10. bekk stóð til boða að fara á náms- og skólakynningu í Flensborgarskóla og þáðu 28 nemendur boðið. Framhaldsskólar í nágrenni Álfþanesskóla bjóða ekki lengur upp á skólakynningar hér í skólanum en að venju gafst nemendum kostur á að fara á opin hús framhaldsskólanna. Námsráðgjafi tók saman og setti upp yfirlit fyrir 10. bekkinga varðandi dagsetningar á opnum húsum hjá framhaldsskólunum. Jafnframt var foreldrum sent yfirlit í tölvupósti og það birt á heimasíðu skólans. Glærupakkar með upplýsingum um námsframboð, námsbrautir og innritun í framhaldsskóla voru settir inn á heimasíðu skólans, til glöggvunar fyrir áhugasama. Ekki var um skipulagðar ferðir að ræða frá Álfþanesskóla á opnu húsin, heldur þurftu nemendur að sýna frumkvæði og ábyrgð á að fara sjálfir og kynna sér námsframboð skólanna. Í ár var stóra framhaldsskólakynningin haldin í Laugardalshöll, á sama tíma og Íslandsmót iðn- og verkgreina fór fram. Að venju fengu áhugasamir nemendur að fara í heimsókn á Landspítalann, til að kynna sér störf heilbrigðisstétta.

Yfirlit yfir fræðslu og kynningar fyrir nemendur skólans

Ýmis konar fræðsla var í boði. Námsráðgjafar sátu alla jafna fræðsluna.

Fræðsla á yngri stigi:

1. „Krakkarnir í hverfinu“- brúðuleikhús fyrir nemendur 2. bekkjar, 2. desember (Hallveig)
2. „Leyndarmálið“ – teiknimynd fyrir nemendur 3. bekkja, 10. febrúar (verkefnastjóri VBG, námsráðgjafi og umsjónarkennarar árgangsins)

Fræðsla á eldra stigi:

- 1) Fræðsla um umferðarforvarnir Benna Kalla fyrir 10. bekk, 3. nóvember – orsök og afleiðing glæfraaksturs ásamt fræðslu um ADHD og uppbyggingu sjálfsmyndar eftir alvarlegt bifhjólaslys
- 2) Ástráður – fræðsla læknanema fyrir 10. bekk, 17. janúar (4 læknanemar komu)
- 3) VR- fræðsla um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og fjármálalæsi fyrir 10. bekk, 10. febrúar
- 4) „Verum ástfangin af lífinu“ - fyrirlestur fyrir 10. bekk, 23. janúar, um mikilvægi þess að setja sér markmið í lífinu og leita leiða til að ná árangri í námi og starfi (Þorgrímur Þráinsson)
- 5) Forvarnarfræðsla Magga Stef. fyrir 5. bekk og foreldra (Eiga allir að vera eins), 31. janúar, 7. bekk og foreldra 20. mars um einelti (POLANDI OG GERANDI - frá sjónarhorni beggja aðila) og 9. bekk og foreldra; hættu áður en þú byrjar (Magnús Stefánsson ásamt gestum)
- 6) Náms- og skólakynning í Flensborg 20. mars, 28 nemendur þáðu boð um að koma í heimsókn
- 7) Allir nemendur í 10. bekk fengu boð á Íslandsmót Iðn- og verkgreina í Laugardalshöll, 17. mars. Á sama stað var haldin kynning á námsframboði framhaldsskólanna
- 8) Starfskynning ýmissa starfsstétta Landsspítala, 23. mars. 16 nemendur þáðu boð á kynninguna
- 9) Allir nemendur 9. og 10. bekkja fengu fræðslu frá Alnæmissamtökunum (Einar J.) 5. apríl
- 10) Fimm nemendur þáðu boð um að skoða námsframboð Tækniskólans í Reykjavík undir handleiðslu náms- og starfsráðgjafa 6. apríl

Kannanir

Nemendum í 10. bekk bauðst að taka rafrænu áhugasviðskönnunina Bendil 1. Að þessu sinni þurftu nemendur sjálfir að greiða fyrir rafræn lykilorð. 38 nemendur þáðu boðið og fengu í

kjölfar könnunar einstaklingsmiðaða túlkun á niðurstöðum og ráðgjöf sem fór fram í námslokaviðtali. Könnunin er íslensk útfærsla, ætluð nemendum efri bekkja grunnskóla og byggir á hugmyndafræði og kenningu Johns L. Holland um starfsáhuga. Könnunin er gagnlegt hjálpartæki við ákvörðun á vali á námi eftir grunnskóla og til að ræða ýmsa þætti sem snúa að náms- og starfsvali og starfsfræðslu. Áður en nemendurnir tóku rafrænu könnunina var þeim kynntur tilgangur hennar og notagildi. Almennt voru nemendurnir ánægðir með þátttökuna og fannst áhugavert að geta séð starfsáhugasvið sín kortlögð.

Engin tengslakönnun var lögð fyrir þetta skólaárið þar sem engin beiðni kom um slíkt. Markmið tengslakönnunar er að fá mynd af félagatengslum í hópi. Eins og staðan er í dag er engin haldgóð íslensk tengslakönnun í boði.

Eineltismál


Grunur um einelti kom fram á skólaárinu í 5 tilvikum og voru málin strax sett í ákveðinn farveg samkvæmt eineltisáætlun skólans. Einnig var 5 málum frá fyrra skólaári fylgt eftir og þeim síðan lokað. Brýnt var fyrir starfsfólki skólans að vera vakandi yfir velferð nemenda og ef vafi lék á, að þolendur nytu vafans. Í langflestum tilvikum reyndist um samskiptaerfiðleika að ræða fremur en einelti. Ýmist voru það nemendur sjálfir, foreldrar eða starfsfólk skólans sem tilkynntu samskiptavanda, grun um einelti eða einelti. Nemendur, foreldrar og starfsfólk lagði sig fram um að varpa ljósi á aðstæður og leiða málin til betri vegar. Misvel hefur til tekist að hafa áhrif á hegðun, líðan og samskipti milli nemenda en mikilvægast er þó að fá málin upp á yfirborðið og vinna með þau eftir bestu getu í skóla og heima fyrir. Í flestum tilvikum hefur náðst góð samvinna milli heimilis og skóla og leitað leiða til lausna.

Við endurskoðun eineltisáætlunar á þessu skólaári hefur skráningum, eftirfylgd, úrvinnslu og geymslu gagna verið fylgt eftir með skýrum hætti. Virkni í öflun upplýsinga og skráningar á framkomu nemenda í tímum, á göngum, úti í frímínútum og íþróttahúsi hefur gefið heildstæðari mynd af stöðu mála. Náms- og starfsráðgjafar halda utan um skráningar og geymslu gagna.

Samkvæmt eineltisáætlun skólans á að fara yfir áætlunina með öllu starfsfólki skólans í skólabyrjun.

Yfirlit yfir skráningu viðtala og funda skólaárið 2016-2017

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit með sundurgreiningu á fjölda viðtala, funda og fræðslu-/kennslustunda sem námsráðgjafar sinntu samtals á skólaárinu. Nánari útskýringar á myndritinu fylgja í kjölfarið. Þess má geta að í skífuritinu koma ekki fram upplýsingar um fjölda funda, fræðsluerinda eða námskeiða sem námsráðgjafar sóttu á skólaárinu og snerta starfið beint. Fjöldi þeirra var um 35 skipti.



Mynd 1: Fjöldi viðtala (ekki nemenda), funda og fræðslustunda

Nánari útskýringar á mynd 1:

- Einstaklingsráðgjöf varði allt frá 10 mínútum til einnar klukkustundar, eftir þörfum og aðstæðum nemenda hverju sinni. Skífan sýnir fjölda heimsókna til námsráðgjafa.
- Hópráðgjöf var ýmist með 2 – 11 nemendum, allt eftir ástæðum hverju sinni.
- Foreldraráðgjöf var ýmist með þátttöku nemenda og/eða umsjónarkennara, stjórnenda, deildarstjóra eða annarra fagaðila. Samtöl við foreldra símleiðis eru talin með í heildarfjölda.
- Samráðs- og teymisfundir eru skilgreindir sem fundir með kennurum, stjórnendum, eineltisteymi grunnskóla Garðabæjar, náms- og starfsráðgjöfum í Garðabæ, sérfræðingum á BUGL og félags- og fjölskylduráðgjöfum í félags- og heilbrigðisþjónustu í Garðabæ. Fundir svo sem í nemendavernd og stigs- og kennarafundir eru ekki taldir með enda fastir fundir á starfstíma.
- Undir fræðslu í bekkjum flokkast fræðsla af ýmsu tagi svo sem framhaldsskólakynningar, Forvarnarfræðsla Magga Stef., kynfræðsla, áhugakönnunin Bendill I og fræðsla gegn einelti.
- Undir sneiðinni „vinna eineltisteymis“ eru settar þær klukkustundir sem eineltisteymi skólans (Steinunn deildarstjóri, Kristín námsráðgjafi og umsjónarkennari eftir þörfum) vann að eineltismálum, ýmist teymið eitt og sér eða með foreldrum/aðstandendum nemenda.

Skólastarfið var okkur náms- og starfsráðgjöfum mjög gefandi, fjölbreytt, skemmtilegt og umfram allt ánægjulegt. Góð samskipti við nemendur, foreldra, starfsfólk Álftanesskóla og fagaðila utan skólans hafa þar ráðið mestu um. Nú er að ljúka farsælu samstarfi okkar námsráðgjafanna í Álftanesskóla þar Katrín Anna er að hefja starf á nýjum vettvangi. Við þökkum kærlega fyrir gott og gefandi samstarf skólaárið 2016 - 2017.

Katrín Anna Eyvindardóttir, Kristín Helgadóttir. Náms- og starfsráðgjafar Álftanesskóla

Skýrsla íþróttakennara

Þetta skólaár komu eftirfarandi kennarar að íþrótt- og sundkennslu: Björgvin Júníusson, Jóhann Emil Elíasson, Linda Björk Thorlacius, Ragnar Arinbjarnarson og Samúel Ívar Árnason.

Sund

Yngsta stig (1.- 3. bekkur)

Í sundkennslu á yngsta stigi í Álftanesskóla leggja kennarar megináherslu á vatnsaðlögun og leiki. Grunnfærni í helstu sundaðferðum er kennd mikið í gegnum leik og stöðvar til þess að nemendur fái sem jákvæðasta upplifun af sundiðkun. Aðallega er kennt í innisundlaug. Nemendur fá einn 60 mínútna sundtíma í viku allt skólaárið. Íþróttakennarar ásamt starfsfólki Íþróttamiðstöðvar leggja áherslu á að nemendur læri að umgangast sundstað á öruggan hátt ásamt því að tileinka sér hreinlæti.

Námsmat: Í sundi á yngsta stigi gefa kennarar nemendum umsögn sem byggð er á virkni, áhuga og samskiptum. Einnig meta kennarar nemendur útfrá þrepamarkmiðum aðalnámskrár frá árinu 2007.

Miðstig (4.- 6. bekkur)

Í sundkennslu á miðstigi leggja kennarar meiri áherslu á að kenna rétta útfærslu sundaðferða. Kennarar fara ýtarlegar í tækniatriði varðandi sund, taka tímatökur ásamt því að auka þol með því að synda lengri vegalengdir. Aðallega er kennt í útilaug. Á miðstigi fá nemendur einn 60 mínútna sundtíma í viku allt skólaárið. Íþróttakennarar ásamt starfsfólki Íþróttamiðstöðvar leggja áherslu á að nemendur læri að umgangast sundstað á öruggan hátt ásamt því að tileinka sér hreinlæti.



Námsmat: Í sundi á miðstigi gefa kennarar nemendum umsögn sem byggð er á virkni, áhuga og samskiptum. Einnig gefa kennarar nemendum einkunn útfrá þrepamarkmiðum aðalnámskrár frá árinu 2007, mætingu og virkni í tímum.

Elsta stig (7. – 10. bekkur)

Í sundkennslu á elsta stigi leggja kennarar helst áherslu á að nemendur auki færni sína í helstu sundaðferðum. Tímatökur fá aukið vægi í kennslunni auk þess að nemendur synda lengri vegalengdir með það að markmiði að auka þrek og þol. Nánast eingöngu er notast við útilaug í kennslu á elsta stigi. Á elsta stigi er kynjaskipt og fá nemendur einn 60 mínútna sundtíma í viku allt skólaárið. Íþróttakennarar ásamt starfsfólki Íþróttamiðstöðvar leggja áherslu á að nemendur læri að umgangast sundstað á öruggan hátt ásamt því að tileinka sér hreinlæti.



Námsmat: Kennarar gefa nemendum einkunn útfrá þrepamarkmiðum aðalnámskrár, mætingu og virkni í tímum.

Íþróttir

Yngsta stig (1.- 3. bekkur)

Í íþróttakennslu á yngsta stigi í Álftanesskóla leggja kennarar megináherslu á fjölbreytt hreyfinám þar sem stærsti hluti námsins fer fram í gegnum leiki og stöðvaþjálfun. Kennarar taka fyrir æfingar sem reyna bæði á gróf- og fínhreyfingar, auk þess að vinna með samskiptafærni t.d. í gegnum hópleiki. Nemendur eru með einn 60 mínútna íþróttatíma á viku allan veturinn. Útiþróttir eru kenndar í 2. og 3. bekk í byrjun haustannar og lok vorannar en 1. bekkur fer einungis í útiþróttir að vori. Allir íþróttatímar eru 60 mínútur.



Námsmat: Í íþróttum á yngsta stigi gefa kennarar nemendum umsögn sem byggð er á virkni, áhuga og samskiptum.

Miðstig (4.- 6. bekkur)

Í íþróttakennslu á miðstigi í Álftanesskóla leggja kennarar aukið vægi á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og hreysti nemenda. Þá eru hinar ýmsu íþróttagreinar og krefjandi leikir kynntir fyrir nemendum. Allir bekkir á miðstigi fá einn íþróttatíma í viku sem er 60 mínútur.

Námsmat: Í íþróttum á miðstigi gefa kennarar nemendum einkunn og umsögn sem byggð er á færni, ástundun og samskiptum.

Elsta stig (7. – 10. bekkur)

Í íþróttakennslu á elsta stigi í Álftanesskóla markast kennslan í auknum mæli að fræðilegum hluta íþróttaiðkunar og heilsueflingar. Reynt er að kynna sem flestar íþróttagreinar fyrir nemendum með það að leiðarljósi að áhugi þeirra kvikni á heilsueflingu til framtíðar.

Námsmat: Í íþróttum á elsta stigi gefa kennarar nemendum einkunn sem byggð er á færni, ástundun og samskiptum.



Sameiginleg verkefni

-Álftanesskóli tekur þátt í verkefninu „Göngum í skólann“ þar sem allir starfsmenn og nemendur ganga hring um Álftanesið. Einnig er bryddað upp á umræðum um t.d. mengun, orku, náttúruvernd, hjólréiðar og heilbrigði.

-Í tengslum við dagskrá 1. desember þá dönsuðu allir nemendur skólans saman í íþróttasalnum. Sýndu m.a. nemendur í 5. bekk tískufatnað, þar sem nýttur var afgangur úr hinum ýmsu endurvinnanlegu efnum sem finnast bæði heima og í skólunum.

-Starfsfólk skólans léttir lund með því að spila við nemendur 10. bekkjar í handbolta, körfubolta og fótbolta.

-Unglistadagar voru haldnir í apríl og tóku íþróttakennarar virkar þátt í þeim og voru m.a. með eina stöð fyrir nemendur í íþróttasalnum.

-Vorleikar/Íþróttadagur var haldinn 7.júní 2016. Nemendur í 1. – 6. bekk fara þá í gegnum sex stöðvar sem hver tekur 20 mínútur. Nemendur í 7. – 10. bekk fóru í Braveheart og badminton í íþróttasal og fengu svo að taka þátt í útisöðvum og fótbolta.

-Íþróttakennarar í Garðabæ hittust nokkrum sinnum á skólaárinu og unnu saman að verkefni sem styrkt var úr þróunarsjóði grunnskóla Garðabæjar. Hópurinn sótti um frekari styrk fyrir útbreiðslu verkefnisins og fékk úthlutað veglega úr sjóðnum.

-Nemendur voru með Nemendaping Álftanesskóla í apríl og fór það fram í íþróttasalnum.



Húsnæði – aðbúnaður

Aðstæður til sundkennslu eru eins og best verður á kosið. Skólinn hefur til umráða útisundlaug sem er 25m x 12,5m og innilaug sem er 12,5m x 7,5m. Flest áhöld eru til staðar en þó verulega farið að vanta þar í.

Aðstæður til íþróttakennslu eru einnig mjög góðar. Íþróttasalurinn er stór með möguleika á tvískiptingu. Einnig er mögulegt að kenna úti á gervigrasvelli, grasvelli UMFÁ og á körfuboltavelli á skólasvæði. Kominn er tími á að endurnýja ýmis áhöld til íþróttakennslu og mikið vantar af smááhöldum.

Mat á starfi vetrarins

Almennt hefur íþrótt- og sundkennslan gengið vel á yfirstandandi skólaári. Kennarar telja að þeir hafi náð mjög vel að koma til móts við mismunandi áhugasvið og hreyfiþarfir nemenda.

Íþróttakennarar Álftanesskóla telja að best sé að kenna sund allan veturinn (ekki lotur) hjá flestum bekkjum sé því komið við og mikilvægt er að hafa tvo kennara þegar sundhópar fara yfir 15 nemendur.

Mikill áhugi er meðal kennara og nemenda að klára markmið 10.bekkjara í sundi þegar 9.bekk hefur verið lokið. Því væri hægt að þrískipta íþróttakennslunni þannig að nemendur gætu valið sér íþróttir/heilsurækt út frá áhugasviði. Slíkt fyrirkomulag er í skoðun.

Björgvin Júníusson, Linda Björk Thorlacius, Ragnar Arinbjarnarson og Samúel Ívar Árnason

List- og verkgreinar

Textílmennt

Kennsluhættir



Kennsluhættir/Skipulag kennslu/skipting hópa

Nemendur við Álftanesskóla fá fasta textílkennslu frá 1. - 8. bekk. Í ár voru nemendur í 9. og 10. bekk í þemalistum þar sem unnið var út frá víkingatímabilinu. Nemendur fóru í 7 vikna lotur, eina kennslustund á viku sem var í 80 mínútur í senn. Nemendur unnu ýmis verkefni tengt tímabilinu. Í textílmennt var tekinn fyrir fatnaður og fylgihlutir víkinga. Nemendur gátu einnig valið valgrein í textílmennt í 8., 9. og 10. bekk. Nemendur eru í 10 – 14 manna hópum. Kennnt er í lotum og skipta nemendur um námsgrein á 9 vikna fresti sem skiptist á milli smíði, textílmennt, myndmennt og heimilisfræði. Hver hópur fær tvær kennslustundir á viku 60. mínútur í senn.

Helstu markmið

Markmið textílkennslunnar er að nemandinn öðlist hæfni til að vinna sjálfstætt að mismunandi verkefnum sem líta að textílvinnu. Textílnám byggist meðal annars á þekkingu á eðli og vinnslu efna og ríkri hefð nýtingar og endurnýtingar. Í nútímasamfélagi er mikilvægt að koma í veg fyrir mengun og sóun efna með endurnýtingu og leggja áherslu á sjálfbærni í sem víðastri mynd. Til þess að ná slíkum markmiðum þarf fagfólk sem þekkir efni og eiginleika þeirra og býr yfir hæfni sem þarf til að hagnýta þessa eiginleika.

Textílmennt er ríkur þáttur í íslenskri menningu. Íslenskur útsaumur, tóvinna, þrjón og vefnaður er meðal gersema íslenskrar listasögu, arfleifð sem þjóðin þarf að þekkja og meta sem

veganesti til framtíðar. Þetta veganesti er ekki einungis þáttur í sjálfsmynd þjóðarinnar í því felast líka efnisleg verðmæti og tækifæri til atvinnusköpunar. Handverk var áður órjúfanlegur hluti lífsbaráttunnar en er nú vaxandi atvinnugrein og hluti þeirrar ímyndar sem einkennir íslenska menningu. Textílmennt er einnig ríkur þáttur í félagslegum veruleika þjóðarinnar. Með hannyrðum skapar fólk sér persónulegan stíl, setur svip á heimili sitt og nánasta umhverfi, gleður sig og sína nánustu með því að skapa hluti sem hafa persónulegt gildi. Með hannyrðum hefur þjóðin átt og mun eiga möguleika á að búa í haginn með því að búa til og gera við hluti til daglegra nota. Á tímum breytinga á þjóðlífi og efnahagsástands er verkunnátta á sviði hannyrða samfélagsleg auðlynd og trygging ákveðinna lífsgæða fyrir einstaklinginn.



Helstu viðfangsefni

Viðfangsefni skólaársins hafa verið fjölbreytt og skapandi allt frá einföldum útsaum í 1. bekk upp í flóknari viðfangsefni í 10. bekk. Það sem tekið hefur verið fyrir er einföld útsaumspor, einföld sniðagerð, að sauma saman í höndunum tvö efni, klippiverkefni, vefnaður, þurrþæfing, þrjón, undirstaða í hekli, kennd undirstaða í notkun saumavéla, saumavélaverkefni og



efnisfræði. Umhverfismennt og endurnýting hefur einnig verið höfð að leiðaljósi í vetur og höfum við unnið með efni sem skólanum hefur verið gefið og fjallað um mikilvægi þess að skoða uppruna, efnisnotkun og nýtingu þess efnis sem við vinnum með. Sköpunargleðin var einkennandi fyrir starfið í vetur.

Námsgögn

Notuð eru þau verkfæri sem að greininni lúta. Stuðst er við námsbækurnar Á þrjónunum, Hannyrðir í 3. - 6. bekk, Snið og sniðteikningar, bæði fyrir dömur og herra, ásamt ýmsum tímaritum og efni frá kennara ásamt vef námsgagnastofnunnar.

Námsmat

Nemendur meta eigin frammistöðu auk þess að fá svo kallað leiðsagnarmat í list- og verkgreinum við skólann og er það mat sett inn í Mentor.is og fá nemendur matið afhent að vori að loknum öllum greinum.

Mat á starfi vetrarins

Veturinn hefur verið skapandi og skemmtilegur. Í 1. bekk voru nemendur þjálfaðir í að klippa í efni og pappír ásamt því að sauma einfaldan útsaum. 2. bekkur lærði að vefa og fræddust um vefnað í leiðinni ásamt því að búa til dúsk. 3. bekkur vann þurrpæfðar fígúrir að eigin sköpun og fjallað var um efnisfræði íslensku ullarinnar. Eining var unnið með einfalt saumavélaverkefni. Gaman hefur verið að fylgjast með einstaklega miklum þrjóna áhuga nemenda í 4. og 6. bekk. Þrjónuð voru hin ýmsu dýr í 4. bekk og í 6. bekk voru þrjónaðar húfur. Í 5. bekk lærðu nemendur á undirstöðuatriði vélsaums og sumir kynntust hekli. Tveir hópar af þrem saumuðu náttbuxur í 7. bekk og gekk það misvel. Þriðji hópurinn fékk að velja sér verkefni til að reyna að vekja áhuga og vinnusemi þeirra. Í 8. bekk unnu nemendur með hugmyndavinnu þar sem þeir bjuggu til afurð út frá lagi/bíómynd sem þeir völdu. Dæmi um verkefni sem unnin voru eru m.a. púði með mynd á, mynd strajuð á peysu eða bol, þurrpæfing, krosssaumur nýttur í púða eða til skreytingar, ýmis vélsaumsverkefni svo að dæmi eru nefnd.

Mikil vinnusemi og kapp hefur verið í flestum nemendum og er einstaklega gefandi að vinna með nemendum við slíkar aðstæður. Það segir okkur líka hversu mikilvægt það er að við stöndum vörð um kennslu á list- og verkgreinum í grunnskólum landsins.

Það sem betur má fara í textílkennslunni er að bæta úr úrræðum er varðar þá nemendur sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Hópar geta verið frekar stórir sem getur reynst erfitt í sumum viðfangsefnum. Einnig er þörf á skilvirkari úrræðum fyrir nemendur sem eru ekki til friðs og eyðileggja fyrir öðrum. Í fyrra voru keyptar 8 saumavélar og mætti bæta þar við til að ná upp í 12 stykki. Það á eftir að fara í að taka töflu niður og setja minni, auk þess að setja upp skáp til að auka skáapláss í stofnunni.

Ingunn Elísabet Viktorsdóttir og Kristín Fjóla Bergþórsdóttir.

Heimilisfræði

Kennari

Þetta skólaár sá Sesselja Tómasdóttir alfarið um heimilisfræðikennslu.

1. – 4. bekkur fékk kennslu einu sinni í viku en 5. - 8. bekkur tvisvar í viku.

Nemendur í 9. og 10. bekk fengu kennslu í list- og verkgreinum í svokölluðum þemalistum. En þar unnu list- og verkgreinakennarar ásamt faggreinakennurum saman með yfirþemað; Víkingatíminn. Nemendum var skipt upp í hópa þvert á árganga. Hóparnir unnu í lotum. Nemendur í 9.-10. bekk fengu að velja einn valáfanga sem var Brauð og kökur fyrir áramót og Heimshornamat eftir áramót.

1. bekkur

Kennsluhættir/Skipulag kennslu/skipting hópa:

Kennt er í lotum yfir skólaárið og er hver lota u.þ.b. 9 vikur. Nemendur eru í 11 - 12 manna hópum og fær hver hópur eina 60 mínútna kennslustund á viku. Kennslustundirnar voru ýmist verklegar eða bóklegar og var kennslubókin Gott og gaman, heimilisfræði fyrir byrjendur notuð og höfð til hliðsjónar.

Helstu markmið

Markmið heimilisfræðikennslunnar er að nemendur öðlist grunnþekkingu á heimilisstörfum almennt. Meginmarkmið kennslunnar voru að nemendur lærðu grunnþætti í hreinlæti, vinnubrögðum í eldhúsi og samvinnu.

Helstu viðfangsefni

Viðfangsefnin voru fjölbreytt. Verklegar æfingar fólust í að nemendur lærðu að baka eftir einföldum uppskriftum ásamt tiltekt og hreingerningu í eldhúsi. Farið var ítarlega í mikilvægi hreinlætis, hollustu og umhverfismenntar. Bæði voru unnin bókleg og hlutbundin verkefni.

Námsmat

Í lok hvernar lotu gerðu nemendur sjálfsmat um vinnusemi, samvinnu og áhuga. Kennarar fylltu út frammistöðumat fyrir hvern nemanda. Námsmat sent heim með vitnisburði í janúar og júní.



2. bekkur

Kennsluhættir/Skipulag kennslu, skipting hópa

Kennt er í lotum yfir skólaárið og er hver lota u.þ.b.9 vikur. Nemendur eru í 10 - 12 manna hópum og fær hver hópur eina 60 mínútna kennslustund á viku. Kennslustundirnar voru ýmist verklegar eða bóklegar og var kennslubókin Holtt og gott 1 notuð og höfð til hliðsjónar.

Helstu markmið

Markmið heimilisfræðikennslunnar er að nemendur öðlist grunnþekkingu á heimilisstörfum almennt, vinnubrögðum í eldhúsi og átti sig á mikilvægi hreinlætis.

Helstu viðfangsefni

Viðfangsefnin voru fjölbreytt. Verklegar æfingar fólust í því að nemendur lærðu að fara eftir



einföldum uppskriftum og útbúa þannig einfaldar veitingar, ásamt tiltekt og hreingerningu í eldhúsi.

Farið var ítarlega í mikilvægi hreinlætis, hollustu og umhverfismenntar. Bæði voru unnin bókleg og hlutbundin verkefni.

Námsmat

Í lok hverrar lotu mátu nemendur verkefnin, vinnusemi og áhuga sinn á þeim. Kennari fyllti út frammistöðumat fyrir hvern nemanda.



3. bekkur

Kennsluhættir/Skipulag kennslu, skipting hópa

Kennt er í lotum yfir skólaárið og er hver lota u.þ.b.9 vikur. Nemendur eru í 10 - 12 manna hópum og fær hver hópur eina 60 mínútna kennslustundir á viku.

Kennslustundirnar voru ýmist verklegar eða bóklegar og var kennslubókin *Hollt og gott* 2 notuð og höfð til hliðsjónar.

Helstu markmið

Markmið heimilisfræðikennslunnar er að nemendur öðlist grunnþekkingu á heimilisstörfum almennt, vinnubrögðum í eldhúsi og átti sig á mikilvægi hreinlætis.

Helstu viðfangsefni

Viðfangsefnin voru fjölbreytt. Verklegar æfingar fólust í því að nemendur lærðu að fara eftir einföldum uppskriftum, lögð áhersla á mælingar og útbúa þannig einfaldar veitingar, ásamt tiltekt og hreingerningu í eldhúsi.

Farið var ítarlega í mikilvægi hreinlætis, hollustu og umhverfismenntar. Bæði voru unnin bókleg og hlutbundin verkefni.

Námsmat

Í lok hverrar lotu mátu nemendur verkefnin, vinnusemi og áhuga sinn á þeim. Kennari fyllti út frammistöðumat fyrir hvern nemanda.



4. bekkur

Kennsluhættir/Skipulag kennslu, skipting hópa

Kennt er í lotum yfir skólaárið og er hver lota u.þ.b.9 vikur. Nemendur eru í 10 - 12 manna hópum og fær hver hópur eina 60 mínútna kennslustund á viku. Kennslustundirnar voru ýmist verklegar eða bóklegar og var kennslubókin *Hollt og gott* 3 notuð og höfð til hliðsjónar.

Helstu markmið

Markmið heimilisfræðikennslunnar er að nemendur öðlist grunnþekkingu á heimilisstörfum almennt, vinnubrögðum í eldhúsi og átti sig á mikilvægi hreinlætis ásamt mikilvægi þess að borða hollan og góðan mat.

Helstu viðfangsefni

Viðfangsefnin voru fjölbreytt. Verklegar æfingar fólust í því að nemendur lærðu að fara eftir einföldum uppskriftum, lögð áhersla á mælingar og útbúa þannig einfaldar veitingar, ásamt tiltekt og hreingerningu í eldhúsi. Unnin verkefni tengd Heilsuhringnum.

Farið var ítarlega í mikilvægi hreinlætis, hollustu og umhverfismenntar. Bæði voru unnin bókleg og hlutbundin verkefni.

Námsmat

Í lok hverrar lotu mátu nemendur verkefnin, vinnusemi og áhuga sinn á þeim. Kennari fyllti út frammistöðumat fyrir hvern nemanda.



5. bekkur

Kennsluhættir/Skipulag kennslu, skipting hópa

Kennt er í lotum yfir skólaárið og er hver lota u.þ.b.9 vikur. Nemendur eru í 10 - 14 manna hópum og fær hver hópur tvær 75 mínútna kennlustundir á viku. Kennlustundirnar voru ýmist verklegar eða bóklegar og var kennslubókin Gott og gagnlegt 1 notuð og höfð til hliðsjónar.

Helstu markmið

Markmið heimilisfræðikennslunnar er að nemendur öðlist grunnþekkingu á heimilisstörfum almennt, vinnubrögðum í eldhúsi og átti sig á mikilvægi hreinlætis ásamt mikilvægi þess að borða hollan og góðan mat.


Helstu viðfangsefni

Viðfangsefnin voru fjölbreytt. Verklegar æfingar fólust í því að nemendur lærðu að fara eftir einföldum uppskriftum, lögð áhersla á mælingar og útbúa þannig einfaldar veitingar, ásamt tiltekt og hreingerningu í eldhúsi. Unnin verkefni tengd Heilsuhringnum.

Farið var ítarlega í mikilvægi hreinlætis, hollustu og umhverfismenntar. Bæði voru unnin bókleg og hlutbundin verkefni.

Námsmat

Í lok hverrar lotu mátu nemendur verkefnin, vinnusemi og áhuga sinn á þeim. Kennari fyllti út frammistöðumat fyrir hvern nemanda.



6. bekkur

Kennsluhættir/Skipulag kennslu, skipting hópa

Kennt er í lotum yfir skólaárið og er hver lota u.þ.b.9 vikur. Nemendur eru í 10 - 14 manna hópum og fær hver hópur tvær 60 mínútna kennslustundir á viku. Kennslustundirnar voru ýmist verklegar eða bóklegar og var kennslubókin Gott og gagnlegt 2 notuð og höfð til hliðsjónar.

Helstu markmið

Markmið heimilisfræðikennslunnar er að nemendur öðlist grunnþekkingu á heimilisstörfum almennt, vinnubrögðum í eldhúsi og átti sig á mikilvægi hreinlætis ásamt mikilvægi þess að temja sér góðar matarvenjur og borða hollan og góðan mat.

Helstu viðfangsefni

Viðfangsefnin voru fjölbreytt. Verklegar æfingar fólust í því að nemendur lærðu að fara eftir einföldum uppskriftum, lögð áhersla á mælingar og útbúa þannig einfaldar veitingar, ásamt tiltekt og hreingerningu í eldhúsi. Unnin verkefni tengd Heilsuhringnum.

Farið var ítarlega í mikilvægi hreinlætis, hollustu og umhverfismenntar. Bæði voru unnin bókleg og hlutbundin verkefni.

Námsmat

Í lok hvernar lotu mátu nemendur verkefnin, vinnusemi og áhuga sinn á þeim. Kennari fyllti út frammistöðumat fyrir hvern nemanda.

7. bekkur

Kennsluhættir/Skipulag kennslu, skipting hópa:

Kennt er í lotum yfir skólaárið og skipta nemendur um verklega námsgrein á 9 vikna fresti. Nemendur eru í 10-14 manna hópum og fær hver hópur tvær 60 mínútna kennslustundir á viku. Miðað er við að hafa tvær verklegar kennslustundir á móti einni bóklegri. Nemendur vinna einstaklingsverkefni en eru 2-3 saman með hvert eldhús sem þeir sjá í sameiningu um að ganga frá. Kennsluhættir eru fjölbreyttir: Sýnikennsla, þ.e. kennari fræðir nemendur um ákveðin viðfangsefni og sýnir aðferðir eða vinnubrögð (bein miðlun). Verkleg kennsla sem byggist á verklegum viðfangsefnum og þjálfun. Samvinnunám/hópvinna sem er æfing í samskiptum og samvinnu. Kennsluefni Gott og gagnlegt 3 vinnubók.

Helstu markmið

Markmið heimilisfræðikennslunnar er að nemendur öðlist aukna þekkingu á heimilisstörfum almennt. Kynnist heilbrigðum lífsháttum og öðlist skilning á mikilvægi næringar og hollustu og skoði jafnframt eigin neysluvenjur með tilliti til næringargildis og samsetningar. Nemendur læri um hreinlæti og mikilvægi þess við matreiðslu og meðhöndlun matvæla og temji sér sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum. Umhverfismennt og sjálfbærni er einnig mikilvægur hluti kennslunnar með áherslu á endurvinnslu og endurnýtingu.

Helstu viðfangsefni

Viðfangsefni skólaársins voru fjölbreytt. Nemendur hafa lært að baka og elda einfaldan, hollan og góðan mat og aukið þannig færni sína í matargerð. Farið var ítarlega í mikilvægi hreinlætis, hollustu og helstu hlutverk næringarefna. Sérstök áhersla var lögð á að nemendur tileinki sér að lesa fyrirmæli/uppskriftir og viðhafi sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat

Nemendur fá svokallað frammistöðumat í list- og verkgreinum við skólann og er það mat fært inn í Mentor og fá nemendur matið afhent að vori.

8. bekkur

Kennsluhættir/Skipulag kennslu, skipting hópa:

Kennt er í lotum yfir skólaárið og skipta nemendur um verklega námsgrein á 9 vikna fresti. Nemendur eru í 8-12 manna hópum og fær hver hópur tvær 60 mínútna kennslustundir á viku. Miðað er við er að hafa tvær verklegar kennslustundir á móti einni bóklegri. Nemendur vinna einstaklingsverkefni en eru 2-3 saman með hvert eldhús sem þeir sjá í sameiningu um að ganga frá. Kennsluhættir eru fjölbreyttir: Sýnikennsla, þ.e. kennari fræðir nemendur um ákveðin viðfangsefni og sýnir aðferðir eða vinnubrögð (bein miðlun). Verkleg kennsla sem byggist á verklegum viðfangsefnum og þjálfun. Samvinnunám/hópvinnu sem er æfing í samskiptum og samvinnu. Kennsluefni voru vinnubækur ásamt þjálfun í að sækja uppskriftir og annað efni tengt Heimilisfræði á netinu.

Helstu markmið

Markmið heimilisfræðikennslunnar er að nemendur öðlist aukna þekkingu á heimilisstörfum almennt. Kynnist heilbrigðum lífsháttum og öðlist skilning á mikilvægi næringar og hollustu og skoði jafnframt eigin neysluvenjur með tilliti til næringargildis og samsetningar. Nemendur læri um hreinlæti og mikilvægi þess við matreiðslu og meðhöndlun matvæla og temji sér sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum. Umhverfismennt og sjálfbærni er einnig mikilvægur hluti kennslunnar með áherslu á endurvinnslu og endurnýtingu.

Helstu viðfangsefni

Viðfangsefni skólaársins voru fjölbreytt. Nemendur hafa lært að baka og elda einfaldan, hollan og góðan mat og aukið þannig færni sína í matargerð. Farið var ítarlega í mikilvægi hreinlætis, hollustu og helstu hlutverk næringarefna. Sérstök áhersla var lögð á að nemendur tileinki sér að lesa og leyti eftir uppskriftum og aðferðum á netinu og viðhafi sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat

Nemendur fá svokallað frammistöðumat í list- og verkgreinum við skólann og er það mat fært inn í Mentor og fá nemendur matið afhent að vori.

Sameiginleg verkefni

Þemalistir í 9. og 10. bekk var samvinnuverkefni 8 kennara. Í Heimilisfræði fengu þau fræðslu um fæðuval á Víkingartímanum og æfingu í bakstri. Verkefninu lauk með sýningu á afurðum nemenda. Nemendur í 9. og 10. bekk fengu síðan lokaeinkunn í list- og verkgreinum.



Val- Brauð og kökur og Heimshornamat

Kennsluhættir

Kennt er í u.þ.b.17 vikna lotum sem eru um það bil 51 kennslustund 3 x 40 mínútur á viku. Hver lota byggist á sama skipulagi en áherslur geta verið ögn mismunandi eftir hópum og nemendum.



Helstu markmið

Kennsla er bæði bókleg og verkleg og leggur áherslu á að auka þekkingu og leikni nemenda á fjölbreyttum baksturs-og eldunaraðferðum. Lögð áhersla á að nemendur geti búið til og framreitt einfaldar kökur og rétti og tileinkað sér mismunandi strauma og stefnur í bakstri og eldamennsku. Einnig er lögð áhersla á að þeir geti þvegið upp og gengið frá eftir sig. Nemendur eru þjálfaðir í að vinna eftir mismunandi uppskriftum.

Lögð er áhersla á að nemendur læri sjálfstæði í vinnubrögðum, útfæri verkefni á sinn hátt og hafi ánægju af.

Helstu viðfangsefni

Viðfangsefnin voru fjölbreytt. Verklegar æfingar fólust í að nemendur lærðu að elda og baka eftir góðum uppskriftum ásamt tiltekt og hreingerningu í eldhúsi.

Námsmat

Kennarar fylltu út frammistöðumat fyrir hvern nemanda ásamt lokið, ólokið.

Mat á starfi vetrarins

Veturinn hefur einkennst af gleði og vinnusemi. Gaman og gefandi hefur verið að fylgjast með kappsemi og áhuga nemenda á hvers kyns eldamennsku og bakstri. Sú gleði og eftirvænting sem þessum tímum fylgdi staðfestir mikilvægi verkgreina í skólastarfinu. Það sem hefði mátt vera markvissara var skipulag þemalista. Almenn var tímafjöldi sem kennari fékk með hverjum nemanda í lágmarki og hóparnir of stórir til að hægt væri að sinni hverjum nemanda eins og þurfti. Í vetur hefur kennari haldið áfram að leggja áherslu á betri umgengni, frágang verkfæra og mikilvægi þess að hafa allt í röð og reglu.

Úrbóta í heimilisfræðikennslu er helst þörf í stuðningi við þá nemendur sem þurfa meiri leiðsögn og aðstoð og aukin þrif á heimilisfræðistofu ásamt aðstoð við þrif á heimilisfræðistofu vegna kennslu á yngsta stigi.

Sesselja Tómasdóttir kennari í Heimilisfræði

Hönnun og smíði

Kennsluhættir/Skipulag kennslu/skipting hópa

Nemendur í 1. til 8. bekk við Álftanesskóla fengu í vetur fasta kennslu í Hönnun og smíði. Nemendum innan árganga er skipt í 10-15 manna hópa og er þeim kennt í lotum. Hver lota er 9 vikur og skiptast loturnar á milli Hönnun og smíði, Textílmennt, Myndmennt og Heimilisfræði. Hver hópur fær tvær 60 mínútna kennslustundir á viku.

Nemendur í 9. og 10. bekk fengu kennslu í listum í svokölluðum þemalistum.

Listgreinakennarar ásamt faggreinakennurum unnu saman með yfirþemað; víkingatíminn.

Nemendum var skipt upp í hópa þvert á árganga. Hóparnir unnu í lotum.

Hönnun og smíði er kennd sem valgrein í 8. til 10. bekk.

Kennsluhættir sem stuðst er við eru; hugmyndavinna og sköpun, sýnikennsla og verklegar æfingar.

Helstu markmið

Í Hönnun og smíði er að nemandinn;

- þekki og geti beitt helstu smíðaverkfærum á sjálfstæðan hátt
- kunnir fjölbreyttar vinnuaðferðir
- hafi frumkvæði og kunnáttu til að velja verkfæri í samræmi við verkefni
- þekki helstu efni sem unnið er með, eiginleika þeirra, notkunarvið og sýni góða efnisnýtingu
- geti valið viðeigandi yfirborðsefni og sýni ábyrgð í meðferð þeirra
- geti útfært hugmyndir sínar, lýst með rissmyndum og unnið sjálfstætt eftir hefðbundnu hönnunarferli
- geti nýtt sér íslenskan trjávið við hönnun verkefna
- geti metið eigin verk á ábyrgan hátt og þekki hvaða viðmið gilda almennt um góð vinnubrögð
- sýni viðhorfum og skoðunum annarra virðingu



Helstu viðfangsefni

Nemendur í 1. bekk hanna pósthús. Nemendur í 2. bekk hanna púsluspil. Nemendur í 3. bekk hanna myndaramma og jólamynd/páskaskraut. Nemendur í 4. bekk hanna tímaritabox og tálga penna úr ferskum viði. Nemendur í 5. bekk smíða bangsarúm, sem er samvinnuverkefni með textíllotu. Nemendur í 6. bekk hanna bókastoð og nýta sér speglun við hönnunina. Hanna einnig snaga. Nemendur í 7. bekk hanna klukku úr viði og/eða skartgrip úr áli sem fullunninn er með póleringu. Nemendur í 8. bekk hanna gestabók.

Lögð hefur verið mikil áhersla á að nemendur hanni og útfæri verkefni sín á persónulegan hátt en fari eftir leiðbeiningum kennara í notkun verkfæra og meðhöndlun efnis.

Allir nemendur vinna verklýsingu í bækur sem fylgja þeim í listalotum.

Námsmat

Mat kennara á frammistöðu nemenda í tímum og sjálfsmat nemenda.

Sameiginleg verkefni

Þemalistir í 9. og 10. bekk var samvinnuverkefni 8 kennara. Verkefninu lauk með sýningu á afurðum nemenda.

Mat á starfi vetrarins

Í heildina litið gekk mjög vel. Það sem hefði mátt vera markvissara var skipulag þemalista. Tímafjöldi sem kennari fékk með hverjum nemanda var í lágmarki.

Í vetur hefur verið lögð enn meiri áhersla á að nemendur setji sitt persónulega mark á verkefni sín. Kennari hefur markvisst hvatt nemendur til að nota eigið hugmyndaflug við útfærslu og útlit verkefna.

Í vetur hefur kennari haldið áfram að leggja áherslu á betri umgengni, frágang verkefna og mikilvægi þess að hafa allt í röð og reglu.



Nanna Björk Bárðardóttir kennari í Hönnun og smíði

Tónmennt

Kennsluhættir

Björg Ragnheiður Pálsdóttir kenndi 1., 2. og 3. bekk tónmennt

Kennslufjöldi í tónmennt veturinn 2016-2017 var:

1. bekk var kennt 1 x 40 mín. á viku allan veturinn, hálfir bekkir í senn.
2. bekk var kennt 1 x 40 mín. á viku allan veturinn, heilir bekkir í senn.
3. bekk var kennt 1 x 40 mín aðra hvora viku allan veturinn, hálfir bekkir í senn.

Nám og kennsla fór að miklu leyti í gegnum leik, söng, hljóðfæraleik, iPad vinnu, hlustun, hreyfingu og verkefnavinnu.



Helstu markmið – viðfangsefni

Unnið er samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá.

En þar kemur m.a. annars fram að nemendur fái að kynna helstu grunnþáttum tónlistar þ.e.a.s. styrkleika, tónhæð, lengdargildi, hraða og svo framvegis.

- Að nálgast markmið tónmenntakennslunnar á sem fjölbreytilegastan og áhrifaríkastan hátt.
- Að undirbúa skemmtiatriði og samsöng bekkja á samveru og öðrum upptákum.

Námsmat

Markmið vetrar er metið með könnun sem og virkni, leikni og samskipti í tímum. Námsmat er sett í mentor undir frammistöðumat og afhent á vitnisburðarblaði.

Sameiginleg verkefni

Tónmenntakennari vann í samvinnu við bekkjakennara t.d. við að undirbúa samverustundir, jólahelgileik og árshátíðaratriði bekkjanna. Einnig var leitað til tónmenntakennara vegna útfærslu á bekkjasáttmálum og foreldraheimsóknar.

Jólahelgileikur

Þetta árið var helgileikurinn „Lítill Jötuleikur“ sýndur af nemendum í 4. bekk með undirleik af geisladiski. Fimmtíu nemendur sýndu helgileikinn fyrir skólahóp leikskólanna og foreldra og tvær sýningar voru á sama dag og jólaböllin voru. Bekkjakennarar sáu um að nemendur lærðu handritstextann en tónmenntakennari sá um að æfa lög og texta þeirra. Síðan voru sameiginlegar æfingar fram að sýningum.

Mat á starfi vetrarins

Veturinn gekk yfirleitt vel. Börnin voru áhugasöm og skapandi. Það reynir æ meira á samskipti kennara og samstarfsfólks vegna samvinnuverkefna og fjölnota kennslurýma. Vantar tilfinnanlega meira rými í skólann.

Björg Ragnheiður Pálsdóttir tónmenntakennari

Myndmennt



Kennsluhættir


Nemendur við Álfтанesskóla fá fasta myndmenntkennslu frá 1. til og með 8. bekk. Nemendur eru í 10 -15 manna hópum. Kennt er í lotum og skipta nemendur um námsgrein á 9 vikna fresti sem skiptist á milli smíði, textíl, myndmennt og heimilisfræði. Hver hópur fær tvær kennslustundir á viku 60.mín.í senn. Nemendur í 9. og 10. bekk hafa fengið 2 tíma vikulega listkennslu og var þessi áfangi kallaður þema list. Þemað var víkingatímabil. Auk okkur list – og verkgreinakennara (myndlist, textíl, smíði og heimilisfræði) voru umsjónakennarar sömuleiðis með bóklegan hluta, fræðslu um efnið.

Helstu markmið

Í myndmennt öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig á skapandi hátt.

Í því ferli þróa nemendur leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, mótun, klippiaðferð og sköpun úr verðlausum efnum. Að mati kennara er mikilvægt að koma í veg fyrir mengun og sóun efna með endurnýtingu og leggja áherslu á sjálfbærni í sem víðustu mynd.

Nemendur skapa sjónræn verk og vinna þeir útrá eigin rannsóknnum og greiningu og með virkjun ímyndunarafldsins þar sem þeir tengja við fyrri reynslu, menningu og umhverfi. Í umræðum um myndlist skapast svo tækifæri til að þjálfra orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að leyfa nemendum að velja inntak verka eða miðil í myndmennt er hægt að efla frumkvæði þeirra.



Námsgögn

Sérútbúin gögn frá kennara, listabækur og netið.

Helstu viðfangsefni

Viðfangsefni skólaársins hafa verið fjölbreytt og skapandi, ýmist tengt við námsefni/þemað/árstíðir/hátíðir/uppákomur/nær og fjärsamfélag og fleira.

Umhverfismennt og endurnýting hefur verið höfð að leiðaljósi í vetur eins og á fyrri árum enda erum við grænfánaskóli. Við höfum unnið með efni sem skólanum hefur verið gefið og fjallað um mikilvægi þess að skoða uppruna, efnisnotkun og nýtingu þess efnis sem við vinnum með. Sköpunargleðin var einkennandi fyrir starfið í vetur og var það áberandi bæði í efnisnotkun og hugmyndaríkum útfærslum verkefna.



Námsmat

Nemendur meta sjálfir vinnu sína í lok hverrar lotu.

Frammistöðumat í list- og verkgreinum er staðlað form í Mentor.is sem kennarar fylla út rafrænt og fá nemendur matið afhent að vori við kennslulok.

Sameiginleg verkefni

Unglistaleikar: í ár var grænfánavinna skólans tekin sem þema.

Unnið var í öllum kennslustofum á margvíslegan hátt í verkefnagerð sem tengjast markmiðum grænfánans, með mjög litlum kostnaði því að notað var efni sem til fellur í skólanum.

Árleg samvinnuverkefni var grænfána tískusýning úr verðlausum efnum.

Nemendur í 5. bekk ásamt foreldrum tóku þátt í því.



Mat á starfi vetrarins

Að mati kennara hefur veturinn verið skapandi og skemmtilegur. Gaman hefur verið að fylgjast með einstaklega miklum áhuga nemenda í sköpun úr verðlausum efnum og vinnu í ólíkum miðlum í ár. Það segir okkur líka hversu mikilvægt það er að við stöndum vörð um skapandi kennslu í list -og verkgreinum í grunnskólum landsins.

Það sem gæti gert mína kennslu skilvirkari er bætt úrræði fyrir þá nemendur sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Nada Borošak, myndmenntakennari.

Skýrsla Frístundar.

Frístund er tómstundaheimili Álfþanesskóla og er opin fyrir börn í 1. – 4. bekk. Frístund er núna staðsett á tveim stöðum, í Vallarhúsi fyrir 1. – 2. bekk og í Battahúsi/Álftamýri fyrir 3. – 4. bekk.

Frístund var opin frá 24. ágúst 2016 til 7. Júní 2017 til 17:00. Opið var í jóla-, vetrar- og páskaleyfi frá 8:00 – 17:00. Eins er opið á skipulagsdögum allan daginn og opnar fyrr ef um er að ræða skerta daga. Aukaopnun var fyrir börn sem voru að hefja skólagöngu í 1. Bekk frá 15. Ágúst til 22. Ágúst 2016, en þá var opið frá 8:30 – 16:30, þá sex daga sem opnunin stóð.

Húsnæði og útisvæði

Frístund er staðsett á tveimur stöðum á skólasvæði.

Vallarhúsið er staðsett um 700 metra frá aðal skólahúsnæði. Húsið er búið að aðlaga með léttum breytingum til að henti betur sem tómstundaheimili, en búið er að skipta rýminu í minni einingar. Þar höfðu 1. – 2. bekkur sitt heimasvæði og var þar einnig opið fyrir öll börn á löngum opnunardögum. Útisvæðið við Vallarhúsið var vel nýtt í vetur, en þar er mest notaður gervigrasvöllurinn sem er fyrir utan húsið, ásamt almenningsleikvelli og skatepark.

Battahúsið er laus kennslustofa á skólalóðinni, sem hefur heitið Álftamýri, en gengur undir nafninu Battahús, þar sem battavöllur er fyrir aftan það. Þar höfðu í vetur 3. – 4. bekkur sitt heimasvæði. Einnig nýtti þessi hópur sér aðra aðstöðu á skólasvæðinu, s.s. félagsmiðstöðina Elítuna, heimilisfræðistofuna og bókasafnið.

Starfsmannamál

Í vetur ásamt umsjónarmanni, störfuðu ellefu starfsmenn á tómstundarheimilinu, þar af fjórir sem störfuðu hluta úr vetri. Einn starfsdagur var á haustönn. Í allan vetur störfuðu Björgvin G, Díana, Dragi, Hanna Dóra, Jóna Ágústa, Kristinn og Magnús. Hluta úr vetri störfuðu Björgvin Júlíus, Hera, Lína, og Vala.

Skráning barna

Frístund var fjölmenn í vetur, en í heildina voru 120 börn, sem sóttu starf Frístundar. Í vetur komu 94% barna úr 1. – 2. bekk, í 3. bekk voru 66% barna og 4% barna í 4. bekk. Flest börn í einstökum mánuðum voru í nóvember og janúar en þá voru 109 börn skráð í Frístund, stærstu einstöku dagar voru 105 börn. Á haustönnuninni í ágúst voru 39 börn skráð.

Upplýsingar til foreldra

Í vetur héldum við áfram með Facebook – hóp fyrir foreldra. Ákveðið var að stofna nýjan, en í honum voru einungis foreldrar barna sem voru í Frístund í vetur, ásamt starfsmönnum Frístundar. Við gerum svo ráð fyrir því að stofna nýjan hóp á hverju hausti. En þetta er lokaður hópur sem foreldrar þurfa að sækja um aðgang að. Hópurinn var notaður til að miðla upplýsingum og myndum til foreldra á sem áhrifaríkastan hátt.

Innra starf

Innra starf Frístundar byggir á vali barnanna og er valtaflan í miðrými í Vallarhúsi. Á hverjum degi er sett upp val fyrir börnin, en alltaf ef veður leyfir þá er boðið upp á útiveru og er hún mjög vel nýtt. Þau valatriði sem hafa verið vinsælust í vetur eru útifótbolti, perlur, lego, spil og að teikna. Einnig var boðið upp á því að fara í íþróttahúsið reglulega og var eldri hópurinn sérstaklega duglegur að nýta sér íþróttahúsið. Dagskrá fyrir börn í þriðja og fjórða bekk var aukin í vetur. Einu sinni í viku áttu þau fastan tíma í félagsmiðstöðinni og er það unnið í samstarfi við félagsmiðstöðina Elítuna.

Við héldum áfram í vetur að nýta okkur tækni barnalýðræðis. Við héldum barnafundi með hóp barna í jóla, vetrar- og páskaleyfum, með því að ákveða hvað átti að vera í hádegismatinn og hvað þau vildu gera hluta af þessum dögum. Þá komu öll börn fram með sýnar tillögur og svo

voru greidd atkvæði um það hvað vakti mestan áhuga. Eftir það unnu starfsmenn úr tillögunum og matseðill eða dagskrá var ákveðin. Vakti þetta mikla lukku hjá hópnum. Eins höfum við verið að vinna með þetta með elsta hópinn okkar og munum við halda áfram að þróa okkur áfram á þessu sviði.

Mikill tími fer í það að senda börn í tómsundur og gangandi heim. Það krefst gríðarlegs skipulags af hendi starfsmanna og þegar mest var verið að fylgja og sækja börn í fimm tómsundur sama daginn. Í viðbót eru svo send börn gangandi heim á hálf tíma fresti og í frístundabíl. Við erum að senda 85 – 99 börn frá okkur, sum fara oft en einu sinni sama daginn á meðan önnur eru hjá okkur allan daginn (þessar tölur eru teknar úr skráningu um miðjan nóvember, en þá er búið að telja frá börn sem eru veik eða í leyfi þá daga). Þessar miklu ferðir barna taka mikinn tíma frá innra starfinu og er það verkefni sem við erum alltaf að reyna að vinna áfram með.

Framtíðarsýn

Húsnæði Frístundar hentar vel fyrir starfsemi hennar í dag, en huga þarf að því að húsnæðið er orðið alltof lítið miðað við þann barnafjölda sem nú sækir Frístund. Skoða þarf útisvæðið bæði með því að búa til skjól á svæðinu og einnig með því að koma upp meira leiksvæði. Áframhaldandi vinna hefur farið fram í vetur varðandi húsnæðisþörf Frístundar. En gert er ráð fyrir því að Frístund muni flytja inni aðal húsnæði Álftanesskóla þegar byggt verður við skólann. Byrjað er að teikna upp þær þarfir og er það von mín að hönnunarvinnu verði lokið á þessu ári.

Við í Frístund erum alltaf að reyna að bæta þjónustu okkar við börn og foreldra. Á hverju ári fáum við ólíka hópa inn með ólík áhugamál og reynum við því eftir bestu getu að hlusta á hvað þau langar. Þannig erum við alltaf að reyna að bæta það sem við erum að gera. Við erum alltaf opin fyrir því að breyta til og prófa eitthvað nýtt og við höfum verið óhrædd við að prófa okkur áfram. Eldri hópurinn er alltaf að aukast og því þarf alltaf að vera að skoða dagskrá fyrir þau, en gaman var að eftir að við prófuðum að setja inn nýja klúbba fjölgaði börnum í 3. bekk á miðjum vetri.

Klúbbastarf var að mestu leyti í Battahúsi, við hefðum þó viljað getað boðið upp á fleiri klúbba, en af ýmsum ástæðum þurftum við of oft að fella niður klúbba. Hugmyndir að klúbbunum sækjum við mikið til barnanna. Uppbygging klúbba hjá okkur var þannig háttáð að krakkarnir fengu að skrá sig í hvert skipti og voru því ekki alltaf í því sama. Þó hélst fastur kjarni í flestum klúbbum á meðan þeir voru. En mikilvægt er fyrir okkur að geta þjálfað starfsfólkið okkar í skipulögðu hópastarfi.

Framtíðarsýn Frístundar er mjög björt, starfið hefur aukist mjög síðustu ár, börnunum fjölgað og starfsfólk er alltaf vakandi fyrir því að finna nýja möguleika í starfinu. Við höfum verið mjög heppin með að það eru ekki miklar starfsmannabreytingar almennt hjá okkur og hefur okkur haldist mjög vel á starfsfólki í gengum árin. Með góðri vinnu allra aðila verður það vonandi svoleiðis áfram.

Jóhanna Aradóttir, Umsjónarmaður Frístundar

Aðrar námsgreinar – mið- og elsta stig

Upplýsingamennt

5. bekkur: Kennnt var í lotum þar sem árganginum var skipt upp í þrjá hópa og var hver hópur í tvær kennslustundir á viku. Hver lota varði í 9–10 vikur í senn. Nemendur unnu verkefni fyrir Office-vöndulinn, verkefnin voru fyrir forritin Word, Excel og PowerPoint einnig var notast við forrit tengt Windows stýrikerfinu t.d. Paint. Stuðst var við verkefni frá Námsgagnastofnun, Upplýsingatækni 5.–7. bekkur.

6. bekkur: Kennnt var í lotum þar sem árganginum var skipt upp í þrjá hópa og var hver hópur í tvær kennslustundir á viku. Hver lota varði í 9–10 vikur í senn. Nemendur unnu verkefni fyrir Office-vöndulinn ásamt vinnu í Lego Dakta. Verkefnin í Office voru fyrir forritin Word, Excel og PowerPoint einnig var notast við forrit tengt Windows stýrikerfinu t.d. Paint og Windows MovieMaker. Stuðst var við verkefni frá Námsgagnastofnun, Upplýsingatækni 5.–7. bekkur. Hluta af lotunni var nemendum skipt í tvo hópa þar sem annar hópurinn var í tölvum á meðan hinn hópurinn vann verkefni tengt Lego Dakta.

7. bekkur: Kennnt var í lotum þar sem árganginum var skipt upp í þrjá hópa og var hver hópur í tvær kennslustundir á viku. Hver lota varði í 9–10 vikur í senn. Nemendur unnu verkefni fyrir Office-vöndulinn, verkefnin voru fyrir forritin Word, Excel og PowerPoint einnig var notast við forrit tengt Windows stýrikerfinu t.d. Paint. Stuðst var við verkefni frá Námsgagnastofnun, Upplýsingatækni 5.–7. bekkur. Farið var yfir grunnatriði í gerð stuttmyndar og nemendur unnu saman í hópum að lítilli stuttmynd þar sem myndin var unnin í Windows MovieMaker og nemendur áttu að leita sér leiðbeininga á vef.

Ingibjörg Jónsdóttir

Útikennsla og hreyfing

Markmið og kennsluhættir

Kennt var í fjölgreinalotu í 6.-7. bekk. Nemendur og kennari hittust við íþróttahúsið og þar var skipulag og verkefni tímans rætt. Ávallt var gert ráð fyrir því að allir væru klæddir eftir veðri og tókst það í flestum tilvikum en annars voru allir fljótir að læra það á eigin skinni.

Markmið vetrarins var að nemandi gæti tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að veða og meta ólíka kosti. Að hann gæti tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa. Eins var lagt upp úr því að nemendur gerðu grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama. Nemandi átti að geta lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum/viðfangsefni í sínu náttúrulegu umhverfi.

Rætt var um virðingu og góða framkomu hvort sem leikur myndi vinnast eða tapast og jafnframt viðhöfð jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda. Eins var rætt skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, og fara eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt eða leikjum.

Helstu viðfangsefni

Farið var í 60 mínútna vettvangsferðir um nágrenni skólans og aðstæður skoðaðar. Ýmist voru leikir eða verkefni (þrautir) unnin á leiðinni eða á staðnum. Til dæmis var farið í Gesthúsafjöruna, Kasthúsafjörn, gönguferð út á golfvöll og út á Bessastaðanes. Reynt var að kynna og halda á lofti öllum gömlu góðu leikjunum eins og skeljastríð, fallin spýta, víkingaspilið og kíló.

Ragnar Arinbjarnarson kennari í hreyfingu og útivist:

Sköpun

5. bekkur

Kennsluhættir

Kennslu var þannig háttað að nemendum var skipt í þrjá 15-16 manna hópa og fékk hver hópur kennslu í lotum sem stóðu yfir í u.þ.b. 11 vikur.

Kennt var einu sinni í viku í 60 mínútur í senn. Unnið var að gerð lítilla mosaikverka þar sem hver nemandi fékk að velja sér viðfangsefni og hannaði sitt eigið verk. Lögð var áhersla á að finna hluti heima fyrir sem ekki hefðu lengur hlutverk og gefa þeim nýtt líf með mosaikvinnunni. Dæmi um verkefni voru m.a. allskonar diskar, vasar, skálar, steinar, plattar og annað sem fékk endurnýjun lífdaga. Í upphafi lotunnar fengu nemendur kynningu á mosaikvinnu, skoðuðu ýmis mosaikverk á netinu og fengu verk spænska listamannsins Gaudi sérstaka umfjöllun.

Helstu markmið

Að nemendur njóti þess að vinna og skapa eftir sínu eigin höfði. Víkki sjóndeildarhring sinn í listum, kynnist mosaiklistinni og læri að hægt er að gefa gömlum hlutum nýtt líf með smá vinnu, hugmyndaauðgi og útsjónasemi.

Helstu viðfangsefni

Nemendur unnu hver og einn að sínu litla mosaikverki, -sjá lýsingu í fyrsta kafla.

Námsmat

Nemendur unnu sjálfsmat og fengu frammistöðumat frá kennara.

Kristín Fjóra Bergþórsdóttir, kennari

Skýrsla grænfánavinnu

Á tímabilinu 2015-2017 voru áhugasamir kennarar Nada Borošak og Katrín Halldórsdóttir fagstjórar grænfánans. Fulltrúar stjórnenda, húsvörður, skólaliði -fyrirliði og ritari hafa verið með okkur í ákvarðanatöku eftir þörf. Auk þess eru u.þ.b. 70 nemendur virkir þátttakendur „grænfánalöggueftirlits“.

Teymislið er með 1 fastan tíma vikulega og er hann notaður vel í samstarfsfundi, samskipti við samkennara og starfsmenn varðandi grænfánastarfið.

Upplýsingamiðlun og fræðsla: við höfum flutt grænfánaerindi á sameiginlegum kennara-og starfsmannafundum eftir þörfum. Nefndin tekur grunnákvæðanir varðandi markvissa verkefnagerð, verkefnaskipti, kemur með hugmyndir fyrir útfærslu á mögulegum verkefnum, skil á verkefnum, fundir, miðlar öllum upplýsingum til samkennara, nemenda og foreldra.

Fagstjórar grænfánans sjá um umsóknafæri fyrir næstu tímabil.

Helstu ákvarðanirnar sem nefndin hefur tekið voru þau að klára grænfánasiðugerð sem fyrst, og að nýta árlega tískusýningu betur í samstarfi við heimilin og samfélagið. Ákveðið er að skipuleggja eftir mánuðum markmiðsverkefni sem allur skólinn vinnur í. Auk þess eru eldri verkefni betrumbætt s.s. grænfánalöggueftirlit, samgöngu og flokkunarkannanir, viðhorfskannanir bæði innanhúss og meðal foreldra/forráðamanna.

Umhverfissáttmálinn okkar er og hefur verið óbreyttur:

„ Stöndum vörð um hreina jörð“